

Tafla V11.2 Efnisatriði úr athugasemdum og viðbrögð framkvæmdaraðila.

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
88	Ferðamennska og útivist	Gunnþóra Ólafsdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Hjalti Jóhannesson	Frummatsskýrsla umhverfismats á Svartárvirkjun í Bárðardal geri ekki nægjanlega grein fyrir áhrifum Svartárvirkjunar á ferðabjónustu, ferðamennsku og útivist í Bárðardal og byggir ekki í einu og öllu á rannsóknarniðurstöðum Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála (RMF) sem ritendur eru höfundar að.	<p>RMF var beðið um að gera rannsókn á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á ferðamennsku og útivist á fyrirhuguðu virkjanasvæði Svartár og skila skýrslu með niðurstöðum sínum. Fyrir lá að við vinnslu frummatsskýrslu yrði stuðst við niðurstöður skýrslunnar og hún myndi fylgja með í viðauka. RMF var ekki að skrifa kafla í frummatsskýrslu. Lokaskýrsla RMF var 80 bls. og aldrei hefði verið hægt að hafa einn 80 bls. kafla. Helstu efnisatriði og niðurstöður úr skýrslu RMF voru tekin upp og skrifað um í kafla í frummatsskýrslu um áhrif á ferðamennsku og útivist. Hafa verður í huga að verið er að stytta 80 bls. sérfræðiskýrslu niður í 10 bls. kafla í frummatsskýrslu. Því er ekki hægt að taka allt nákvæmlega upp úr sérfræðiskýrslunni en höfundar frummatsskýrslu telja sig vera trúa niðurstöðum RMF og að niðurstöður þeirra komi fram í aðalatriðum í frummatsskýrslunni. Sérfræðiskýrslan fylgir með í viðauka og er víða vísað til hennar í kaflanum svo hægt sé að kynna sér rannsóknina og niðurstöðurnar frekar ef þörf krefur.</p> <p>Höfundar ferðamálaúttektar hafa í tvígang fengið kaflann um ferðamál til yfirlestrar og í bæði skiptin skilað löngum og ítarlegum athugasemdum. Höfundar frummatsskýrslu hafa að langmestu leyti tekið tillit til allra þeirra athugasemda og breytt kaflanum til samræmis. Í einhverjum tilfellum var valið hófstílltara orðalag og valið að stytta textann og halda eftir aðalatriðum. Margar af athugasemdum RMF við kaflann í frummatsskýrslunni snúa að því að ekki er verið að taka orðrétt upp eftir þeim. Þá er ýmislegt sem kemur fram í athugasemdum nú túlkun sem jafnvel kemur ekki fram í upphaflegu sérfræðiskýrslunni og þ.a.l. er ekki minnst á það í kaflanum.</p> <p>Fjallað er um niðurstöður sérfræðiúttektar um áhrif á ferðamennsku og útivist í kafla 5.4.12 frummatsskýrslu. Í þeim kafla er ekki fjallað um lífríki árinna, vistkerfi, landslag, ásýnd eða landnotkun. Um slíkt er fjallað í sérstökum köflum. Umfjöllun um lífríki árinna, bæði fuglalíf og vatnalíf, byggir á sérfræðirannsóknum frá m.a. Náttúrustofu Norðausturlands og Veiðimálastofnun (nú hluti af Hafrannsóknarstofnun), en ekki fullyrðingum veiðimanna á svæðinu.</p> <p>Meðal þess sem nefnt er í athugasemdum en höfundar frummatsskýrslu telja að komi fram í skýrslunni er: að Svartá sjálf sé ferðamannastaður á svæðinu, að hún sé vinsæl veiðiá og þangað sæki veiðimenn, gönguferðamenn og útivistarfolk, að þeir ferðamenn sem eru á ferð um svæðið séu að sækja í náttúruna, að aðdráttarafl svæðisins sé náttúran og að hægt sé að upplifa náttúruna ósnortna í Bárðardal. Einnig að þeir sem skoða Aldeyjafoss og ferðamenn á Sprengisandsleið ferðist framhjá fyrirhuguðu virkjanasvæði og munu sjá mannvirki hennar í landslaginu.</p>	5.4.12

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
89	Ferðamennska og útivist	Gunnþóra Ólafsdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Hjalti Jóhannesson	1. Láðst hafi að minnast á að hluti þátttakenda í rannsókn RMF starfrækja ferðaþjónustu á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.	Texti hefur verið lagaður í kafla 5.4.12.	5.4.12
90	Ferðamennska og útivist	Gunnþóra Ólafsdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Hjalti Jóhannesson	2. Fjöldi athugasemda við kafla um grunnástand, m.a. að gera þurfi frekar grein fyrir sérkennum Svartár og vistkerfinu sem henni tengist, sérkennum umhverfisins þar og yfirbragði Bárðardals sem lágstemmdu og gamaldags landbúnaðarsamfélagi. Einnig að það vanti í umfjöllun um algengustu ferðaleiðina um dalinn að fossunum fjórum og ferðaleiðum um virkjanasvæðið.	Þessi athugasemd er sérkennileg í ljósi þess að kaflinn um grunnástand er unninn upp úr köflum 4.2 og 4.3 í skýrslu RMF. Um vistkerfi Svartár er fjallað í sérstökum köflum. Umfjöllun um lífríki árinna, bæði fuglalíf og vatnalíf, byggir á sérfræðirannsóknum frá m.a. Náttúrustofu Norðausturlands og Veiðimálastofnun (nú Hafrannsóknarstofnun), en ekki fullyrðingum veiðimanna á svæðinu. Skerpt hefur verið á orðalagi þannig að það komi fram að ferðaleiðir um dalinn séu m.a. til að skoða fossana fjóra í dalnum. Skýrt kemur fram í kaflanum að mannvirki muni sjást frá vegi og þ.a.l. bera fyrir augu fjölda ferðamanna. Bætt hefur verið inn klausu um ferðaleiðir á virkjanasvæðinu og um einkenni svæðisins, en nánari lýsing á því kemur fram í kafla um aðráttarafi svæðisins.	5.4.12.1
91	Ferðamennska og útivist	Gunnþóra Ólafsdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Hjalti Jóhannesson	3. Vísað í að færri ferðamenn heimsæki Þingeyjarsýslur en Rangárvallasýslu og í því sjái heimamenn ákveðin tækifæri en ekki útskýrt hvaða tækifæri þetta eru. Tækifærið er aukin eftirspurn eftir að komast á náttúruleg svæði þar sem eru færri ferðamenn en Bárðardalur uppfylli þau skilyrði og ferðaþjónustuaðilar nýti hann fyrir aðgengilega óbyggðastemmingu á veturna.	Ábending tekin til greina og texti hefur verið lagfærður.	5.4.12.1
92	Ferðamennska og útivist	Gunnþóra Ólafsdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Hjalti Jóhannesson	4. Ekki rétt að Aldeyjarfoss sé sá ferðamannastaður sem er næstur virkjanasvæðinu í Svartá. Hægt er að segja að Aldeyjarfoss sé vinsælasti ferðamannastaðurinn næst fyrirhuguðu virkjanasvæði í Bárðardal. Ferðamannastaðurinn sem er næst virkjanasvæðinu er Svartá sjálf og næsta nágrenni hennar.	Ábending tekin til greina og texti hefur verið lagfærður.	5.4.12.1

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
93	Ferðamennska og útivist	Gunnþóra Ólafsdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Hjalti Jóhannesson	5. Dregið úr þeirri staðreynd að Svartá veiðiá sem er einstök, að í ánni sé villtur urriðastofn með óvenju stóra fiska, fuglalíf með fuglategundir á valista og vistkerfi sem á enga hliðstæðu á Íslandi og þótt víðar væri leitað. Og veiðimenn sækist eftir að upplifa og dvelja í hinu ósnortna umhverfi árinna.	Fram kemur í texta að Svartá sé eftirsótt veiðiá og að veiðimenn séu að sækjast eftir að dvelja í náttúrunni. Umfjöllun um vistkerfi Svartár er að finna í viðeigandi köflum skýrslunnar. Í kafla um ferðamennsku og útivist er ekki fjallað um lífríki árinna, vistkerfi, landslag, ásynd eða landnotkun. Umfjöllun um lífríki árinna, bæði fuglalíf og vatnalíf, byggir á sérfræðirannsóknum frá m.a. Náttúrustofu Norðausturlands og Veiðimálastofnun (nú Hafrannsóknarstofnun), en ekki fullyrðingum veiðimanna á svæðinu. T.d. kemur ekki fram í skrifum sérfræðinga Veiðimálastofnunar að um sé að ræða sérstakan urriðastofn í ánni.	5.4.12.1
94	Ferðamennska og útivist	Gunnþóra Ólafsdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Hjalti Jóhannesson	6. Of lítið gert úr áhrifum með því að segja að þær leiðir sem ferðamenn fara um séu yfirleitt í nokkurri fjarlægð frá fyrirhugðum mannvirkjum Svartárvirkjunar. Þeir sem fara að skoða Aldeyjarfoss eða eru á Sprengisandsleið ferðast framhjá fyrirhugðu virkjanasvæði í Svartá og munu hafa mannvirki hennar í landslaginu á meðan ferðalaginu stendur. Sérstaklega dregið fram að sum af mannvirkjunum munu sjást frá Aldeyjarfossi.	Verið er að vísa til þeirra áfangastaða í Bárðardal sem fjallað var um í textanum á undan, í undirkafla "Aðdráttarafl svæðisins". Sá áfangastaður af þeim sem fjallað er um og næst er fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er Aldeyjarfoss sem er rúmlega 7 km fjarlægð. Og síðan er tekið fram að helsti áfangastaðurinn á virkjanasvæðinu sé Svartá sjálf. Rétt er að ferðamenn munu hafa mannvirki virkjunarinnar í landslaginu á meðan þeir ferðast framhjá og kemur það fram í niðurstöðum kafla um áhrif á ferðamenn. Flestir ferðamanna stoppa við Aldeyjarfoss en þaðan er hins vegar ekki sjónlína að mannvirkjum virkjunar og er staðhæfingin því röng. Almenn er miðað við að sýnileiki mannvirkja sé hverfandi þegar fjarlægðin er meiri en 5 km. Aldeyjarfoss er í rúmlega 7 km fjarlægð frá stöðvarhúsi og féll því utan svæðis með 5 km radíus á þeim sýnileikakortum sem sýnd eru í frummatsskýrslu. Fjallað er sérstaklega um það í niðurstöðukafla 5.4.12.5 að tilkoma mannvirkja og sýnileiki þeirra muni hafa áhrif á ferðamenn á svæðinu.	5.4.12.1
95	Ferðamennska og útivist	Gunnþóra Ólafsdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Hjalti Jóhannesson	7. Réttara væri að segja að aðdráttaraflið er vellíðan sem ferðamenn tengja við dvöl í ósnortinni náttúrunni. Sterkt komi fram í rannsókn RMF að sérstaða Bárðardals sé að þar sé hægt að upplifa náttúruna ósnortna.	Athugsemi er vísað á bug. Þetta kemur skýrt fram í kafla 5.4.12.1. Fyrsta setning í kaflanum "Aðdráttarafl samkvæmt viðtölum við ferðamenn og ferðaþjónustuaðila" segir "Niðurstöður viðtala við ferðamenn sýna að aðdráttarafl Bárðardals tengist góðri líðan sem menn tengja við dvöl í ósnortinni náttúru".	5.4.12.1
96	Ferðamennska og útivist	Gunnþóra Ólafsdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Hjalti Jóhannesson	8. Í ágúst 2017 lögðu höfundar til breytingar á texta í kaflanum "Framtíðarsýn og væntingar ferðaþjónustunnar til svæðisins " í frummatsskýrslu og setja inn tilvitnun í allan textann.	Breytingar á textanum voru teknar upp í frummatsskýrslu en ekki í heild sinni þar sem stytta þurfti textann. Öll efnisatriði sem óskað var eftir að yrði breytt eru í textanum en einungis í færri orðum.	5.4.12.1

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
97	Ferðamennska og útivist	Gunnþóra Ólafsdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Hjalti Jóhannesson	9. Varðandi viðhorf ferðapjónustuaðila til fyrirhugaðrar virkjunar þá vantar að gera grein fyrir að viðhorfið endurspeglar samhengið sem þeir mátu framkvæmdina út frá. T.d. að að jákvætt viðhorf þeirra sem sjá fram á efnahagslegan ávinning af virkjuninni byggðist jafnframt á þeirri trú að virkjunin muni ekki skerða efnahagslega möguleika í (veiði)ferðapjónustunni.	Athugasemd tekin til greina og setningu bætt inn í kaflann " <i>Viðhorf ferðapjónustuaðila til fyrirhugaðrar virkjunar</i> " til að skýra þetta nánar.	5.4.12.1
98	Ferðamennska og útivist	Gunnþóra Ólafsdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Hjalti Jóhannesson	10. Ekki minnst á að jákvæð afstaða ferðapjónustuaðila til Svartárvirkjunar byggðist einnig á þeirri skoðun að hún hafi lítil áhrif á náttúruna miðað við aðra virkjunarkosti sem hafa verið til skoðunar í Skjálfandafljóti. Með því að samþykka Svartá myndi það koma í veg fyrir að verðmætu landi yrði sökkt. Það er hins vegar ekki rétt. Landi verður sökkt ofan fyrirhugaðrar stíflu.	Þetta kemur fram í kaflanum " <i>Viðhorf ferðapjónustuaðila til fyrirhugaðrar virkjunar</i> ". Hins vegar er ekki rétt að landi verði sökkt fyrir ofan fyrirhugaða stíflu Svartárvirkjunar. Inntakslón mun myndast fyrir ofan stíflu, en lónið verður að langmestu leyti í farvegi árinna. Bakkar árinna beggja vegna við stífluna eru háir og lónið verður mest um 3 m á dýpt. Vesturendi stíflu mun ná inn í Bárðardalshraun, þá verður gerður fiskivegur utan í vestari bakka árinna og inntakspró inn í eystri bakka hennar. Um er að ræða litla skerðingu lands, einkum bakka árinna rétt ofan við stífluna, eða um 0,05 ha lands líkt og fram kemur í atriði 111. Mannvirki inntaksstíflu og það land sem fer undir vatnsborð inntakslóns má sjá á mynd 4.3. í matsskýrslu.	5.4.12.1
99	Ferðamennska og útivist	Gunnþóra Ólafsdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Hjalti Jóhannesson	11. Neikvætt viðhorf ferðapjónustuaðila til virkjunarinnar tengist því að svæðið missi óafturkræfa eiginleika og detti út sem áfangastaður fyrir ósnortna náttúru. Hér vantar að gera grein fyrir því að þetta viðhorf byggist á áralangri þekkingu þessara aðila á markaðinum sem þeir þjóna og eigin reynsla af neikvæðum viðbrögðum ferðamanna við virkjanamannvirkjum í náttúru Íslands. Fyrir vikið sjá þeir fram á að þurfa að færa sig á annað svæði ef af virkjuninni verður.	Þetta atriði sem RMF þykir vanta kemur ekki fram í þeirra lokaskýrslu og var því ekki skrifað inn í kaflann í frummatsskýrslu. Í kafla um ferðamennsku og útivist í frummatsskýrslu kemur fram þeir ferðapjónustuaðilar sem setja náttúrutengda ferðamennsku í fyrsta sæti telja að svæðið missi eiginleika sína og þeir þurfi jafnvel að leita annað. Atriði varðandi að þetta byggi á áralangri reynslu er ekki talin bæta neinu við niðurstöðu matsskýrslu.	5.4.12.3

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
100	Ferðamennska og útivist	Gunnþóra Ólafsdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Hjalti Jóhannesson	12. Þar sem gert er grein fyrir niðurstöðum sem fram komu í rannsókn í tengslum við 3.áfangi rammaáætlunar á viðhorfum ferðapjónustuaðila sem starfa í Bárðardal eða skipuleggja ferðir þangað, til virkjana í Skjálfandafljóti, er ekki útskýrt af hverju mikill meirihluti svarenda er á móti virkjunum í Skjálfandafljóti eða af hverju þeir telja að ímyndin muni skaðast. Að svæðið sé fáfarin "perla" og að fólk þrái að koma á svæði þar sem er ekkert manngert. Einnig að þeir sem voru jákvæðir gagnvart virkjunum í Skjálfanda voru rútuþyrirtæki og gististaðir sem starfa utan Bárðardals og skynjuðu aukin efnahagsleg tækifæri fyrir þeirra eigin starfsemi í að bæta aðgengi að Aldeyjarfossi.	Í málsgreininni í kafla 5.4.12.1 þar sem gert er grein fyrir þessum niðurstöðum kemur bæði fram að "óspillt náttúra, kyrrð og ró og víðerni með engum mannvirkjum eru mikilvægur hluti af aðdráttarafli svæðisins og að "mikill meirihluti svarenda er á móti virkjunum í Skjálfandafljóti þar sem slík mannvirki myndu eyðileggja viðskiptin við það að eyðileggja fossana og möguleikann á upplifun ósnortinnar náttúru." Efnislega koma þessi atriði fram sem RMF er að benda á og ekki talið að bæta þurfi neinu við. Varðandi seinni athugasemdina stendur í fyrrenfdri málsgrein "Annar hópur, einkum hóperðaraðilar og aðilar í gistirekstri á NA-landi, er þó hliðhollur virkjunum í Skjálfanda og taldi að þær myndu ekki hafa áhrif á þeirra starfssemi eða sáu aukin tækifæri með komu þeirra m.a.í vegabótum og þar með auðveldara aðgengi fyrir rútur og ferðamenn, að ferðamenn myndu áfram koma þrátt fyrir virkjanir". Er það metið svo að þessi atriði standi í matsskýrslu.	5.4.12.1
101	Ferðamennska og útivist	Gunnþóra Ólafsdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Hjalti Jóhannesson	13. Tekið er fram að jákvæð afstaða ferðamanna/útivistarfólks til fyrirhugaðrar virkjunar byggist á að þeir sjá hana sem jákvæða efnahagslega innspýtingu – en ekki er tekið fram að þessir sömu aðilar töldu það mikilvægara en að vernda landslagið fyrir ferðamenn/útivistarfólk.	Þetta atriði kemur ekki fram í skýrslu RMF.	5.4.12.1
102	Ferðamennska og útivist	Gunnþóra Ólafsdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Hjalti Jóhannesson	14. Tekið er fram að neikvæð áhrif ferðamanna/útivistarfólks til virkjunarinnar tengist þeirri trú að Svartárvirkjun muni valda miklum náttúruspjöllum – en láðst hefur að minnast á að í þessu sambandi höfðu menn áhyggjur af landslaginu, Svartá, hinum villta urriðastofni, vistkerfinu í heild og stemningunni og líðaninni sem þessi ósnortna heild skapar.	Í umfjöllun í kafla um " <i>Viðhorf ferðamanna og útivistarfólks</i> " kemur fram að að neikvæð afstaða tengist þeirri trú að Svartárvirkjun muni valda náttúruspjöllum og að það sé verið að eyðileggja áfangastað, m.a. vegna þess að framkvæmdin spilli ósnortnu landi, náttúrulefi í ánni og upplifuninni sem sóst er eftir.	5.4.12.1

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
103	Ferðamennska og útivist	Gunnþóra Ólafsdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Hjalti Jóhannesson	15. Þar sem gerð er grein fyrir niðurstöðum rannsóknar meðal ferðamanna við Aldeyjarfoss vegna 3. áfanga rammaáætlunar kemur fram að ferðamenn samþykkja eingöngu smágerð og frumstæð mannvirki í landslaginu og að mannvirki sem tilheyra orkuvinnslu séu meðal þeirra sem þeim þykir óæskilegust í náttúrulegu umhverfi. RMF benti frummatsskýrsluhöfundum á að einungis 2,7% svarenda samþykktu virkjanir á þessu svæði en það skilaði sér ekki í frummatsskýrsluna. Í þessu sambandi kom heldur ekki fram sú ábending að þessar niðurstöður eru í fullu samræmi við niðurstöður rannsókna á aðráttarfli Íslands sem ferðamannalands og rannsókna á upplifun ferðamanna á Íslandi.	Fram kemur í kafla 5.4.12.1 um ferðamennsku og útivist þar sem gerð er grein fyrir niðurstöðum rannsóknar meðal ferðamanna við Aldeyjarfoss vegna 3. áfanga rammaáætlunar að mannvirki sem tilheyra orkuvinnslu séu þau sem ferðamönnum þykja óæskilegust. Ekki var talin þörf á að skýra það með frekari smáatriðum. Þá fylgir skýrsla RMF með í viðauka þar sem hægt er að kynna sér málið frekar. Varðandi síðasta lið athugasemdarinnar þá var áður brugðist við athugasemd frá RMF eftir yfirllestur á drögum að kafla um ferðamennsku og útivist, umfjöllunin gerð ítarlegri og m.a. bætt inn setningunni "Þessar niðurstöður eru í fullu samræmi við þær þolmarkarannsóknir sem unnar hafa verið á Íslandi." að tillögu þeirra. Aldrei áður hafa þau minnst á þessar niðurstöður séu í samræmi við "niðurstöður rannsókna á aðráttarfli Íslands sem ferðamannalands og rannsókna á upplifun ferðamanna á Íslandi".	5.4.12.1
104	Ferðamennska og útivist	Gunnþóra Ólafsdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Hjalti Jóhannesson	16. Það er ekki rétt að segja að það sé í megin atriðum samhljómur á milli niðurstaðna okkar og fyrri rannsókna á viðhorfum ferðamanna og ferðaþjónustuaðila á virkjanakostum í Skjálfanda þar sem afstaðan var mjög afgerandi gegn virkjunum – og segja síðan í næstu setningu að afstaðan hafi verið blandin. Réttara er að segja að afstaðan sem kom fram í rannsókn okkar byggir á því hvaða hagsmuni viðmælendur vildu verja. Í stórum dráttum má segja að þeir sem eru hlynnir virkjuninni telja mikilvægara að verja þá hagsmuni sem af raforkuvinnslunni hljóttast en að verja hagsmuni núverandi ferðaþjónustu. Þeir sem eru neikvæðir gagnvart virkjuninni setja hins vegar hagsmuni núverandi ferðaþjónustu og ferðamennsku í Bárðardal í fyrsta sæti.	Þessar niðurstöður eru teknar upp úr skýrslu RMF en þar stendur á bls. 59 "Í stórum dráttum má segja að viðhorf til Svartárvirkjunar séu nokkuð blendin og byggist afstaðan þá gjarnan á því hvaða hagsmuni viðmælendur setja í fyrsta sæti." Viðhorf ferðaþjónustuaðila og hagsmunir sem þeir setja í forgang koma fram nokkrum málsgreinum neðar í kaflanum í frummatsskýrslu.	5.4.12.3

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
105	Ferðamennska og útivist	Gunnþóra Ólafsdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Hjalti Jóhannesson	17. Vantar í umræðuna um hvernig gildi svæðisins við og neðan inntaksmannvirkis muni rýrna – en fjallað er um að hún muni rýrna verulega fyrir náttúruferðamennsku einkum fyrir veiðimenn en einnig fyrir göngu- og hestaferðamenn. Ekki komi fram að veiðiferðamenn upplifi fyrirhugaða breytingu sem óásættanlega eyðileggingu og telja sig ekkert hafa þangað að gera ef af virkjun verður.	Þessi atriði koma fram í kafla 5.4.12.3 Umhverfisáhrif.	5.4.12.3
106	Ferðamennska og útivist	Gunnþóra Ólafsdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Hjalti Jóhannesson	18. Ekki sé gerð fullnægjandi grein fyrir þeim neikvæðu áhrifum sem Svartárvirkjun getur haft á ferða- og útivistarfólk og ferðaþjónustuaðila. Niðurstaða RMF var sú að ferðamennskan sem er stunduð í Bárðardal sé náttúrutengd ferðamennska og að gildi Bárðardals fyrir náttúruferðamennsku almennt muni rýrna ef af virkjanaframkvæmdunum verður þrátt fyrir að ekki sé endilega verið að nýta þann hluta árinna sem verður fyrir mestum áhrifum. Ný mannvirki sem tengjast orkuöflun munu hafa áhrif á náttúrulegt umhverfi sem og mannvistarlandslagið.	Fram kemur í niðurstöðum kafla 5.4.12, í samræmi við niðurstöður sérfræðiskýrslunnar, að áhrif virkjunarinnar muni verða talsvert neikvæð á náttúrutengda ferðaþjónustu og munu takmarka framtíðarmöguleika svæðisins til að þróa náttúrutengda ferðaþjónustu áfram, sem er megininntak þeirra athugsemda sem höfundar sérfræðiskýrslu setja fram. Í frummatsskýrslu voru einnig metin áhrif á aðra hópa ferðamanna og ferðaþjónustuaðila, en þær niðurstöður koma einnig fram í niðurstöðum sérfræðiskýrslunnar.	5.4.12
107	Almennt	Landvernd	Milli stíflu og stöðvarhúss verður um 3 km vatnslítill, virkjaður farvegur Svartár, en framkvæmdaraðilar hyggjast til mótvægis tryggja 3-4 m <sup>3</sup> /sek rennsli í þeim farvegi og telja það ásættanlega aðgerð til að viðhalda botndýralífi árinna sem fuglar og fiskar treysta á. Áhrif þessara framkvæmda eru þó “metin nokkuð neikvæð og afturkræf <sup>1</sup> á virkjuðum kafla hennar en óveruleg annars staðar” Verkis 2017, samantekt, bls. i).	Hér er gefið í skyn að verið sé að taka beint upp úr texta samantektar í frummatsskýrslu en það er ekki gert með réttum hætti. Vísað er til áhrifa á fugla og vatnalíf en tekin er upp hluti setningar um áhrif á vatnafar sem er á bls. ii í samantekt.	5.4.2
108	Aðferðafræði	Landvernd	Hugtakið „afturkræf“ er oft notað sem viðhengi við matseinkunnir um mannvirki sem ætlað er að standa í áratugi, en fræðilega er hægt að fjarlægja án mikilla ummerkja. Landvernd veltir fyrir sér hvort	Samkvæmt leiðbeiningum Skipulagsstofnunar sem unnið er eftir, segir hugtakið að það sé raunhæft eða unnt að gera ráð fyrir að hægt sé að færa til fyrra horfs, en það á ekki við um öll áhrif. Hversu oft virkjun hefur verið afmáð hér á landi er efni í aðra umræðu óháð því máli sem hér er fjallað um.	5.1

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
			Þetta sé í reynd blekkjandi orðalag. Hversu oft hefur virkjun verið rifin og afmáð af yfirborði hér á landi?		
109	Skipulag/Vernd	Landvernd	Tillaga verkefnisstjórnar 3. áfanga rammaáætlunar, þar sem lagt var til að allar virkjunarhugmyndir í Skjálfandafljóti færu í verndarflokk, bíði umfjöllunar Alþingis. Umræddir virkjunarkostir í Skjálfandafljóti hafi verið fyrir (og séu enn) í biðflokki 2. áfanga rammaáætlunar. "Landvernd telur þegar af þessari ástæðu ljóst að ekki er unnt að heimila virkjun á vatnasviði Skjálfandafljóts."	Leggja hefði þurft fram þingsályktunartillögu að nýju á nýju þingi. Skilgreint verndarsvæði í skýrslu verkefnisstjórnar 3. áfanga rammaáætlunar nær ekki til alls vatnasviðs Skjálfandafljóts, heldur er um að ræða skilgreiningu sem byggir á þeim virkjunarkostum sem þar voru lagðir fram, sumir til samanburðar. Eingöngu var fjallað um Fljótshnúksvirkjun og Hrafnabjargavirkjun A í 2. áfanga rammaáætlunar, þingsályktun 13/141, og þeir kostir voru settir í biðflokk eins og fram kemur í athugasemd. Engin verndun er í gildi á þessu svæði og á því þessi staðhæfing ekki við. Ekkert liggur fyrir um hvort, hvernig og þá hvaða svæði verði friðlýst innan vatnasviðs Skjálfandafljóts.	3.4
110	Vernd	Landvernd	Ráðherra geti skv. 55. gr. náttúruverndarlaga "friðlýs[t] heil vatnakerfi, þar á meðal lindasvæði og lítt snortin og ómiðluð vatnasvið".	Láðst hefur að vísa til seinni hluta 1. málsgreinar 55. gr. laganna sem segir: "Áskilið er að viðkomandi svæði hafi ekki verið flokkað í nýtingarflokk eða biðflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar." Miðað við núverandi stöðu eru virkjunarkostir í Skjálfandaflokki í biðflokki og þá er ekki hægt að friðlýsa Suðurána af þessum orsökum. Sá sem undir þessar athugasemdir Landverndar ritar er núverandi umhverfisráðherra og verður því að öllum líkindum vanhæfur til að fjalla um þetta mál í framhaldinu.	5.4.14
111	Jarðminjar/Vernd	Landvernd	Framkvæmdir vegna Svartárvirkjunar eru að mestu leyti á eldri berggrunni en stöðvarhúsið mun þó raska hluta af Bárðardalshrauni sem í dag er óröskuð heild.	Athygli kekur að Landvernd, eins og Náttúrufræðistofnun, vísi til þess að stöðvarhúsið raski Bárðardalshrauninu á meðan skýrt kemur fram í gögnum málsins að það er annar endi stíflunnar sem gengur inn í hraunið. Um er er að ræða skerðingu á hrauninu á litlu svæði eða um 0,05 ha. Í báðum tilfellum er einnig vísað til þess samhliða að hraunið sé óröskuð heild á meðan Umhverfisstofnun segir það raskað og verndargildi þess því skert.	5.4.1, 5.4.14
112	Jarðminjar	Landvernd	Eldri nútímahraunin, Útbrunahraun og Kinnarhraun liggja undir Bárðardalshrauni innan framkvæmdasvæðis.	Eins og fram kemur í viðbrögðum við atriði nr. 111 er framkvæmdasvæðið að mjög litlu leyti í Bárðardalshrauni eða sem nemur um 0,05 ha lands. Eldhraun sem ekki liggja á yfirborði njóta almennt séð ekki sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum.	5.4.1
113	Vernd	Landvernd	Miðað við uppgefið meðalrennslis í frummatsskýrslu sé Svartá í 7. sæti yfir vatnsmestu lindár Íslands, vísað er til töflu 3.3 í Hvítbók um náttúruvernd (Aagot Óskarsdóttir, 2011).	Tafla 3.3 í Hvítbók um náttúruvernd (2011) á við 10 mestu lindasvæði á Íslandi. Lindir þær sem Svartá í Bárðardal og Suðurá eiga upptök sín í eru ekki nefndar á meðal þessara 10 stærstu lindasvæða landsins. Í Hvítbók er vísað til Svartár við Vaðöldu, sem er innan Skútustaðahrepps.	5.4.14
114	Vatnafar	Landvernd	Vísað er til meðalrennslis og virkjaðs rennslis í samanburði við fyrirhugað lágmarksrennslis og sagt að það gangi ekki	Vísað er til viðbragða við atriðum nr. 10, 28 og 41.	5.4.2



Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
			upp. Spurt er hvort viðurlög séu við því að svíkja fögur fyrirheit í frummatsskýrslu.		
115	Annað	Landvernd	Vísað er til skrifa Ólafs K. Nielsen um Köldukvíslarvirkjun á Tjörnesi	Vísað er til viðbragða við atriði nr. 41.	
116	Vatnafar	Landvernd	Vísað er til að engar mæliniðurstöður liggi fyrir um rennsli í Grjótá og viðbúið sé að rennsli hennar skerðist yfir vetrartímann.	Vísað er til viðbragða við atriði nr. 29.	5.4.2
117	Vatnafar	Landvernd	Hætta af krapa- og ísmyndun aukist verulega þegar vatnsrennsli verði skert og að botnlífi stafi hætta af ís sem veitt verður niður í farveginn	Vísað er til viðbragða við atriðum nr. 22 og 30.	5.4.2
118	Fuglar, vatnalíf	Landvernd	Náttúrufræðistofnun Íslands hafi bent á fjölmörg atriði varðandi líffræði og hegðun lykiltegunda við Svartá, þ.e. húsandar, straumandar og urriða, séu enn illa þekkt og ósvarað í frummatsskýrslu. Vísað er til búsvæðaskerðingar sem nemi uppstöðulóni og hinum virkjaða farvegi og hvaða áhrif virkjunin hefur á ferðir hins sérstaka urriðastofns árinna, o.fl.	Vísað er til viðbragða við atriðum nr. 33-35 og 38-39 varðandi húsönd, straumönd og urriða. Bent er á að ekki er um uppistöðulón að ræða þar sem fyrirhuguð virkjun er rennslisvirkjun og vatnsborð eingöngu hækkað lítillega ofan stíflu til að varna því að loft komist inn í aðrennslispípuna. Hafrannsóknarstofnun (áður Veiðimálastofnun) hefur ekki fjallað um sérstæði urriðastofnsins í Svartá í sínum skrifum og ekki er vitnað í heimildir varðandi þetta atriði.	5.4.5, 5.4.6
119	Ferðamennska og útivist	Landvernd	Vitnað er í skýrslu Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála um samfélagsleg áhrif virkjunarinnar, einkum áhrif á ferðaþjónustu og útivist. Lagt er út af að umbætur í vegamálum sem kallað hafi verið eftir af heimamönnum og aukinn ferðamannastraumur sem afleiðing af því er meðal þess sem ferðaþjónustuaðilar á svæðinu vænta sem hliðaráhrifa af virkjuninni. "Ekki er hins að sjá að þetta sé fast í hendi sem áhrif af framkvæmdinni þar sem vegabætur í Bárðardal eru ekki hluti af framkvæmdinni. Ef horft er beinlínis á hagsmuni ferðaþjónustunnar og ferðamanna virðist sem fyrst og fremst sé um tap að ræða vegna tilkomu virkjunarinnar."	Rannsóknarmiðstöð ferðamála var fengin til að fjalla um ferðamennsku og útivist í tengslum við fyrirhugaða virkjun. Vangaveltur RMF um hvort vegabætur séu fastar í hendi eiga ekki við þar sem hvergi hefur komið fram að virkjuninni muni fylgja vegabætur eða verða til bóta fyrir ferðamennsku sérstaklega enda er það ekki markmiðið með þessari orkuvinnslu. Með sama hætti væri hægt að reikna allar framkvæmdir til taps gagnvart öðru sem mögulega væri hægt að gera á sama svæði.	5.4.12

Nr.	Flokkur	Aðili	Attriði	Viðbrögð	Kafli
120	Markmið	Verndarfélag Svartár og Suðurár	Frummatsskýrsla Verkís "... er byggð á hálf sannleik, rangfærslum, mótsögnum og blekkingum til þess að geta komist að þeirri niðurstöðu að áhrif framkvæmdanna séu ekki með öllu neikvæð fyrir aðra en eigendurna sjálfa."	Svona skrif dæma sig sjálf. Annars staðar kemur fram í skrifum Verndarfélagsins (bls. 33): "...gott dæmi um hvernig þessi skýrsla notar hálf sannleik til að ljúga að lesendum." Einnig "móðgun við lesendur og jafn auvirðileg blekking ...". Þessi stíll Verndarfélagsins gerir það að verkum að athugasemdirnar þykja ekki svara verðar í heild sinni. Efnislega koma flestar athugasemda Verndarfélagsins fram í athugasemdum annarra, sem svarað hefur verið, sjá t.d. viðbrögð við athugasemdum Þórodds F. Þóroddssonar í liðum 122-166.	
121	Almennt	Verndarfélag Svartár og Suðurár	Með greinargerð Verndarfélagsins eru 6 fylgiskjöl. Það eru greinargerðir frá Árna Einarssyni, Ólafi K. Nielsen, Viðari Hreinssyni, Börre Skodvin, teikningar arkitektastúdenta sem eru nemendur Börre Skodvin og að lokum athugasemdir Bjarnveigar Eiríksdóttur lögmanns. Greinargerðir Árna Einarssonar, Ólafs K. Nielsen og Viðars Hreinssonar eru styttri útgáfur af athugasemdum sem höfundarnir hafa sjálfir sent inn. Athugasemdir Bjarnveigar Eiríksdóttur varða kvörtun sem Verndarfélagið hefur sent til eftirlitsstofnunar EFTA vegna reglna um ríkisaðstoð og samning sem ríkið gerði um nýtingu vatnsréttinda sem tilheyra ríkisjörðinni Stóru-Tungu. Greinargerð Börre Skodvin prófessors í arkitektúr í Osló tengist skrifum Viðars Hreinssonar um ferðaþjónustu í Svartáarkoti. Börre Skodvin telur að orkunýting í Svartá muni koma niður á mögulegum framtíðarhagnaði sem ferðamennska geti gefið af sér. Verkefni nemenda hans, sem eru birt í fylgiskjali 5, sýni að hægt sé að koma fyrir meira en 100 gistirýmum á svæðinu sem myndi vera veruleg viðbót við hagkerfi svæðisins.	Efnisatriði úr greinargerðum og athugasemdum Árna Einarssonar forstöðumanns Ramý, Ólafs K. Nielsen og Viðars Hreinssonar og viðbrögð við þeim koma fram hér neðar, sjá viðbrögð við 213-221, 222-229 og 192-195. Kvörtun Verndarfélagsins til ESA verður ekki gerð að umfjöllunarefni og varðar ekki mat á umhverfisáhrifum. Verkefni arkitektanemenda Börre Skodvin eru góðra gjalda verð en ekki blasir við að bygging gistirýma með umferð fjölda manna um svæðið feli í sér meiri náttúruvernd en orkuvinnsla með rennslisvirkjun. Bent er á að samkvæmt rannsókn sem unnin var í tengslum við 3. áfanga rammaáætlunar (Anna Dóra Sæþórsdóttir o.fl., 2016, mynd 15) kom í ljós að ferðamenn vilja heldur síður sjá hótél/gistihús en vatnsaflsvirkjun á svæðinu við Aldeyjarfoss í Skjálfafljóti. Fyrirhuguð virkjun í Svartá þarf ekki að útiloka aðra nýtingu í nágrenninu, svo sem umrædda akademíska ferðamennsku við Svartáarkot.	
122	Almennt	Þóroddur F. Þóroddsson	Gerð er athugasemd við að á forsíðu frummatsskýrslu og í auglýsingu Skipulagsstofnunar kemur ekki fram hvar umrædd virkjun er fyrirhuguð, það er í Svartá í Bárðardal í Þingeyjarsveit.	Athugasemdin á rétt á sér en ekki er talið gott að breyta titli málsins á þessu stigi.	

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
123	Framkvæmdir, mótvægisáðgerðir	Póroddur F. Póroddsson	Oft notað orðalagið <i>gert er ráð fyrir og fyrirhugað er</i> þegar rætt um framkvæmdaþætti. Í kafla um mótvægisáðgerðir víða notað orðalagið <i>hægt er að gera og hugsanlegt er</i> .	Eins og fram kemur í kafla 4.2, sem er yfirlitskafla í lýsingu á framkvæmdum er gert ráð fyrir að fyrirkomulag virkjunar haldist í öllum meginatriðum óbreytt frá þeirri stöðu hönnunar sem kaflinn lýsir. Einhverjar útfærslur geta breyst við frekari hönnun en markmiðið hlýtur alltaf að vera að leita betri lausna, bæði hvað varðar hagkvæmni og áhrif á umhverfið. Leyfisveitendur fá það hlutverk að fylgjast með því að framkvæmdir séu í samræmi við gefnar forsendur. Í kafla 7.2 um mótvægisáðgerðir er annars vegar sagt að hugsanlega þurfi að grípa til lagfæringa á farvegi til að hjálpa til við far fiska en í skrifum Hafrannsóknarstofnunar um málið kom fram óvissa um hvort þörf yrði á slíkum áðgerðum og hins vegar þarf einnig að koma í ljós hvort grípa þurfi til áðgerða í farvegi til að tryggja rennsli báðum megin við hólmann neðan Svartárgils. Það er eitthvað sem hægt er að leysa með tilfærslu á t.d. grjóti en verður ekki farið í nema þörf sé á.	4, 7.2
124	Almennt	Póroddur F. Póroddsson	Í inngang vantar yfirlit yfir aðrar virkjanir fyrirtækisins og staðfestingu á því hvernig fyrirtækið hefur staðið við skilyrði í framkvæmda/rekstrarleyfum.	SSB Orka er félag sem stofnað er utan um byggingu og rekstur fyrirhugaðrar Svartárvirkjunar og frummatsskýrslan fjallar um þá framkvæmd. Í frummatsskýrslunni er lýst fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum sem gera má ráð fyrir að verði settar sem skilyrði við leyfisveitingar og gerðar tillögur að því hvernig megi fylgjast með t.d. rennsli í farveg neðan stíflu. Leyfisveitendum ber síðan að hafa eftirlit með því að skilyrði séu uppfyllt.	
125	Markmið	Póroddur F. Póroddsson	Vantar rökstuðning fyrir að því hvernig fyrirtækið kemst að þeirri niðurstöðu að virkjun Svartár sé umhverfisvæn orkuvinnsla í ljósi allra þeirra neikvæðu umhverfisáhrifa sem virkjunin mun hafa.	Nýting endurnýjanlegrar orku, í þessu tilviki vatnsafls með rennslisvirkjun þar sem framkvæmdin er löguð að umhverfinu og farið í mótvægisáðgerðir til að vinna á móti neikvæðum áhrifum, er hér talin vera umhverfisvæn orkuvinnsla.	1.1
126	Markmið	Póroddur F. Póroddsson	Engin tilraun gerð til að sýna tölulega fram á jákvæð samfélagsáhrif, umfang þeirra eða hver tekjuaukning sveitarfélagsins kann að verða.	Fjallað er um samfélagsleg áhrif í kafla 5.4.11 og þar er lagt mat á hve mörg störf verði til vegna virkjunarinnar. Ekki hefur tíðkast að leggja fram fjárhagslegar upplýsingar í mati á umhverfisáhrifum.	1.1, 5.4.11
127	Ýmislegt	Póroddur F. Póroddsson	Í kafla um frávik frá matsáætlun komi fram tillaga að nýrri lagnaleið sem sé hluti af endanlegri matsáætlun og því ekki um frávik að ræða. Gera þurfi nánari grein fyrir þeirri tilhögun að tengja virkjunina inn á byggðalínuna í Bárðardal og hvað það þýði að Landsnet hafi opnað á þann möguleika að tengja virkjunina inn á byggðalínuna þegar Hólasandslína verði komin í rekstur.	Í endanlegri matsáætlun kom fram að gera þyrfti breytingar á nyrsta hluta leiðar rafstrengs að tengivirki við Laxá sem þá hafði verið kynnt en kort í tillögu að matsáætlun sýndi áður fyrirhugaða leið um Laxárdal. Því þótti rétt að greina frá þessari breytingu sérstaklega. Tenging virkjunar við byggðalínuna í Bárðardal er að flestu leyti betri kostur en sá að fara yfir heiðar að Laxá en Landsnet hafði áður ekki viljað opna á þann möguleika. Þegar Hólasandslína verður komin í rekstur breytist notkun Kröflulínu 1.	1.3.2

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
128	Ýmislegt	Póroddur F. Póroddsson	Koma þurfi fram að fyrir liggi samþykki allra landeigenda sem framkvæmdin varðar og Vegagerðarinnar. Staðfesta þarf að kostnaður við tengivirki verði greiddur af SSB Orku en ekki almannafé. Gera þarf nána grein fyrir tímasetningum er varða byggingu og tengingu Hólasandslínu 3.	Samkvæmt kafla 3.1 um eignarhald liggur ekki fyrir samþykki Vegagerðarinnar eða landeigenda, sem þarf til að af lagningu strengs verði skv. kosti 2 að Kálfborgará. Hins vegar er búið að semja við alla landeigendur á strengleið skv. kosti 1 um heiðar að Laxá. Í kafla 4.9 kemur fram að fyrir kost 2 muni virkjunaraðili greiða Landsneti fyrir kostnað við tenginguna, sem er eins og lög kveða á um. Framkvæmdaraðili Svartárvirkjunar getur ekkert sagt fyrir um framkvæmdir við Hólasandslínu en getur þó orðið háður þeirri framkvæmd þar sem hún er forsenda fyrir gerð tengivirkis við Kálfborgará. Mat á umhverfisáhrifum Hólasandslínu stendur yfir.	1.3.2, 4.9
129	Vatnalíf	Póroddur F. Póroddsson	Ekki er gerð grein fyrir með fullnægjandi hætti hvernig tryggja skuli fiskgengd í miklum botnhalla árinna með skert rennsli.	Vísað er til viðbragða við atriði nr. 23.	5.4.6
130	Landnotkun	Póroddur F. Póroddsson	Gera þarf grein fyrir veiðihlunnindum landeigenda og hvað muni tapast við að skerða veiðimöguleika.	Í köflum 3.2.2 og 5.4.13 er fjallað um veiðinýtingu og þar er vísað til skrifa Hafrannsóknarstofnunar (viðauki 2) um að ekki séu þekktar aðferðir til að spá fyrir um umfang samdráttar í veiði.	5.4.13
131	Skipulag	Póroddur F. Póroddsson	Ekki er ólíklegt að þjóðgarðsmörk (Vatnajökuls-/miðhálandis) verði færð að Suðará og Svartá og því vanhugað að reisa virkjun í Svartá.	Í byrjun nóvember 2017 kom út lokaskýrsla nefndar um forsendur fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands. Þar virðist vera miðað við núverandi miðhálandislínu eins og hún birtist í svæðisskipulagi miðhálandisins 2015 og kynnt er í frummatsskýrslu.	3.3.1
132	Skipulag	Póroddur F. Póroddsson	Gerð er athugasemd við að ekki sé vísað orðrétt til tilgreinds texta aðalskipulags Þingeyjarsveitar í kafla um framtíðarsýn og meginmarkmið. Ekki komi fram að "Huga skal að nýtingu gufu- og vatnsafls til raforkuframleiðslu í sem mestri sátt við náttúru og samfélag" og að sveitarfélagið sé á móti hugmyndum um að virkja Skjálfandafljót.	Athugasemdin fjallar um að ekki sé tekin upp heil málsgrein úr greinargerð aðalskipulagsins. Það kann að fara á betur á því þó einungis hafi vantað aftan á setningu um virkjun Skjálfandafljóts sem varðar ekki þessa framkvæmd. Öll málsgreinin kemur fram í kafla 3.3.3 í matsskýrslu.	3.3.3
133	Skipulag	Póroddur F. Póroddsson	Til þess að komast að þeirri niðurstöðu að umrædd virkjun í Svartá sé í sem mestri sátt við náttúru hlýtur að hafa farið fram könnun á virkjunarkostum í sveitarfélaginu og áhrifum þeirra á náttúru og samanburður að hafa leitt í ljós að aðrir kostir voru í minni sátt við náttúruna.	Ekki er hægt að taka undir þennan skilning á umræddri setningu. Öllum framkvæmdum fylgja áhrif og því ber að laga þær að umhverfinu og grípa til mótvægisáðgerða til að draga úr neikvæðum áhrifum.	3.3.3
134	Skipulag	Póroddur F. Póroddsson	Gera verður þá kröfu til framkvæmdaraðila að hann rökstyðji á hvern hátt hann telur framkvæmdina uppfylla skilyrði aðalskipulags um sátt við náttúru og vera í samræmi við sjálfbæra þróun.	Fyrirhuguð framkvæmd er rennslisvirkjun sem löguð er að umhverfinu auk þess að lagðar hafa verið til mótvægisáðgerðir til að draga úr neikvæðum áhrifum. Mest af metnum áhrifum eru afturkræf og litið er svo á að nýting endurnýjanlegra orkugjafa sé í samræmi við sjálfbæra þróun.	3.3.3

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
135	Skipulag	Póroddur F. Póroddsson	Sagt er að ef lokaskýrsla verkefnisstjórnar 3. áfanga rammaáætlunar verði samþykkt á Alþingi falli farvegur Suðurár og Svartár, undir verndarflokk. Framkvæmdaraðili rökstyðji hvað réttlæti virkjun Svartár þvert á niðurstöður verkefnisstjórnar 3. áfanga.	Lokaskýrsla verkefnisstjórnar verður ekki samþykkt á Alþingi heldur þingsályktunartillaga sem byggir á lokaskýrslunni. Það er alls ekki ljóst hvernig svæði til friðunar gagnvart orkuvinnslu verða skilgreind þótt verkefnisstjórnin hafi skilgreint svokölluð áhrifasvæði einstakra virkjunarkosta í Skjálfandafljóti sem voru til umfjöllunar sem verndarsvæði.	3.4
136	Skipulag	Póroddur F. Póroddsson	Vísað er til 3. tl. athugasemda Skipulagsstofnunar í niðurstöðu ákvörðunar um matsáætlun og að ekki komi fram til hvaða mótvægisáðgerða sé fyrirhugað að grípa til við hönnun og útfærslu virkjunar vegna flokkunar Skjálfandafljóts, Fljóthnjúksvirkjunar og Hrafnabjargarvirkjunar samkvæmt gildandi rammaáætlun og fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu.	Vísað er til viðbragða við atriði nr. 109 varðandi núgildandi rammaáætlun og fyrirbyggjandi þingsályktun. Ekki verður séð að hægt verði að grípa til mótvægisáðgerða við hönnun og útfærslu Svartárvirkjunar í þessu skyni. Hvorki liggur fyrir þingsályktun um verndarflokk virkjunarkostanna í Skjálfandafljóti né tillaga að friðlýsingu á þessu svæði.	3.4
137	Framkvæmd	Póroddur F. Póroddsson	Ekki fari fram mat á núllkosti m.t.t. áhrifa á nærsamfélag auk annarra umhverfisþátta skv. 2. tl. athugasemda í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsáætlun.	Í kafla 4.15 er farið yfir í mjög stuttu máli hvaða áhrif núll kostur myndi hafa í samanburði við virkjun Svartár. Ekki er talið að framkvæmdin sé þess eðlis að fara beri í nákvæmari greiningu þessara áhrifa og þess hvað geti mögulega orðið ef núll kosturinn verður fyrir valinu þar sem engin gögn séu til staðar til að styðja slíkar framtíðarspár.	4.15
138	Framkvæmd	Póroddur F. Póroddsson	Rætt sé um óháð atriði í kafla um tengdar framkvæmdir sem ekki sé þörf á vegna virkjunar og beri að taka út.	Rétt er að um engar eiginlegar tengdar framkvæmdir er að ræða þar sem fjallað er um lagningu rafstrengs sem hluta framkvæmdanna. Engu að síður þótti rétt að nefna það að lega rafstrengs um þetta svæði gefur ákveðna möguleika sem annarra er að ákveða hvort og hvernig verða nýttir.	4.16
139	Framkvæmd	Póroddur F. Póroddsson	Í töflu 4.1 vanti upplýsingar um hvernig uppsett afl virkjunar er reiknað. Gerð er krafa um að birtir verði útreikningar á vatnsafli þar sem fram komi allir stuðlar og framleiðsla innan árs reiknuð út, mánuð fyrir mánuð.	Uppsett afl miðast við virkjað rennsli, sem í þessu tilfelli eru 20 m <sup>3</sup> /s. Ekki fara 20 m <sup>3</sup> /s til virkjunar allt árið, heldur einungis þegar rennsli í ánni er yfir rúmlega 23 m <sup>3</sup> /s skv. tillögu sem gerð var að lágmarksrennsli í frummatsskýrslu og 24 m <sup>3</sup> /s samkvæmt tillögu í matsskýrslu. Orkugetan er reiknuð út frá þessum forsendum birtrar rennslisraðar, sjá myndir 5.3 og 5.4 í frummatsskýrslu, og tillögu að lágmarksrennsli. Ekki stendur til að birta alla útreikninga á orkugetu frekar en öðrum stærðum virkjunar.	4.2
140	Framkvæmd	Póroddur F. Póroddsson	Sýna þurfi fram á að frárennisskurður flytji tilætlað vatnsmagn og gera grein fyrir hvar eigi að haugsetja það magn efnis sem kemur úr greftri á honum.	Ekki stendur til að sýna fram á útreikninga á stærðum virkjunar, sbr. viðbrögð við athugasemd nr. 139. Samkvæmt frummatsskýrslu, kafla 5.4.10.4, á að nota jarðefni til að móta hóla við stöðvarhúsið til að draga úr sjónrænum áhrifum þess. Í kafla 4.8 er gerð grein fyrir hvernig nýtingu á efni verður háttáð og í þann kafla hefur verið bætt við töflu sem sýnir áætlað magn þess efnis sem kemur úr uppgreftri og notað verður í fyllingar og landmótun.	4.6, 4.8

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
141	Framkvæmd	Póroddur F. Póroddsson	Mikillar ónákvæmni gæti og þar með óvissu um umhverfisáhrif af lagningu aðrennslispípu. Sýna þurfi á loftmyndakorti langsnið af fyrirhugaðri legu pípu og dýpt og breidd skurðar og út frá því og jarðvegsrannsóknnum verði gerð ítarleg grein fyrir magni og gerð efnis sem úr skurðinum muni koma. Í ljósi óvissunnar verði að gera ráð fyrir að það kunni að þurfa að haugsetja 100.000-200.000 m <sup>3</sup> . Gera þurfi kröfu um að mun nánari grein verði gerð fyrir haugsetningu, gerð efnis, magni og áhrifum á umhverfið.	Í köflum 4.4 og 4.8 í frummatsskýrslu er fjallað um aðrennslispípuna og efnismál. Einnig er komið inn á þessi mál í kafla 5.3.1.5. Í frumhönnun virkjunar, sem framkvæmdalýsing í frummatsskýrslu byggir á, er búið að leggja út aðrennslispípuna í plani og hæð og þaðan kemur áætlað efnismagn sem birt er. Á mynd 4.1 og á forsiðu skýrslu sést breidd á röskuðu svæði á yfirborði á pípuleiðinni, sem er breytileg. Gert er ráð fyrir 0,3 m þykkku sandlagi í botninn á skurðinum sem verður 4 m breiður og dýpi niður á yfirborð pípunnar þarf að vera meira en 1 m vegna frostáhrifa. Skurðbakkar í lausu efni verða með meiri fláa en í klöpp. Ákveðnar skorður eru á halla pípunnar og beygju en útlagning pípu gengur svo út á að halda greftri í lágmarki. Þá þarf að forðast fornleifar og votlendi eins og hægt er. Í kafla 4.8 kemur fram áætlun um magn efnis og hvaðan það mun verða tekið. Talið er að fullnægjandi grein sé gerð fyrir þessum málum í frummatsskýrslu.	4.4, 4.8
142	Framkvæmd, gróður	Póroddur F. Póroddsson	Gerð verði grein fyrir dýpi hallamýrar og hvernig eigi að standa að greftri á skurði t.d. m.t.t. förgunar efnis. Leggja þurfi veg sem þoli þungaflutninga yfir mýrina og meta þarf áhrif hans á vatnsbúskap. Meta þurfi hugsanleg áhrif af vatni úr mýrinni á framkvæmdatíma m.t.t. jarðvegsrofs og gruggi í Svartá. Gera þurfi grein fyrir hugsanlegum áhrifum skurðar á framkvæmdatíma og að framkvæmd lokinni á vatnsbúskap í mýrinni.	Skurður verður grafinn í áföngum þ.a. pípunni verði komið fyrir og skurðinum lokað á kafla áður en næsti áfangi verði grafinn. Þetta þarf líka að gera m.t.t. efnis sem er í skurðstæðinu þar sem til stendur að harpa mól af hluta leiðar til að nota undir pípu. Vegur sem lagður verður yfir mýrina verður látinn fljóta ofan á henni en gera má ráð fyrir að um 60 cm malarpúði geti sigið um á að giska 20 cm ofan í mýrina við það að vatn pressast úr undirlaginu. Eins og kemur fram í frummatsskýrslu, kafla 4.8, verður efni mögulega jafnað á melum eða notað í landmótun í nágrenni við inntaksstífluna, ef ekki tekst að koma öllu afgangsefni fyrir til uppfyllingar á sandnámu á svæðinu og við jöfnunarþró og stöðvarhús. Gera má ráð fyrir að gruggugt vatn berist út í Svartá á framkvæmdatíma en þó ekki samfellt í langan tíma. Gerðar verða ráðstafanir til að hefta vatnsrennsli eftir fyllingu í pípuskurði en samt sem áður mun framkvæmdin hafa áhrif á vatnsstöðu í mýrinni og því er gert ráð fyrir að fara þurfi í endurheimt votlendis á móti því sem kann að tapast. Mat á þessu þarf að fara fram fljótlega eftir að framkvæmdum lýkur en einnig þarf að leggja mat á ástandið fyrir framkvæmdir til samanburðar.	4.8, 5.4.4.3
143	Framkvæmd	Póroddur F. Póroddsson	Gera þurfi grein fyrir umfangi vinnuvegar meðfram aðrennslispípu, efni sem þarf að fara í hann og áhrifum af því að jafna hann út í lok framkvæmda. Vegurinn muni síga talsvert ofan í votlendið vegna þungaflutninga með efni meðfram pípunni.	Lagður verður um 4 m breiður slóði sem verður um 60 cm hár malarpúði ofan á jarðvegslag meðfram skurðstæði aðrennslispípu þar sem blautt er, en minna efni þarf til slóðagerðar þar sem farið er yfir mel. Eins og fram kom í viðbrögðum við aths. nr. 142 má búast við að slóðinn geti sigið um u.þ.b. 20 cm ofan í mýrina og gert er ráð fyrir að fjarlægja hann að framkvæmdum loknum. Gert var ráð fyrir breidd á vinnuslóða inni í mati á heildarbreidd á raski við skurðinn, sem kemur fram í kafla 4.4 í frummatsskýrslu.	4.7, 4.8

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
144	Framkvæmd	Póroddur F. Póroddsson	Gera þurfi grein fyrir magni af steypu, mól og sandi í framkvæmdina og úr hvaða námum efni kemur ef steypa ekki flutt frá Akureyri, samræmi við skipulag og umhverfisáhrif efnistökkunnar. Gera þurfi ítarlega grein fyrir efnismagni og gerð efnis úr skurðum og haugsetningu á afgangsefnum. Gera þurfi ítarlega grein fyrir rannsóknum á hugsanlegri sandnámu, efnisgerð, efnismagni og umhverfisáhrifum. Gera þurfi grein fyrir öllum efnisnámmum, telja þær upp, lýsa staðsetningum og samræmi við aðalskipulag.	Eins og fram kemur í frummatsskýrslu er gert ráð fyrir að steypan komi frá Akureyri. Bent er á þær námur sem eru næst framkvæmdasvæðinu og koma fram á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar og að auki er mögulegt sandnám innan framkvæmdasvæðisins sem fyllt yrði upp í með umframefni úr framkvæmd. Gerð hefur verið grein fyrir haugsetningu við stöðvarhús til að draga úr áhrifum á ásýnd og einnig við jöfnunarþró.	4.8, 4.10, 5.4.1.3
145	Jarðminjar	Póroddur F. Póroddsson	Gera þurfi grein fyrir Cobra-borunum og ályktunum af þeim um gerð og þykkt lausra jarðlaga. Sýna þurfi staðsetningu hola og dýpi. Ljóst er að mjög takmörkuð vitneskja er um jarðlög á fyrirhugaðri pípuleið. Miklu ítarlegri athuganir þurfi að fara fram ef opna eigi nýja sandnámu og gera þurfi grein fyrir flatarmáli, rúmmáli, þykkt og gerð jarðvegs á yfirborði og hvernig eigi að ganga frá að vinnslu lokinni.	Frummatsskýrsla er ekki vettvangur til að gera grein fyrir öllum tæknilegum upplýsingum sem hönnun þarf að byggja á. Frummatsskýrslan byggir á frumhönnun mannvirkja og gerð er grein fyrir helstu atriðum. Cobra-boranir hafa farið fram á fyrirhugaðri pípuleið, við inntaksmannvirki og í stöðvarhússtæði. Gerð er grein fyrir áætluðu dýpi sands í fyrirhugaðri sandnámu sem byggir á könnunarholu sem grafin var og afmarkað er ákveðið svæðið fyrir uppgefið magn. Svæðið sem sand er að finna á er hins vegar stærra. Fram kemur að jarðvegur á yfirborði sé örþunnur og einnig er fjallað um hvernig á að ganga frá námu að framkvæmdum loknum.	4.8, 4.10, 5.4.1.3
146	Vatnafar	Póroddur F. Póroddsson	Ekki er fjallað um lindár á Íslandi og hvað þær séu sérstæð fyrirbrigði. Þessar ár séu örfáar á hraunasvæðum á Norðausturlandi og Suðurlandi. Framkvæmdaraðili listi upp hliðstæðar lindár á landinu og afli upplýsinga um gildi þeirra sem náttúruframbærar.	Af heildarfjölda straumvatna á Íslandi, það er aðalvatnsfalla auk helstu þveráa, eru um 10% lindár. Stærstu lindár landsins tengjast hraunum og sprungusvæðum og þess vegna er meira um lindár í og við gosbelti landsins en annars staðar. Í lindám er vatnsrennsli og hitastig jafnt árið um kring og flóð í þeim eru sjaldgæf. Lindár leggur aldrei nærri upptökum en þær getur lagt neðar í farveginum í miklum frostum. Hátt sýrustig og steinefnainnihald í íslenskum lindavötnum stafar af því að vatnið á upptök neðanjarðar í gljúpu og leysanlegu bergi gosbeltisins. Bætt hefur verið við umfjöllun um lindár í kafla 5.4.2.1 í matsskýrslu. Auðugt og fjölbreytt vatnalífriki er gjarnan að finna í lindarvötnum á hraunbotni hér á landi. Varðandi verndargildi vatnavistkerfa er í kafla 5.4.6 í frummatsskýrslu (bls. 69) bent á að settar hafa verið fram tillögur að mati á þeim, en sú aðferðafræði hefur ekki verið staðfest hér á landi. Þar kemur fram að ef tekið yrði mið af þeirri aðferðafræði fengi Svartá líklega fremur hátt verndargildi sökum tegundafjölbreytni, hás þéttleika tegunda og hárrar rafleiðni. Samkvæmt vistgerðarskýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands er stefnt að því að skilgreina	5.4.2.1, 5.4.6



Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
				betur verndargildi vistgerða í tengslum við framkvæmdaáætlun B-hluta náttúruminjaskrár.	
147	Vatnafar	Póroddur F. Póroddsson	Mjög misvísandi upplýsingar koma fram í frummatsskýrslu um meðalrennsli Svartár.	Vísað er til viðbragða við atriði nr. 20.	5.4.2
148	Vatnafar	Póroddur F. Póroddsson	Af mynd 5.3 megi ráða að rennsli árinna hafi verið töluvert undir 20 m <sup>3</sup> /s í sumum mánuðum á tímabilinu desember til apríl.	Mynd 5.4 segir okkur að í 22% tilvika á því tímabili sem þar er til skoðunar hafi rennsli verið um eða undir 20 m <sup>3</sup> /s.	5.4.2
149	Vatnafar	Póroddur F. Póroddsson	Í umfjöllun í frummatsskýrslu (kafli 5.4.1) um lágmarksrennsli kemur fram að tryggja eigi 15% af meðalrennsli fari að lágmarki framhjá stíflunni en í minnisblaði Hafrannsóknarstofnunar, dags. 10.10.2016, komi fram að tillaga virkjunaraðila sé að lágmarksrennsli verði 5-10%.	Vísað er til viðbragða við atriði nr. 28.	5.4.2
150	Vatnafar	Póroddur F. Póroddsson	Benda verður á að 5% af 21,8 m <sup>3</sup> /s er aðeins 1,9 m <sup>3</sup> /s eða aðeins 1/3 af því sem sagt er að verði lágmarksrennsli.	Þarna er prentvilla í athugasemd þar sem 5% af 21,8 m <sup>3</sup> /s er 1,09 m <sup>3</sup> /s. Neðri mörk eldri tillögu, 5% er þriðjungur af 15%, sem er tillaga að lágmarksrennsli úr frummatsskýrslu. Í ljósi mats Hafrannsóknarstofnunar á þeirri tillögu að lágmarksrennsli sem sett var fram í fyrirspurn um matsskyldu Svartárvirkjunar, dags. í des. 2015, var gerð ný tillaga sem fjallað var um í frummatsskýrslu og samkvæmt matsskýrslu er gert ráð fyrir að lágmarksrennsli sem er að fullu í samræmi við tillögu Hafrannsóknarstofnunar.	5.4.2
151	Vatnafar	Póroddur F. Póroddsson	Telja verði ljóst að virkjunin muni nýta 20 m <sup>3</sup> /s og jafnframt ljóst að framhjá stíflunni muni fara að lágmarki 3 m <sup>3</sup> /s. Til þess að hvorutveggja gangi upp þarf alla daga ársins að vera meira en 23 m <sup>3</sup> /s rennsli í ánni. Það verði að telja að engar líkur séu á því að dregið verði úr orkuframleiðslunni á veturna til að tryggja 3 m <sup>3</sup> /s neðan stíflu þegar eftirspurn eftir raforku er mest.	Vísað er til viðbragða við atriði nr. 28.	5.4.2
152	Vatnafar	Póroddur F. Póroddsson	Samkvæmt kafla 4.3 er vatnsmagn Grjótár óljóst eða um eða yfir 1 m <sup>3</sup> /s og í minnisblaði Hafrannsóknarstofnunar 1-1,3 m <sup>3</sup> /s. Ekki er vísað í neinar rennismælingar óháðs aðila og því um ágiskanir að ræða. Ennfremur þarf að gera grein fyrir á hverju áætlanir um magn lekavatns byggja á. Nánari umfjöllun vantar um efnainnihald vatns í Grjótá og	Meðalrennsli í Grjótá hefur verið áætlað út frá stærð vatnasviða, mældu rennsli í Svartá og einni stakri mælingu á rennsli í Grjótá. Magn á lekavatni er gróft áætlað út frá reynslu annars staðar frá enda er það einungis um 3% af því rennsli sem á að hleypa framhjá virkjun. Efnainnihald vatns í Grjótá er ekki þekkt en dregnar hafa verið ályktanir af gerð vatnasviðsins í samanburði við vatnasvið Svartá í minnisblaði Hafrannsóknarstofnunar.	5.4.2, 5.4.6



Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
			möguleg áhrif þess á efnabúskap og vistkerfi í Svartá með takmörkuðu rennsli.		
153	Vatnafar	Póroddur F. Póroddsson	Ljóst að farvegur Svartár neðan virkjunar kann að verða þurr vikum og jafnvel mánuðum saman með algjörrri eyðileggingu vistkerfis árinna á þeim kafla.	Vísað er til viðbragða við atriðum nr. 28 og 41. Sjá einnig umsögn sveitarfélagsins Þingeyjarsveitar, atriði nr. 10.	5.4.2
154	Vatnafar	Póroddur F. Póroddsson	Hitastig vatns í Svartá geti fallið niður í frostmark allt frá desember og fram í apríl skv. mynd 5.5. Því megi búast við að vatn Svartár kólni að frostmarki með grunnstingli og krapa sem getur valdið miklum rennslistruflunum. Kólnun vatns verði enn meiri í skertu rennsli en í eðlilegu rennsli, eins og fram komi í frummatsskýrslu, og telja verði verulega hættu á að slíkt auki hættu á varanlegum skaða á lífríki árinna. Í frummatsskýrslu vanti alla greiningu á ísmyndun í ánni og hvernig hún kunni að breytast við minnkun rennslis. Í frummatsskýrslu komi fram að ís og krapa verði fleytt framhjá inntaki og hleypt niður í farveginn neðan stíflu sem skapi stórhættu á langvarandi rennslistruflunum er geti valdið miklum skaða á lífríki og hindrað fiskgengd.	<p>Svartána leggur almennt ekki við núverandi aðstæður, samkvæmt heimildum. Undantekningar eru að stundum leggur ána neðan við hólmasvæðið neðan Svartárgils, einstaka sinnum leggur lygnu ekki langt neðan við Ullarfoss og við Glæfru hefur myndast ísbrú þegar vatn skvettist upp á steina og frýs en áin rennur svo undir. Mikill krapa getur myndast í ánni í miklum skafrenningi í vestan eða suð-vestanátt auk norðan stórhriðar en ekki eru heimildir um að Svartá hafi stíflast við slíkar aðstæður heldur orðið krapamikil og seigfljóandi. Rennsli árinna getur minnkað töluvert þegar verst lætur að vetri eða á að giska um helming. Atvik sem átti sér stað 1995 er undantekning frá þessu en þá tala menn um að áin hafi farið niður í á að giska fjórðung af venjulegu rennsli í stutta stund. Í báðum tilfellum er ísmyndun í Suðurá meginástæða rennslisminnkunar í Svartá þó smærri ísmyndanir í Svartá geti mögulega haft áhrif.</p> <p>Ís verður fleytt niður í farveginn neðan stíflu eins og hann myndi berast áfram niður farveginn ef ekki væri fyrir stífluna. Hins vegar verður minna rennsli neðan stíflu eftir virkjun til að bera ísinn áfram.</p> <p>Minna rennsli á milli stíflu og frárennslis frá virkjun mun hraða kælingu í upphafi kaldra tímabila. Veiting íss niður fyrir stíflu mun ekki auka á kælingu árvatnsins á þessum kafla þar sem vatnshitinn nær fljótt jafnvægi við myndun ískristalla í vatninu og verður þá, eftir sem áður, aldrei meira en brot úr gráðu undir 0°C óháð ísmagni í vatninu.</p> <p>Við minnkað rennsli eftir virkjun Svartár, getur ísmyndun í farveginum aukist eitthvað. Talið er ólíklegt að það muni valda usla þar sem farvegurinn er nokkuð vel afmarkaður og brattur, sjá einnig atriði nr. 80 um litlar líkur á að farvegur þorni vegna ísmyndana að vetri. Líklegt er að ísmyndanir verði mestar þar sem dýpið er minnst og brattinn minnstur og þær þrengi að farvegi vatnsins og nái jafnvægi innan farvegarins þannig að dýpi í rennandi vatni aukist aðeins frá því sem er í farveginum án íss. Krapamyndun getur mögulega valdið hrannarmyndun á hólmasvæðinu sem gæti vaxið upp gilið. Talið er ólíklegt að slíkt valdi vandræðum en þekkt eru nokkur dæmi um hrannarmyndanir í íslenskum ám þar sem hrannir vaxa upp, jafnvel þó nokkuð miklar, án þess að það trufla rennslið undir hrönnina. Því eru litlar líkur á langvarandi rennslistruflanir verði í ánni að vetri sem skaðað geti lífríki eða hindrað fiskgengd í ánni. Almennt dregur úr framleiðslu botndýralífs að</p>	5.4.2, 5.4.6

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
				vetri og að sama skapi verður minni fæða fyrir fiska í ánum. Einnig minnkar virkni laxfiska þegar vetrar og fæðuinntaka minnkar, en afkoman snýst að miklu leyti um orkusparnað og að því að takmarka hreyfingu á þessu tímabili. Umfjöllun um ísmyndun hefur verið uppfærð í matsskýrslu.	
155	Vatnafar	Póroddur F. Póroddsson	Tilgreint sé í kafla um mótvægisáðgerðir í kafla um vatnafar að gert sé ráð fyrir að tryggja að um 15% meðalrennsli fari að lágmarki framhjá stíflunni til að viðhalda ákveðnu rennsli í farveginum neðan hennar. Bent skuli á að það að tryggja lágmarksrennsli sé ekki mótvægisáðgerðir heldur hluti framkvæmdar. Sama gildi um lagfæringu á farvegi umhverfis hólma sem ekki sé lýst eða hugsanlegum neikvæðum áhrifum af.	Trygging á lágmarksrennsli og mat á nauðsynlegu magni þess er klárlega mótvægisáðgerð sem felur í sér að viðhalda ákveðnu rennsli á farveginum til að halda niðri neikvæðum áhrifum á t.d. vatnalíf. Sama á við lagfæringu á farvegi til að tryggja að vatn muni renna umhverfis hólma í ánni, ef þörf verður á. Í þessu sambandi hefur aðallega verið vísað til stóra hólmanes neðan við Glæfrú en ekki er víst að grípa þurfi til aðgerða til að vatn renni áfram umhverfis hann.	5.4.2
156	Setmyndun og rof	Póroddur F. Póroddsson	Ekki er að sjá að nokkur tilraun hafi verið gerð til að mæla framburð og botnskrið í Svartá, ekki þekkt hvað kann að safnast fyrir í uppistöðulóninu og þ.a.l. Ekki þekkt hvað kann að berast af botnseti úr lóninu þegar flóðvatn verður hleypt í gegn.	Bent er á að ekki er um uppistöðulón að ræða heldur inntakslón sem hefur þann tilgang að halda ákveðnu vatnsborði ofan við aðrennslispípuna svo að ekki komist loft inn í hana. Inntakslónið hægir á hraða vatnsins ofan við stíflu og þar getur því sest til efni sem fer aftur á hreyfingu þegar lokur eru opnaðar og hraði eykst. Ekki eru taldar miklar líkur á að mikið efni sé þarna á ferðinni en alltaf er þó einhver tilfærsla á efni á milli svæða.	5.4.3
157	Setmyndun og rof	Póroddur F. Póroddsson	Að forðast óþarfa gruggmyndun telst í dag til góðra vinnubragða og er engin mótvægisáðgerð ef ekki kemur fram fyrir hvaða neikvæðu umhverfisáhrif ætti að bæta með þeirri aðgerð.	Tekið er undir að það að forðast óþarfa gruggmyndun eigi að teljast til góðra vinnubragða. Skilin á milli mótvægisáðgerða og góðra vinnubragða eru hins vegar ekki skýr og talið er að á þessum stað sé sérstakrar aðgátar þörf.	5.4.3
158	Gróður	Póroddur F. Póroddsson	Hvergi í frummatsskýrslu er þess getið með fullnægjandi hætti hvernig skuli tryggja að hólmar verði umflotnir vatni eftir framkvæmdir svo gróðurfar hljóti ekki varanlegan skaða af.	Meta þarf á hvaða stöðum verður þörf á að fara í aðgerðir í farvegi til að tryggja að skert rennsli fari beggja megin við hólma í ánni. Samkvæmt kafla 5.4.4 í frummatsskýrslu er talið að framkvæmdin hafi neikvæð áhrif á grunnvatnsstöðu í hólum á virkjuðum kafla árinna sem geti leitt af sér gróðurbreytingar. Sjá einnig viðbrögð við aths. nr. 82.	5.4.4
159	Gróður	Póroddur F. Póroddsson	Ekki gerð tilraun til að meta hversu umfangsmikil votlendisskerðingin verður eða gera grein fyrir til hvaða mótvægisáðgerða eigi að grípa. Eingöngu sagt að reyna eigi að þétta í kringum pípuna og votlendi endurheimt í samráði við sveitarfélagið.	Vistgerðarkortagrunnur Náttúrufræðistofnunar gefur til kynna að votlendi á virkjunarsvæðinu sé minna en úttekt Náttúrustofu Norðurlands eystra. Gripið verður til þeirra mótvægisáðgerða sem athugasemd vísar til og talið er að með aðgerðum til þéttingar á skurði megi draga úr umfangi svæðis sem þornar við framkvæmdina. Líklegt er þó að ekki verði að fullu komið í veg fyrir þornun með þessum aðgerðum og þá mun verða gripið til endurheimtar. Ekki liggur fyrir á hvaða svæði votlendi verður endurheimt en æskilegt er talið að það sé á sama svæði og er þá horft til sveitarfélagsins.	5.4.4

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
160	Vatnalíf	Þóroddur F. Þóroddsson	Hólmasvæðið sé eitt mikilvægasta hrygningarsvæði urriðastofns Svartár neðan Ullarfoss. Það svæði kunnir að hverfa vegna skerts rennslis með ófyrirsjáanlegum afleiðingum á urriðastofn Svartár neðan Ullarfossar.	Það eru fleiri svæði í Svartá en Hólmasvæðið sem eru mikilvæg hrygningarsvæði fyrir urriða eins og tölur um hlutdeild malar (1-7 cm) á árbotni gefa vísbendingu um og sjá má í töflu 5.9. Víða er að finna góða malarkafli í ánni sem nýst geta urriða til hrygningar. Má þar nefna svæði bæði ofan og neðan Ullarfoss og neðan Grjótár. Ekki er talið að hrygningarsvæði á svokölluðu hólmasvæði muni hverfa þar sem ákveðnu lágmarksrennsli viðhaldið í farvegi neðan stíflu að frárennsli virkjunar, en rennsli neðan ármóta Grjótár og Svartár verður rúmlega 20% af meðalrennsli.	5.4.6
161	Vatnalíf	Þóroddur F. Þóroddsson	Vísad er til minnisblaðs Hafrannsóknastofnunar bls. 11 þar sem fram komi að skerðing botnflatar takmarki lífræna framleiðslu á botni farvegjar og rennisskerðing valdi minnkandi framburðargetu árinna á lífrænu ögnum. Þetta þýði verulega neikvæð áhrif á skordýralíf og þar með á fæðuframboð fiska og fugla og stofnstærðir þeirra á áhrifasvæði frá stíflu að ármótum við Skjálfandafljót.	Minnkun á nýtanlegum botnfleti á áhrifakafli neðan virkjunar mun hafa í för með sér minni lífræna framleiðslu. Nýtanlegur botnflötur til lífrænnar framleiðslu verður þó áfram um 60% af því sem nú er. Burðargeta straumvatns eykst með rennsli og þar með styrkur og framburður efna. Gera má ráð fyrir að rennisminnkun á áhrifakafli geti haft í för með sér minna fæðuframboð fyrir fiska neðar í ánni niður að frárennsli virkjunarinnar.	5.4.6
162	Fuglar	Þóroddur F. Þóroddsson	Framkvæmdin hafi alþjóðlega skírskotun vegna þess að Ísland beri ríkulega ábyrgð á straum- og húsöndum sem eru einkennandi fyrir fuglalíf á vatnasviði Svartár og Suðurár.	Vísad er til svara við athugasemd nr. 33-35 og 70.	5.4.5
163	Vatnafar, vatnalíf	Þóroddur F. Þóroddsson	Ekki er að finna rök fyrir því hvert lágmarksrennslið þurfi að vera vegna áhrifa á lífríkið eins og fram komi í athugasemd Skipulagsstofnunar í ákvörðun um matsáætlun og skýra umfjöllun vanti um hvernig það verði tryggt.	Tillaga að lágmarksrennsli sem kemur fram í köflum 5.4.2 og 5.4.6 í frummatsskýrslu byggir á tillögu Hafrannsóknarstofnunar úr minnisblaði í viðauka 2. Svo lengi sem rennslið í ánni nær skilgreindu lágmarksrennsli verður það tryggt í farveginn neðan stíflu en eftir á að útfæra fyrirkomulagið í hönnun. Lagt er til að fylgst verði með rennsli í farveginum neðan stíflu t.d. að birta það á vefslóð eða að niðurstöður mælinga verði reglulega sendar leyfisveitendum, s.s. Orkustofnun.	5.4.2, 5.4.6

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
164	Fornleifar	Póroddur F. Póroddsson	Áhrif á fornleifar á lagnaleiðum hafi alls ekki verið metin þar sem í frummatsskýrslu segi að einhverjar færslur séu líklegar, ekki liggja fyrir leyfi Minjastofnunar fyrir röskun minja, eftir sé að fá fornleifafræðing til að skrá hugsanlegar minjar á Laxárdalsheiði og ekki liggja fyrir álit Minjastofnunar á legu strengs í veghelgunarsvæði að Kálfborgará. Ennfremur liggja ekki fyrir úrskurður Minjastofnunar um hvort áhrif framkvæmdar á fornleifar séu ásættanlegar og ekki sýnt fram á að hægt sé að uppfylla kröfur stofnunarinnar um mótvægisáðgerðir sem vísað sé til að hún hafi sett fram við ákvörðun um matsskyldu framkvæmdarinnar.	Verði valið að fara með jarðstreng að Laxá verður lega hans aðlöguð til að hlífa skráðum minjum eins og hægt er, en það kemur skýrt fram í frummatsskýrslu. Ný lega eftir færslu verður borin undir Minjastofnun og fenginn verður fornleifafræðingur til að skrá minjar á þeim hluta leiðarinnar sem ekki hefur verið skráður áður. Minjastofnun hefur ennfremur bent á, í sinni umsögn um frummatsskýrslu, að skrá þurfi fornleifar á þeim kafla leiðar að Kálfborgará þar sem strengurinn færi út úr veghelgunarsvæði að fyrirhuguðu tengivirki. Úrskurður eða leyfi Minjastofnunar þarf ekki að liggja fyrir í frummatsskýrslu og taldi stofnunin að framkvæmdin ætti ekki að vera háð mati á umhverfisáhrifum að uppfylltum kröfum hennar um mótvægisáðgerðir og samráð í umsögn sinni um matsskyldu frá janúar 2016.	5.4.7
165	Ásýnd	Póroddur F. Póroddsson	Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsáætlun komi fram að birta eigi myndir er sýna hvernig mannvirkin sjást frá Sprengisandsleið og fjarlægð mannvirkja frá henni. Mannvirkin muni ekki sjást frá Sprengisandsleið (F26) skv. sýnileikagreiningum en frá Bárðardalsvegi og einnig að veginum fram að Svartárkoti. Sýnd sé ein mynd (mynd 5.30) frá Bárðardalsvegi (842) og verði að telja það algjört lágmark.	Sýnd er ein mynd frá Bárðardalsvegi vestri, mynd 5.30, eins og fram kemur, og er hún einmitt tekin þar sem hvað styst er frá veginum að stöðvarhúsinu. Einnig má benda á mynd 5.25 sem sýnir útsýni frá stæði jöfnunarþróar að Bárðardalsvegi vestri til norðvesturs og einnig sést til Lundarbrekkuvegar.	5.4.10

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
166	Ásýnd	Póroddur F. Póroddsson	Engin tilraun sé gerð til að sýna hugsanlegar ásýndarbreytingar vegna minnkaðs rennslis neðan stíflu sem verði að teljast í ósamræmi við athugasemd í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsáætlun. Vatn sé óskert á myndum 5.27, 5.30 og 5.34.	Fram kemur í texta við mynd 5.27 að hún sýnir yfirlit yfir mannvirki virkjunar og rétt er að ekki var átt við ásýnd á vatnsborð árinna í frummatsskýrslu. Sett hefur verið breytt mynd inn í matsskýrslu þar sem sýnd er tilgáta um hvernig minna vatn gæti litið út. Á mynd 5.30 sést í vatnborð Skjálfandafljóts sem mun ekki breytast, en ekki sést til Svartár. Í texta ofan við mynd 5.34 í frummatsskýrslu kom fram að vatnsborð á neðri hluta myndarinnar yrði lægra eftir tilkomu virkjunar en sett hefur verið ný mynd inn í matsskýrslu þar sem átt hefur verið við vatnsborðið. Einnig hefur verið átt við vatnsborð Svartár þar sem rétt glittir í það eftir tilkomu mannvirkja á myndum 5.32 og 5.33. Samkvæmt mynd 5.3 fór rennsli Svartár einu sinni undir 10 m <sup>3</sup> /s á árunum 2006-2013 og því er ekki hægt að taka mynd af ánni í minnkuðu rennsli til samanburðar við það sem verður eftir virkjun. Annað eru ágiskanir sem geta gefið hugmynd um einhverja minnkun rennslis en segja lítið til um hvernig rennsli upp á 2, 3 eða 5 m <sup>3</sup> /s kemur til með að líta út. Myndir 5.38-5.40 sýna hins vegar svipað rennsli og verður eftir virkjun neðan við ármót við Grjótá, þó að það sé í tilfelli myndar 5.38 mun ofar í Svartánni og í tilfellum mynda 5.39 og 5.40 í öðrum árfarvegi. Talið er að þetta gefi a.m.k. allt eins góða hugmynd um ásýnd á rennslið eins og það að eiga við myndir í myndvinnsluforriti til að sýna minnkun í farveginum.	5.4.10
167	Vatnafar	Þórarinn Blöndal	Vatnsborð muni verða aðeins 10-15% af núverandi rennsli. Myndir 6 og 7 sýna ásýnd á hólmasvæðið fyrir og eftir lækkun vatnsyfirborðs.	Í frummatsskýrslu er gerð tillaga að hleypa að lágmarki 15% af meðalrennsli Svartár framhjá virkjuninni, rúmum 3 m <sup>3</sup> /s, og svo bætist rennsli Grjótár við um 500 m neðan stíflu. Ef það er um 1 m <sup>3</sup> /s verður rennsli í farveginum neðan Grjótár um 20% af mældu meðalrennsli. Í matsskýrslu er gert ráð fyrir að auka þetta lágmarkrennsli upp í tillögu Hafrannsóknarstofnunar. Gerð hefur verið ágætis tilraun til að sýna ásýnd á hólmasvæðið eftir tilkomu virkjunar í athugasemdinni. Bent er á að stöðvarhúsið er þó ekki rétt staðsett en það á að standa nær ánni (hliðrun niður og til vinstri) og frárennslisskurðurinn verður því styttri en myndin sýnir. Ekki kemur fram hvenær myndir eru teknar og þá hvaða rennsli mældist á þeim dögum og hvaða forsendur hafa verið valdar til að sýna áætlað vatnsborð. Gera má ráð fyrir að mynd 7 sýni fullmikla þornun í farveginum þó ekki sé hægt að fullyrða það án þess að mæla upp botninn og gera vatnsborðslíkan.	5.4.2
168	Setmyndun og rof	Þórarinn Blöndal	Ekki virðist lagt mat á hættu á uppblæstri eða rof við þessar framkvæmdir. Virkjunarsvæðið er nálægt einu af verstu uppblásturssvæðum landsins.	Það er metið svo að virkjun í Svartá muni ekki hafa mikil áhrif á rof. Ekki er mikill aur á ferðinni í ánni og árbotninn víðast hvar grófur þar sem halli er mikill. Gróður þarf að ná nýju jafnvægi með skertu rennsli og fylgjast mætti með gróðurframvindu á bökkum reglulega eftir að virkjun er komin í rekstur.	5.4.3

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
169	Gróður	Pórarinn Blöndal	Gerð er athugasemd við orðalagið að lækkuð grunnvatnsstaða í hólum og við bakka vegna skerts rennslis muni líklega valda gróðurbreytingum og sagt að afleiðingarnar verði þess í stað rof og uppblástur með gróðureyðingu í ljósi gróðursögu Bárðardals.	Gert er ráð fyrir að þar sem grunnvatnsstaða lækki í hólum og við bakka geti ríkjandi tegundir gróðurs breyst úr votlendistegundum yfir í tegundir sem eru dæmigerðari fyrir þurrara land. Gert er ráð fyrir að nýir hlutar árbakka grói upp eins og núverandi bakkar hafa gert frekar en að gróðureyðing eigi sér stað út frá þeim.	5.4.4
170	Gróður	Pórarinn Blöndal	Gerðar eru athugasemdir við niðurstöðu mats á áhrifum á gróður þar sem þau eru <i>metin nokkuð til talsvert neikvæð, staðbundin og óafturkræf á virkjunarsvæðinu, en óveruleg þegar horft er til stærra svæðis s.s. á strengleiddinni og vísað er til skeytingarleysis um rofhættu.</i>	Mat á áhrifum á gróður á virkjunarsvæðinu kemur skýrt fram í niðurstöðunni en áhrif á gróður þegar horft er til heildarsvæðisins með strenglagningunni innifaldri eru nú metin óveruleg til nokkuð neikvæð vegna þess hve staðbundin áhrifin eru (voru metin óveruleg í frummatsskýrslu eins og fram kemur í athugasemd). Það breytir þó ekki staðbundnu áhrifunum á virkjunarsvæðinu, sem með tilliti til frágangs og mótvægisáðgerða eru helst talin neikvæð á votlendisgróður. Ekki er talið að virkjunin hafi mikil áhrif á rof þó svo að rof eigi sér stað á þessum slóðum.	5.4.4
171	Ásýnd	Pórarinn Blöndal	Það vekur furðu að ekki hafi verið reynt að myndgera breytingar á vatnsborðinu því nokkuð auðvelt er að reikna út rennsli í ám ( $\text{Rennsli} [\text{m}^3/\text{s}] = \text{flatarmál} [\text{m}^2] \text{ sinnum hraði vatnsins} [\text{m}/\text{s}].$ )	Rennsli í gegnum þversnið í farveg er jafnt og flatarmál þversniðsins margfaldað með hraða vatnsins. Þversniðsflatarmálið er ekki þekkt ef farvegurinn er ekki uppmældur og ekki heldur hraði vatnsins. Svo lengi sem botn farvegar er ekki þekktur er ekki vitað hvaða hlutar botnsins standi upp úr minnkðu rennsli. Þó svo að mynd 9 sé virðingaverð tilraun til að búa til vatnsborð eftir að rekstur virkjunar hefst þá er ekki alveg ljóst hvaða forsendur höfundur er að gefa sér varðandi rennsli og talið er að vatnsborðið sem sýnt er á myndinni sé of mikið skert. Bætt hefur verið við myndum í matsskýrslu sem sýna tilgátu framkvæmdaraðila að því hvernig skert rennsli gæti litið út í farvegi Svartár en hafa þarf í huga að útkoman verður alltaf ónákvæm.	5.4.10
172	Ásýnd	Pórarinn Blöndal	Ef vatnsborð verður ekki stöðugt er umtalsverð hættu á auknu rofi við bakka Svartár og að erfitt verði að hamla óafturkræfum áhrifum. Vísað er til rofs á bakka Svartár gegnt ármótum við Grjótá.	Eftir því sem lágmarksrennsli er meira verða minni sveiflur í rennsli á virkjuðum kafla. Ekki er verið að auka líkur á rofi á móts við Grjótá. Bakkar geta með tímanum gróið upp niður að lægra vatnsborði en flóð í Grjótá geta mögulega valdið rofi í bakka Svartár gengt ármótunum bæði fyrir og eftir virkjun.	5.4.10
173	Ásýnd	Pórarinn Blöndal	Efast er um að mótvægisáðgerðir nái að gera framkvæmdina afturkræfa.	Mótvægisáðgerðir geta haft áhrif á metið vægi en ekki afturkræfni.	5.4.10.5
174	Framkvæmdir	Pórarinn Blöndal	Gerð er athugasemd við áætlanir um sandnám um 250 m frá bakka Svartár og að því fylgi eyðilegging. Birt er mynd úr frummatsskýrslu (mynd 10 í athugasemd) sem sýnir útlínur svæðis þar sem sandnám er fyrirhugað og lína bendir á bakka Svartár á annarri mynd (ótölusett í	Samkvæmt kafla 5.4.1.3 verður hægt að fylla upp í lægð sem myndast við sandnám með umframefni úr uppgreftri og ganga frá yfirborði. Bent er á að svæðið þar sem sandnámið er fyrirhugað sést ekki á ótölusettri mynd af Svartárgili í athugasemd og línan þarna á milli gefur því villandi upplýsingar.	4.8, 5.4.1

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
			athugasemd), þar sem horft er niður Svarárgil að hólmasvæði.		
175	Framkvæmdir	Þórarinn Blöndal	Vísað er til kafla þar sem taldir eru upp helstu áhrifaþættir framkvæmda og þ.á.m. er kafli um efnistöku og haugsetningu. Þar er vísað til að annað efni til mannvirkjagerðar gæti verið sótt í malareyrar Skjálfafljóts þar sem fyrir eru samþykktar efnisnámur. Einnig kemur fram að haugsetning á afgangsefni geti haft sjónræn áhrif. Birt er mynd af malarhaug í námu og vísað til að uppsafnað afgangsefni muni líklega blasa við viðá að. Gerð er athugasemd við að aukin efnistaka fari illa í þá sem tengjast uppbyggingu Skjálfafljóts sem laxveiðiár og spurt hvort það sé á hreinu hvaða samþykktu námur verði notaðar.	Eins og fram kemur í kafla 5.4.1.3 verða fyllingarefni til framkvæmda að stórum hluta unnin úr uppgröfnum efni. Ekki er hægt að gera mjög nákvæmar áætlanir um hversu stór hluti það verður og síðan er gert ráð fyrir að leyfi fái fyrir því að opna sandnámu utan í skurði aðrennslispípunnar eins og lýst er. Í kafla 4.8 er greint frá þeim námum sem eru á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar og standa næst framkvæmdasvæðinu. Ekki verður fjallað hér um umhverfisáhrif af efnistöku úr þegar samþykktum námum og ekki er verið að vísa til sjónrænna áhrifa af þeim eins og myndbirting með athugasemdinni gefur til kynna.	4.8, 5.3.1.5, 5.4.1.3
176	Landslag	Þórarinn Blöndal	Gerð er athugasemd við að í umfjöllun um landslag fái svæðið miðlungs gildi fyrir upplifun.	Stuðst er við viðmið sem starfshópur Skipulagsstofnunar og Umhverfisstofnunar lagði til að yrðu notuð við mat á verðmæti landslags auk fyrri verkefna við landslagsgreiningar. Gildi landslags er metið út frá þessum viðmiðum og þeim gögnum sem fyrir liggja þar um.	5.4.9.3
177	Markmið	Óli Halldórsson	Gerði við afgreiðslu tillögu að matsáætlun kröfu um að gerð yrði sérfræðiúttekt um m.a. almannahagsmuni, arðsemisforsendur, eigendur og væntar tekjur af virkjun.	Samkvæmt 3. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, staflað m, eru þjóðhagsleg áhrif og arðsemi einstakra framkvæmda ekki talin með umhverfisáhrifum.	1.1
178	Almennt	Óli Halldórsson	Svartárvirkjun sé framkvæmd sem að miklu leyti sé fyrirhuguð á ríkisjörð, Stóru-Tungu.	Mjög lítill hluti eiginlegra framkvæmda fer fram í landi Stóru-Tungu, sem er vestan Svartár, en annar stífluendinn verður á árbakkanum þeim megin og sömuleiðis fiskvegurinn. Aðrar framkvæmdir verða austan árinna. Helmingur vatnsréttinda tilheyrir hins vegar Stóru-Tungu. Fyrir liggur samningur við ríkið vegna þessarar nýtingar en réttlætning fyrir þeim samningi fer ekki fram í mati á umhverfisáhrifum.	3.1
179	Landnotkun	Óli Halldórsson	Svartá er einkar verðmæt veiðiá og sérstaklega hentug til svokallaðra þurrfluguveiða sem hafi verið stundaðar um árabíl. Í framlögðum gögnum komi fram að veiðinytjar muni skerðast við tilkomu Svartárvirkjunar og inntaksstíflu hafi augljós neikvæð áhrif þar sem	Gerð er grein fyrir metnum áhrifum á veiði í frummatsskýrslu og gera verður ráð fyrir að vatns- og veiðiréttarhafar taki tillit til þess mats í sinni afstöðu. Samkvæmt kafla 4.3 í frummatsskýrslu verður fiskgenget framhjá inntaksstíflu.	4.3, 5.4.13

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
			ófiskgengt verði framhjá henni. Það blasi við að ímynd Svartár til iðkunar stangveiði gerbreytist sem hafa muni bein neikvæð áhrif á sölu og markaðssetningu leyfa.		
180	Almennt	Óli Halldórsson	Sérstaklega varað við öllum spám um viðhald lífríkis með fyrirhuguðum rennslisstýringum. Vísað er til Köldukvísarvirkjunar á Tjörnesi þar sem eigendur virkjunar (og SSB Orku) hafi tekið ákvörðun um að hækka stífluna um marga metra eftir á með miklum afleiðingum. Ekki hafi verið fjallað um þessa hækkun og þær breytingar sem af hlutust við leyfisveitingar, þ.m.t. matsskylduathugun.	Vísað er til svara við atriðum 28 og 31 um virkni rennslisstýringa og áhrif í lífríki. Köldukvísarvirkjun á Tjörnesi er ekki til umfjöllunar í frummatsskýrslu um Svartárvirkjun.	
181	Jarðminjar	Óli Halldórsson	Hraunið umhverfis Svartárvirkjun, Bárðardalshraun, telst til nútíma eldhrauna sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum. Stíflan og lónstæðið valdi mestum skaða á þessu hrauni.	Útbreiðsla Bárðardalshrauns er sýnd á mynd 5.1 í frummatsskýrslu, á vesturbakka Svartár og fjallað er um áhrif framkvæmdanna á hraunið í kafla 5.4.1. Aðrir hlutar framkvæmdar, en stíflan og mögulega fiskvegur, skerða ekki hraunið.	5.4.1
182	Framkvæmd, skipulag	Óli Halldórsson	Nefnd sé ný leið fyrir línu/streng vestan í Hvítafelli sem ekki hafi verið metin nein áhrif af. Óljóst sé hvort fáist heimildir landeigenda og/eða skipulagsyfirvalda fyrir slíkum framkvæmdum.	Ný strengleið samkvæmt kosti 1 (fyrirhugað er að leggja jarðstreng en hvergi hefur verið minnst á raflínur) liggur utan í Hvítafelli að austan- og norðanverðu. Verði þessi kostur fyrir valinu verður fornleifafræðingur fenginn til skrá mögulegar minjar og séð til þess að strengur hafi ekki áhrif á þær, enda fellst Fornleifavernd á slíkt verklag í sinni umsögn. Í kafla 3.1 kemur fram að gerðir hafa verið samningar við eigendur allra jarða á leið samkvæmt kosti 1, sem eru 16 talsins. Samþykkt skipulag þarf ekki að liggja fyrir í mati á umhverfisáhrifum.	3, 4.9
183	Fuglar	Óli Halldórsson	Sérfræðiskýrslur sýni mikil og verulega neikvæð áhrif virkjunar á fuglalíf en verndargildi svæðisins sé afar mikið hvað varða fuglalíf og áhrifsvæðið órjúfanlegur hluti af þeirri heild. Áhrif á húsandarstofninn séu ekki eingöngu á svæðisvísu heldur á landsvísu.	Vísað er til svara við aths. nr. 33-36, 38 og 70.	5.4.5



Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
184	Samfélag	Óli Halldórsson	Spurt er hvort það vanti rafmagn í nærliggjandi sveitir eða raforku á Íslandi almennt. Einnig hvort virkjunin leysi samfélagslegan vanda sem uppi sé. Ekki fjallað af neinni dýpt um forsendur og samfélagsleg áhrif. Matsgögn sýni að eingöngu hljótist neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og möguleika framtíðar til útivistar og ferðamennsku á svæðinu.	Vísað er til kafla 1.1. um markmið verkefnisins en þar kemur m.a. fram að Orkustofnun hefur hvatt sveitarfélög til að stuðla að byggingu smávirkjana vegna yfirvofandi orkuskrorts utan SV-horns landsins og á NV-landi m.a. vegna takmarkana í flutningskerfinu. Varðandi umfjöllun um samfélagsleg áhrif er vísað til viðbragða við athugasemd nr. 330 og um áhrif virkjunarinnar á samfélagið til nr. 83. Virkjun Svartár skapar forsendur til þess að hægt verði afhenda þriggja fasa rafmagn á þessu svæði fyrir en er áætlað en dreifingaraðilar verða þó að koma að því samkvæmt lögum. Virkjunin skapar tekjur fyrir landeigendur, sem einnig eru vatns- og veiðiréttarhafar, svo og fyrir sveitarfélagið.	1.1, 5.4.11
185	Samfélag, niðurstaða	Óli Halldórsson	"Undirritaður hefur aflað upplýsinga um viðskiptasamninga og fleiri gögn um Svartárvirkjun, sbr. hluta af því sem birt er ...". Áhrifin eru mikil og neikvæð fyrir almenning og náttúruna. Ávinningurinn er takmarkaður og eingöngu fyrir örfáa einstaklinga í eigin fjárfestingum.	Látið er liggja að því að áhrifin verði meiri en lýst er með því að vísa til óbirtra viðskiptagagna og gefa sér forsendur um tilhögun virkjunar sem ekki standast með því að ýja að því að rafmagn verði leitt með línunum frá virkjun, ófiskgengt verði framhjá stíflu og rennsli verði ekki í farvegi eftir virkjun þar sem viðkomandi þykja áhrifin annars greinilega ekki nógu áhrifamikil.	
186	Fuglar	Halldór Valdimarsson	Vitnað er til sérfræðiskýrslu NNA og ályktað að verndargildi Svartár og Suðurár sé mjög mikið. Svartárvirkjun muni hafa afgerandi neikvæð áhrif á fuglalíf og tegundir sem háðar séu ánni muni missa búsvæði sín, t.d. húsöndin sem Ísland beri alþjóðlega ábyrgð á.	Vísað er til svara við aths. nr. 33-36, 38 og 70.	5.4.5
187	Landnotkun	Halldór Valdimarsson	Vísað til áljúts Veiðimálastofnunar annars vegar, þar sem fram kom að væntanlega yrði ófiskgengt fram inntaksstíflu, og áljúts Hafrannsóknastofnunar hins vegar. "Samkvæmt þessum fyrirbyggjandi sérfræðiskýrslum verður stórfelld röskun á fiskgengd í Svartá þar sem svæðin sitt hvoru megin við virkjunina verða aðskilin með mannvirkjum". Geta árinna til að bera framburð og viðhalda lífvænlegu umhverfi fyrir fisk verði stórskert.	Bent er á að Veiðimálastofnun gerði skýrslu um sínar athuganir á vatnalífi og veiðimálum árið 2015 og var svo beðin um frekari greinargerð árið 2016 í kjölfar ákvörðunar um matsskyldu virkjunarinnar. Þá hafði Veiðimálastofnun verið sameinuð Hafrannsóknarstofnun. Tilvitnuð setning í skýrslu frá 2015 um að væntanlega verði ófiskgengt framhjá inntaksstíflu er forsenda sem Veiðimálastofnun gaf sér sjálf. Í fyrirspurn um matsskyldu framkvæmdanna frá des. 2015 kemur fram að framkvæmdaraðili hyggist gera fiskveg við inntaksstífluna og í frekari vinnu sem óskað var eftir frá Veiðimálastofnun/Hafrannsóknarstofnun árið 2016 var stofnunin beðin um að meta áhrif fiskvegar. Frjálstlega er farið með kynnta framkvæmdalýsingu í athugasemdunum. Geta árinna til að bera framburð verður skert á áhrifakafla milli stíflu og frárennslis.	5.4.13
188	Landnotkun	Halldór Valdimarsson	Ekki virðist fjallað neitt um möguleg óhöpp eða vanefndir á fyrirætluðum um stöðugt vatnsrennsli í Svartá eftir virkjun.	Trygging á lágmarksrennsli felur í sér að farvegur á áhrifakafla þorni ekki. Vatn mun fara niður fyrir stífluna, um op á stíflunni eða yfir flípalokur í farveginum. Vöktun verður á rennsli vatns í farveginn neðan stíflu.	

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
189	Gróður	Halldór Valdimarsson	Rask á gróðurlendum af ýmsu tagi mun hljóta af framkvæmdinni. Náttúrufræðistofnun hafi ekki verið beðin um að meta áhrif framkvæmdar á gróðurfar á lagnaleið.	Eins og fram kemur í kafla 5.4.4 í frummatsskýrslu verður rask á gróðri á framkvæmdasvæðinu. Með vönduðum frágangi á leið aðrennslispípu og við jaðar mannvirkja eiga svæðin að falla vel að sínu nánasta umhverfi á tiltölulega stuttum tíma eftir að framkvæmdum lýkur. Merki um plægingu strengs eiga að mást út á nokkrum árum, sérstaklega á vel grónum svæðum. Ní er lögbundinn umsagnaraðili og því ekki æskilegt að hún komi jafnframt að rannsóknnum og mati fyrir framkvæmdaaðila. Þó var Ní fengin til að gera gróðurkort af strengleið, en það var gert áður en stofnunin fékk það hlutverk að vera umsagnaraðili við gildistöku nógildandi laga um náttúruvernd.	5.4.4
190	Fornleifar	Halldór Valdimarsson	Vísað er til nýrrar strengleiðar á nyrðri hluta leiðar að Laxá og að ekkert formlegt mat á umhverfisáhrifum fylgi á þeirri leið eða frágengnir samningar við landeigendur. Í umsögn Fornleifastofnunar komi fram að minjar séu flestar í hættu eða stórhættu á lagnaleiðinni. Á framanverðum þegjandadal sé að mati undirritaðs eitt merkilegasta óraskaða minjasvæði landsins sem Fornleifastofnun og Hið Þingeyska fornleifafélag hafi unnið að rannsóknnum á og birt um það skýrslur.	Áður fyrirhuguð og ný strengleið á nyrðri hluta leiðar að Laxá, samkvæmt kosti 1, eru birtar á mynd 1.1 í frummatsskýrslu. Athygli er vakin á að á einum stað í kafla 4.9 er sagt að farið verði vestan í Hvítafelli en réttara væri að segja að fyrirhugað er að fara austan og norðan í fellið. Þetta hefur verið leiðrétt í matsskýrslu. Í kafla 5.4.4 um gróður í frummatsskýrslu kemur fram samanburður á vistgerðum á þessum leiðum og vísað er til skráða minja á þegjandadal skv. skýrslu Fornleifastofnunar frá 2007 í kafla 5.4.7 um fornleifar. Verði þessi strengleið fyrir valinu verður farið í nánari skráningu á þeirri leið og strengleiðin færð frá minjum verði þess þörf. Þá má einnig benda á að skv. aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 er leið fyrir ljósleiðara vestan í Þorgerðarfjalli og því ætti einnig að vera hægt að finna leið fyrir rafstrenginn á sömu slóðum. Í kafla 3.1 og 6.1 kemur fram að samningar liggja fyrir við landeigendur á strengleið samkvæmt kosti 1.	4.9, 5.4.4, 5.4.7
191	Ferðamennska og útivist	Halldór Valdimarsson	Neikvæð áhrif verða með tilkomu Svartárvirkjunar á ferðaþjónustu. Virkjunin mun skerða þessa einstöku hálendisvin.	Vísað er til viðbragða við atriðum aftar, nr. 242 og nr. 265.	5.4.12
192	Ferðamennska og útivist	Viðar Hreinsson	Lýst er miklum áhyggjum af áhrifum virkjunarframkvæmda við Svartá á verkefni viðkomandi og fleiri aðila í akademískri ferðaþjónustu við Svartárvirkjun, sem nýtir einnig tímabundið aðstöðu við Kiðagil þangað til uppbygging hefur farið fram við Svartárvirkjun. Frummatsskýrslunni er fundið flest eða allt til foráttu og ýmislegt virðist hlægilegt og unnið af vankunnáttu og þekkingarskortu að mati ritara. Heimspekingar, siðfræðingar og hugvísindamenn er taldir betur til þessarar vinnu fallnir.	Verkefnið <i>Svartárvirkjun, menning - náttúra</i> virðist vera mjög jákvætt framtak sem vonandi á eftir að lifa og dafna. Sá ótti við að fótunum verði kippt undan starfsemiinni með framkvæmdum á öðrum jörðum í sveitinni en ferðaþjónustan fer fram og á að fara fram á, virðist að mati framkvæmdaraðila úr samhengi við fyrirhugaðar framkvæmdir og metin áhrif. Eru forsendur verkefnisins í Svartárvirkjun þær að ekkert sé aðhafst til þróunar byggðar í Bárðardalnum? Er þessi starfsemi í samræmi við gildandi skipulag í Bárðardal og hvaða kvaðir er verið að setja á nærliggjandi jarðir og nýtingu vatnsréttinda sem þeim fylgja?	5.4.12

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
193	Almennt	Viðar Hreinsson	Ýmsar aths. eru gerðar á 18 bls., varðandi t.d. hver vinnur matið, afturkræfni og aðferðafræði, rask á nútímahrauni, rennsli, vatnsrennsli umhverfis hólma, votlendi, fugla s.s. húsönd og fálka, áhrif skerts rennslis á ásynd, samfélag (ruðningsáhrif á uppbyggingu náttúru- og menntatengdar ferðaþjónustu og klofning sem verði í sveitinni vegna framkvæmdanna), ferðamennsku, veiði og mikil áhersla er lögð á matið vægi áhrifa á alla þessa þætti auk nokkurra annarra.	Vísa er til viðbragða við öðrum sambærilegum efnislegum atriðum, s.s. nr. 248 varðandi hver vinnur matið, 42 um afturkræfni, 272 varðandi aðferðafræðina, athugasemd UST nr. 73 um röskun á nútímahrauni, nr. 28 um rennsli, 82 og 158 um rennsli umhverfis hólma, 61 um áhrif á votlendi, 33-37 og 222 húsundur, 227 um aðrar válistategundir, 40 og 166 um ásynd á skert rennsli, 192 um áhrif á uppbyggingu náttúru og menntatengdar ferðaþjónustu og 9 og 88 um ferðamennsku og 25 um veiði.	
194	Rammaáætlun	Viðar Hreinsson	Fjallað er um lokaskýrslu verkefnisstjórnar 3. áfanga rammaáætlunar og vísað til þess að Suðurá/Svartá komi fram í gátlista í viðauka skýrslunnar fyrir röðun svæða eftir verðmætum og árnar séu því óbyggjandi hluti þeirrar heildar sem Skjálfandaflljót myndar. Einnig komi Svartá fram í töflu með grunneinkunnir yfir verðmætamat og áhrifamat mismunandi virkjunarkosta og helstu rök (faghópur 1). Því hljóti Svartá og Suðurá að verða friðlýstar um leið og lög um 3. áfanga rammaáætlunar taka gildi.	Í viðauka lokaskýrslu verkefnisstjórnar kemur Suðurá/Svartá fram í upptalningu á atriðum með sérstakt mikilvægi fyrir Skjálfandaflljót, í gátlista fyrir röðun svæða eftir verðmætum, eins og fram kemur í athugasemd, og árnar hafa því greinilega vægi í matinu. Einnig er sérstaklega tiltekið í nefndri töflu sem er í viðauka með lokaskýrslunni að þurrkun farvegjar Suðurrá með Hrafnabjargavirkjun A og B hafi áhrif á fiska og smádýralíf í Svartá. Vegna aðstæðna og lífríkis á þessum rúmlega 3 km langa kafla sem fyrirhugað er að taka vatn úr, er gert ráð fyrir mótvægisáðgerðum á formi tiltölulega mikils lágmarksrennslis og fiskvegjar framhá stíflu. Ekkert er vitað á þessu stigi hvernig og hvort af friðlýsingu verði en nú er unnið að 4. áfanga rammaáætlunar.	
195	Almennt	Viðar Hreinsson o.fl.	Sjö fylgiskjöl með athugasemdum lýsa ánægju og stuðningi erlendra háskólamanna sem tekið hafa þátt í námskeiðum tengdum <i>Svartáarkoti, menning - náttúra</i> við það verkefni. Í fylgiskjali 3 kemur fram að viðkomandi aðili telur að drög frummatsskýrslu dragi alvarlega úr þeirri eyðileggingu á svæðinu sem framkvæmdirnar myndu valda.	Framkvæmdaraðili hefur að sjálfsögðu hvorki ásetning né vilja til að skemma fyrir annarri uppbyggingu eða starfsemi á svæðinu og telur að sá ótti sé úr fasa við þau áhrif sem fyrirhugaðar framkvæmdir muni koma til með að hafa. Mótvægisáðgerðir til að viðhalda vatnalífinu og öðru lífríki sem byggir á vatni árnar, svo og áætlanir um að fella mannvirkin vel að umhverfi sínu til að draga úr áhrifum á ásynd og landslag eru taldar til þess fallnar að lágmarka áhrif á ferðamennsku, sem hljóta að miklu leyti að byggja á ímynd svæðisins. Fylgiskjöl erlendra þátttakenda í námskeiðum verkefnisins í Svartáarkoti, sem eru að mestu leyti almenns eðlis, vekja upp spurningar um hvaða gögn viðkomandi aðilar hafa haft til grundvallar þegar áhyggjum af áhrifum virkjunarframkvæmdanna er lýst þar sem öll gögn málsins eru á íslensku. Draga má í efa að ritari athugasemda hafi sett fram gögn til þátttakenda á hlutlausan hátt.	

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
196	Aðferðafræði	Náttúruminjasafn Íslands	Megintilgangur mats á umhverfisáhrifum sé ekki að tiltaka hvað mönnum finnist jákvætt eða neikvætt og hugtökin séu ekki skilgreind. Notkunin sé gildishlaðin.	Samkvæmt 20. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum skal í frummatsskýrslu koma fram flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa á grundvelli leiðbeininga sem Skipulagsstofnun hefur gefið út. Í frummatsskýrslu er í kafla 5.1 vísað til leiðbeininga Skipulagsstofnunar frá 2005 en samkvæmt þeim á að m.a. að gera grein fyrir hvort áhrif séu jákvæð eða neikvæð og þar eru hugtökin skilgreind.	5.1.3
197	Aðferðafræði	Náttúruminjasafn Íslands	Hugtökin afturkræf og óafturkræf áhrif séu hvergi skilgreind. Ferlar í náttúrunni séu jafnan það flóknir og margir hverjir óræðir að ómögulegt sé fyrir manninn að endurskapa náttúruna í sinni upprunalegu mynd.	Hugtökin afturkræf og óafturkræf áhrif er skilgreind í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar sem vísað er til í kafla 5.1 í frummatsskýrslu. Þar kemur m.a. fram að líta megi á að afturkræf áhrif séu þess eðlis að þeirra hætti að gæta eftir tiltekinn tíma og að raunhæft sé eða unnt að gera ráð fyrir að hægt sé að færa í <i>sama eða svipað horf</i> og áður en kom til framkvæmda. Bætt hefur verið við töflu í kafla 5.1 í matsskýrslu með skilgreiningum á einkennum áhrifa upp úr áðurnefndum leiðbeiningum.	5.1
198	Aðferðafræði	Náttúruminjasafn Íslands	Dregur í efa réttmæti staðhæfinga skýrsluhöfunda um að áhrif á straumönd, húsönd og fleiri vatnafugla séu afturkræf. Hending kunni að ráða því hvort tiltekinn stofn fuglategundar snúi til baka eða ekki. Telur nær fullvíst að það dugi ekki að hleypa aftur vatni á farveginn þar sem líklegt sé að botngerð farvegar hafi breyst til frambúðar, m.a. vegna hruns úr bökkum og vatnalífverur hafi þurrkast út á staðnum. Þá ekki gefið að áhrif á urriða og bleikju séu afturkræf.	Farvegur verður ekki þurrkaður þar sem fyrirhugað er að tryggja ákveðið lágmarksrennsli eins og fram kemur í frummatsskýrslu. Ekki er líklegt að botngerð breytist til frambúðar, setjist efni til vegna minna rennslis getur það síðar flust niður farveginn í flóðarennslis. Stofnar nefndra dýrategunda munu ekki þurrkast út á svæðinu þótt til skerðingar komi á búsvæðum á áhrifasvæði, rúm 60% af botnfleti verði enn undir vatni á áhrifasvæði skv. mati Hafrannsóknarstofnunar.	5.1, 5.4.5
199	Vatnalíf	Náttúruminjasafn Íslands	Almennt sé ófullnægjandi grein gerð fyrir mati á áhrifum á fiska, vistgerðir og vatnalífriki í Svartá. Rannsóknir á fiskum séu takmarkaðar í tíma og rúmi. Tilfinnanlega skorti upplýsingar um breytileika í líffræði fiskistofnanna milli og innan ára. Sama eigi við um vatnadýr og gróður. Engar eða mjög takmarkaðar upplýsingar séu veittar um stofngerð, arfgerð og svipgerð fisktegunda og gögn um vistfræði og lífsöguþætti, m.a. fæðu, búsvæðaval og farhætti, séu mjög takmörkuð. Ekki fáist raunsönn mynd af gerð og eðli lífríkisins vegna skorts á upplýsingum.	Í ákvörðun Skipulagsstofnunar voru ekki gerðar frekari kröfur eða athugasemdir við umfang rannsókna vegna vatnalífríkis, umfram þær sem tilgreindar voru í matsáætlun.	5.4.6

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
200	Vatnalíf	Náttúruminjasafn Íslands	Gerð er (alvarleg) athugasemd við umfjöllun um verndargildi Svartár og áhrifasvæða m.t.t. vistgerða og að ekki sé gerð tilraun til að meta verndargildi Svartár samkvæmt tillögum að mati á verndargildi vatnavistkerfa.	Aðferðarfræði við mat á verndargildi vatnavistkerfa hefur ekki verið staðfest hér á landi svo vitað sé. Í frummatsskýrslu er vísað til tillagna um mat á verndargildi vatnavistkerfa í skýrslu sem unnin var í tengslum við mat á áhrifum Kárahnjúkavirkjunar á vatnalíf. Einnig er bent á að ef tekið er mið af þeirri aðferðarfræði sem beitt var fengi Svartá væntanlega fremur hátt verndargildi sökum tegundafjölbreytni, hás þéttleika tegunda og hárrar rafleiðni. Svæðið liggur utan friðlýstra svæða eða svæða á náttúruminjasákrá og fellur ekki undir skilgreininguna óbyggt víðerni.	5.4.6
201	Vatnalíf	Náttúruminjasafn Íslands	Ekki sé fjallað um í frummatsskýrslu að Svartá og vatnasvið hennar megi fella undir vistgerðina "kaldar lindir", sem hafi mjög hátt verndargildi og sé á skrá Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnist verndar. Einnig að vistgerðin <i>ár á yngri berggrunni</i> sé tillaga um nýjan flokk í svokölluðu EUNIS flokkunarkerfi sem segi sitthvað um fágæti vistgerðarinnar á hnattræna vísu.	Ábending um fella megi Svartá og vatnasvið hennar undir vistgerðina "kaldar lindir" sem hafi mjög hátt verndargildi og sé á skrá Bernarsamningsins frá 2014 er óljós og ekkert er að finna þess efnis í umfjöllun stjórnvalda hér á landi um þann samning. Rétt er að í vistgerðaflokkun í vistgerðarvefsjá, er vistgerðin <i>ár á yngri berggrunni</i> , tillaga um nýjan flokk í EUNIS flokkunarkerfinu, en það eru lindár og lindavatnsskotnar dragár á yngri berggrunni landsins. Ár þessar eiga það sammerkt að eiga upptök í lindum, einkennast af stöðugu rennsli og vatnshita, þar er rof lítið og bakkar vel grónir, ár grafa sig lítið niður og árfamburður er lítill.	
202	Vatnalíf	Náttúruminjasafn Íslands	Viðeigandi aðferðum sé ekki beitt við mat á verndargildi vatnalífríkis.	Vísað er til svars við atriði nr. 19 hér að ofan um aðferðarfræði við mat á verndargildi vatnalífríkis .	
203	Vatnalíf	Náttúruminjasafn Íslands	Frummatsskýrsla varpi ekki ljósi á hnattræna stöðu lindavatnskerfa sem Svartá tilheyrir, en lindavatnskerfin flokkist sem helstu einkenni í náttúru landsins og hafi mikla sérstöðu í hnattrænu samhengi vegna magns og útbreiðslu (sbr. Hvítbók um náttúruvernd, 55. gr. náttúruverndarlaga o.fl.).	Fjallað er um lindár í kafla 5.4.6 í frummatsskýrslu á bls. 61 og 69, sjá einnig viðbrögð við aths. nr. 146. Ekki var talin þörf á að fjalla um lindár á Íslandi í hnattrænu samhengi í mati á umhverfisáhrifum Svartárvirkjunar.	5.4.6
204	Vatnalíf	Náttúruminjasafn Íslands	Hvergi sé varpað ljósi á eða bent á stöðu urriða eða bleikju í Svartá á landsvísu eða í hnattrænu samhengi.	Mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðar Svartárvirkjunar felur í sér að meta áhrif þeirrar framkvæmdar á stofna urriða og bleikju í ánni en ekki að meta áhrif á stöðu þessara stofna á landsvísu eða í hnattrænu samhengi.	

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
205	Vatnalíf	Náttúruminjasafn Íslands	Gagnvart vatnalífriki þurfi m.a. að rannsaka betur og gera grein fyrir að vatnshiti muni líklega hækka að sumri en lækka að vetrum sem geti breytt tegundasamsetningu jurta og dýra, áhrif á lífríki vegna aukinnar ísmyndunar í farvegi, efnisburði í Svartá m.t.t. mismunandi kornastærðar fyrir og eftir virkjun auk hruns úr bökkum í kjölfar rennislisminnkunar, ekki sé vikið nánar að því í mati að í Svartá kunni að vera staðbundinn stofn bleikju, hvernig fari fiska sé háttáð núna milli þess hluta Svartár sem verður neðan fyrirhugaðrar stíflu og efri hluta sem nær bæði til Svartár og Suðurár, ekki sé gerð grein fyrir magni útskolunarefna í lónstæði né með hvaða hætti eigi að standa að útskolun og ekki sé gert ráð fyrir að framburðarefni af mismunandi kornastærð sem Svartá beri með sér muni setjast fyrir í lónstæði.	Vísað er til viðbragða við atriði nr. 154 varðandi áhrif íss á lífríki. Ofan stíflu mun hægjast á vatnshraða en vegna smæðar inntakslónsins verða áhrifin ekki stórkostleg. Finna efni getur sest til ofan stíflu en skolast svo aftur niður í farveginn í flóðarennslí. Ekki er gert ráð fyrir að mikill framburður sé þarna á ferðinni en reynslan verður að leiða í ljós hvernig þessum rekstri sé best háttáð. Ljóst má vera að við núverandi aðstæður takmarkast far fiska upp á efri hluta árinna, sem nær bæði til Svartár og Suðurár, við Ullarfossinn sem er ófiskgengur. Fiskur getur gengið niður eða hrakist af efra svæðinu niður fossinn en ekki upp aftur. Líklega er einhver samgangur milli Svartár og Skjálfafljóts, en í Svartá er talið að eingöngu sé um staðbundna stofna að ræða. Með fiskvegi um stífluna mun fiskur eiga möguleika á að ganga upp að Ullarfossi eins og fyrir virkjun og áfram niður fossinn af efra svæðinu niður ána.	5.4.2 5.4.6
206	Fuglar	Náttúruminjasafn Íslands	Segir takmarkaðar rannsóknir á votlendisfuglum verða að teljast ófullnægjandi. Önnur fuglaathugun Náttúrustofu Norðausturlands nái til 3 daga í júní og júlí 2012 og hin hafi verið framkvæmd í lok maí og byrjun júní 2016. Sama eigi við athugun Verkís á fuglalífi á strengleið, hvorki sé tekið tillit til breytileika innan né á milli ára.	Athuganir Náttúrustofunnar á andfuglum árið 2016 fóru fram í lok maí, byrjun júní, byrjun ág., lok ágúst og lok september eins og lesa má um í skýrslu í viðauka 4 með frummatsskýrslu. Þá voru talningar ársins 2016 bornar saman við talningar sem hafa verið framkvæmdar á Svartárvatni og efsta hluta Svartár frá 1990-2016. Eftir gerð frummatsskýrslu voru fuglar á áhrifasvæði virkjunar á ánni taldir í janúar 2018, sjá einnig viðbrögð við athugasemd nr. 33. Athugun á fuglalífi á strengleið fylgir aðferðafræði sem notuð er af NÍ og fleiri aðilum hér á landi og er sambærileg við það sem gert hefur verið við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.	5.4.5
207	Fuglar	Náttúruminjasafn Íslands	Segir að umferð á svæðinu, t.a.m. að stíflumannvirkjum muni vafalítið aukast vegna bætts aðgengis og líkur á truflun því aukast meðal annars aksturs á fugla og fálka þar með talið.	Ekki er gert ráð fyrir að umferð um svæðið að stíflumannvirkjunum aukist mikið þó núverandi slóðar í jaðri túna verði lagaðir og hætta á akstri á fugla ætti því ekki að aukast. Hægt er að takmarka umferð ökutækja annarra en landeigenda við þá sem koma að-framkvæmdum og rekstri virkjunarinnar. Mjög sjaldgæft er að ekið sé á fálka og ólíklegt að slíkt gerist við hægjan akstur á slóðum. Líklegt er að umferð veiðimanna á árbakka og dvöl þeirra á veiðistöðum hafi mun meiri truflun í för með sér fyrir fugla á og við ána.	5.4.5

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
208	Vatnafar	Náttúruminjasafn Íslands	Rennsli á ársgrunni minnki stórlega eða um 80-95%	Samkvæmt frummatsskýrslu verður lágmarksrennsli í gegnum stíflu 15% af meðalrennsli og um 500 m neðar bætist rennsli úr Grjótá við rennsli í farveginum. Neðan við Grjótá verður rennsli þannig minnst rúm 17% þegar rennsli í Svartá er nálægt virkjuðu rennsli að viðbættu skilgreindu lágmarksrennsli og viðbót frá Grjótá 1 m <sup>3</sup> /s og skerðing því mest tæp 83%. Við annað rennsli í Svartá verður hlutfallið eftir virkjun hærra og á ársgrunni er því skerðingin minni. Við hækkað lágmarksrennsli eins og fram kemur í matsskýrslu, verður skerðing mest 78%.	4.2
209	Vatnafar	Náttúruminjasafn Íslands	Umfang svæða sem verði fyrir lækun grunnvatnsstöðu meðfram Svartá og þrýstipípunni komi ekki fram.	Umfang svæða er ekki tiltekið í frummatsskýrslu en fram kemur að minnkað rennsli muni helst geta haft áhrif grunnvatnsstöðu á árbökkum sem standa lágt yfir vatnsborði árinna og í hólum. Varðandi votlendissvæði á leið aðrennslispípu þá ber vistgerðakortum NÍ ekki vel saman við afmörkun sem Náttúrustofa Norðausturlands gerði á vot- og deiglendi. Samkvæmt vistgerðarkortagrunni er votlendi aðeins um 0,1 ha á leið aðrennslispípu eins og fram kemur í töflu 5.3 í frummatsskýrslu.	5.4.4
210	Vatnafar	Náttúruminjasafn Íslands	Áhrif lækkaðrar grunnvatnsstöðu á mögulega losun á CO <sub>2</sub> eru hvergi metin í skýrslunni.	Fram kemur í frummatsskýrslunni að gripið verði til mótvægisáðgerða til að reyna þetta skurð fyrir aðrennslispípu til að hún hafi sem minnst áhrif á grunnvatnsstöðu en á móti því landi sem þornar verður votlendi endurheimt í samræmi við þær leiðbeiningar sem í gildi eru. Það sama á við ef votlendi við ána þornar þá verður annað votlendi endurheimt á móti. Því eiga nettó áhrif á losun CO <sub>2</sub> ekki að vera neikvæð, frekar eiga þau að verða jákvæð þar sem núgildandi leiðbeiningar gera kröfu um að meira votlendi sé endurheimt en það sem þornar.	5.4.4
211	Vatnafar, gróður	Náttúruminjasafn Íslands	Gerð, eðli og umfang áhrifa á vistfræði og lífríki vegna lækkaðrar grunnvatnsstöðu er hvergi getið eða þau magnbundin og rökstudd.	Fjallað er um grunnvatnsstöðu í kafla um vatnafar í frummatsskýrslu og þar kemur fram að lækkað vatnsborð muni helst hafa áhrif á í hólum sem standa lágt yfir vatnsborðinu. Ljóst má vera að staðbundnar breytingar á grunnvatnsstöðu munu hafa áhrif á ríkjandi gróður og annað lífríki. Hins vegar er ekki talið að þessi áhrif muni ná yfir stór svæði vegna þeirra aðgerða sem fara á í til að lágmarka áhrif af skurði undir aðrennslispípu.	5.4.2, 5.4.6
212	Vatnafar, gróður, vatnalíf	Náttúruminjasafn Íslands	Rennslisáhrif, efna- og eðlisþættir Svartár, með um 25% af rennsli Skjálfandafljóts, munu gjörbreytast á ársgrunni. Engin grein er gerð fyrir áhrifum á Skjálfandafljót, þ.e. framburði vatns og uppleystra efna, vatnshita og sýrustigi og breytingar á lífsskilyrðum fyrir vatnagróður og -dýr, þ.m.t. fari fiska á milli Skjálfandafljóts og Svartár. Afmörkun áhrifasvæðis ofan við ármót við Skjálfandafljót sé röng.	Rennslisáhrif Svartár við ármót við Skjálfandafljót verða sambærilegir fyrir og eftir tilkomu Svartárvirkjunar þar sem um rennslisvirkjun er að ræða, án miðlunar. Áhrif á hitastig verða sömuleiðis lítil, sérstaklega neðan við frárennsli virkjunar og áður en það rennur út í Skjálfandafljót. Áhrif á skilyrði í Skjálfandafljóti eru metin óveruleg. Glæfra er talin torfiskgengd, þ.e. ekki er útilokað að stærri fiskar komist þar um. Farið verður í aðgerðir í farveginum til að auðvelda far fiska verði þess talin þörf, t.d. með því að búa til stalla.	5.4.2, 5.4.5, 5.4.6



Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
213	Fuglar	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn (Ramý)	Svartá sé athvarf húsanda þegar fæðuskilyrði á Mývatni og Laxá séu í niðursveiflu, eins og dæmi sé til um frá 1989.	Vísað er til svars við atriði nr. 34.	5.4.5
214	Fuglar	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	Líkur séu á að straumandavarp á kjarnasvæðum stofnsins haldi uppi ungaframleiðslu fyrir önnur svæði. Straumöndum hafi fækkað á Laxá mörg undanfarin ár og líklegt að Svartá skipti máli fyrir endurnýjun stofnsins.	Vísað er til svars við atriði nr. 38.	5.4.5
215	Landslag	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	Nærumhverfi árinna er hvorki kynnt né metið og engin tilraun gerð til að lýsa nærlandslagi árinna.	Við landslagsgreiningu vegna mats á virkjun í Svartá var horft til þess að greiningin næði yfir suðurhluta Bárðardals. Í umfjöllun um landslag er bæði fjallað um landslag á því svæði, en einnig litið til smærri skala og landslag metið umhverfis ána sjálfa, svokallað nærlandslag árinna. Lýsingu á landslagi við Svartá er m.a. að finna í kafla 2.3 og kafla 5.4.9.	5.4.9
216	Fornleifar	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	Fleiri fornaldarbærir eru á og í grennd við virkjanasvæðið en lýst er.	Frummatsskýrslan byggir á skráningum og úttekt Fornleifastofnunar Íslands. Upplýsingum um fleiri forn bæi verður komið á framfæri við Fornleifavernd, hafi það ekki þegar verið gert, og afstaða mannvirkja virkunar til þeirra skoðuð við leyfisumsóknir til stofnunarinnar.	5.4.7
217	Fornleifar	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	"Fornminjum á línuleiðinni er illa lýst vegna þess að leiðinni var breytt eftir að fornleifaskráning fór fram."	Verði strengileið samkvæmt kosti 1 fyrir valinu verður farið í skráningu á þeim hluta leiðarinnar sem ekki hefur þegar verið skoðaður og þá verður hægt að leita eftir því að fá aðgang að óbirtum gögnum sem vísað er til í athugasemd.	5.4.7
218	Almennt	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	Sagt er að villandi staðhæfing sé í útdrætti á titilblaði skýrslu þar sem taldir eru upp helstu áhrifaþættir framkvæmda. Þá segir í athugasemdinni að helstu áhrif virkunarinnar felist í breytingu á 3 km kafla árinna.	Helstu áhrifaþættir framkvæmdar og helstu áhrif sem af þeim hljóttast eru ekki einn og sami hluturinn og því er um misskilning að ræða. Verið er að telja upp þá þætti framkvæmdar, þ.á.m. mannvirkin s.s. inntaksstífluna sem aftur hafa áhrif á viðkomandi umhverfisþætti, t.d. vatnafar.	5.3
219	Vernd	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	Náttúruverndargildi svæðisins er ekki metið. Með tilliti til verndargildis svæðis mætti búast við að áhrifin yrðu metin mun neikvæðari.	Fjallað er um stefnuskjöl stjórnvalda og hvaða ákvæði eru í gildi, t.d. í skipulagi og öðrum áætlunum, varðandi verndun. Vægi áhrifa er metið m.t.t. hvers skilgreinds umhverfisþáttar fyrir sig. Framkvæmdin er inni á skipulögðum landbúnaðarjörðum þar sem engin verndun er í gildi utan sérstakrar verndar á hrauni og votlendi. Hraunið sem verður fyrir litlu raski er ekki metið með hátt verndargildi á þessum stað vegna fyrra rasks og gripið verður til mótvægisáðgerða með endurheimt á móti því votlendi sem verður raskað.	5.4.14
220	Ásýnd	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	Myndir af virkjunarsvæði gefi villandi mynd af áhrifum virkunar þar sem rennsli virðist óskert.	Vísað er til viðbragða við athugasemd nr. 166. Skipulagsstofnun samþykkti frummatsskýrsluna eins og hún var birt eftir yfirferð og umræður um myndbirtingar af minna rennsli í farvegi. Myndum með tilgátu að ásýnd á vatnsborð við skert rennsli hefur verið bætt við matsskýrslu.	4, 5.4.10



Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
221	Vatnafar	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	Rennsli skerðist um nánast allt rennsli Suðurár sem er um 85% af sameiginlegu rennsli Suðurár og Svartár. Botnflötur árinna skerðist enn meira. Gera má ráð fyrir að krapastíflur og grunnstingull þurrki upp farveginn neðan stíflu öðru hverju flesta vetur. Vetrarrennsli Grjótár sé óþekkt en hún frjósi auðveldlega og rennsli hennar verði hverfandi á sama tíma og krapastíflur liggja í farvegi Svartár.	Miðað við að skilgreina lágmarksrennsli sem 15% af meðalrennsli við mælinn ofan stíflu þá verður sá hluti sem fer til virkjunar um 85% sem er nálægt því að vera rennsli Suðurár. Misskilnings virðist gæta varðandi botnflötinn því skv. bls. 69 í frummatsskýrslu, sem vísað er til í athugasemd, er gróft áætlað að botnflötur á þeim kafla sem vatn verður tekið af, skerðist um 40%. Samsvarandi skerðing á botnfloti miðað við lágmarksrennsli sem miðað er við í matsskýrslu er 37%. Vísað er til viðbragða við athugasemdum nr. 22 og 29-30 varðandi ísamál og rennsli Grjótár.	5.4.2, 5.4.6
222	Fuglar	Ólafur K. Nielsen	Bent á mikilvægi Svartár og Suðurár fyrir húsanda- og straumandastofna landsins og jafnframt Evrópu. Um 6% af íslenska húsandastofninum nýti vatnasvið Svartár og Suðurár yfir vor og sumar og fjöldi straumanda í talningu 2016 var rétt innan við alþjóðlegt verndargildi (1%). Ekki sé vitnað í nýlega skýrslu NÍ um mikilvæg fuglasvæði.	Í kafla 5.4.5 í frummatsskýrslu kemur fram að á vatnasviði Svartár og Suðurár sáust 125 húsundur í talningu vegna matsins og það er um 6% af áætluðum heildarstofni húsanda á Íslandi. Vatnasviðið er því alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði fyrir húsundur samkvæmt viðmiðum Ramsar-samningsins, en þar er viðmiðið 1%. Vatnasviðið hefur því mikið verndargildi fyrir íslenska húsandastofninn líkt og segir í frummatsskýrslu og þetta viðmið 1% er það sama og byggt er á við val á mikilvægum fuglasvæðum í fjölríti NÍ. Þar sem fuglakafllinn var ritaður áður en fjölrítið kom út láðist að bæta því inn í frummatsskýrsluna við útgáfu hennar, en samkvæmt vef NÍ þá var ritið birt á vefsvæðinu 7. júlí 2017 þó það sé dagsett í desember 2016. Straumönd nær ekki 1% viðmiði á vatnasviði Svartár og Suðurár þannig að samkvæmt fjölríti NÍ þá er það ekki mikilvægt fuglasvæði vegna straumanda. Tilvitnun í fjölrítið hefði ekki breytt niðurstöðu frummatsskýrslu um vægi áhrifa. Bætt hefur við umfjöllun um fugla í kafla 5.4.5 í matsskýrslu.	5.4.5
223	Fuglar	Ólafur K. Nielsen	Greining á mikilvægi Svartár og Suðurár fyrir viðgang stofna húsanda og straumanda þurfi að byggja á talningum sem spanna allt árið sem hafi ekki verið gert. Meta þurfi hlutverk svæða sem vetursetustaða húsandar og ekki reynt að meta mikilvægi Svartár og Suðurár fyrir húsandarstofninn þegar illa árar við Laxá og Mývatn, sem gerðist síðast árið 1989.	Vísað er til svara við atriði nr. 33-35.	5.4.5

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
224	Fuglar	Ólafur K. Nielsen	Sjálfsgöð krafa að framkvæmdaraðili geri stærðfræðilegt líkan til að meta mikilvægi svæðisins fyrir stofn húsanda.	Í tillögu að matsáætlun var sagt að húsundur og straumundur yrðu taldar á ánni fyrir varp, á eggjatíma og á unगतíma. Ekki komu fram athugasemdir við það, utan þess að Ramý lagði til talningu á húsöndum á vetrartíma. Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun gerðu ekki athugasemdir við fyrirhugaða talningatíma. Ekki var sagt í matsáætlun að stofnlíkan yrði gert fyrir húsundur né straumundur og engar athugasemdir bárust þar að lútandi og Skipulagsstofnun féllst á fyrirhugaðar fuglarannsóknir. Því var ekki ráðist í gerð stofnlíkans enda ekki venja að slíkt sé gert vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmda. Slíkt líkan hefði krafist ýmissa upplýsinga sem ekki liggja fyrir, s.s. um lífslíkur og dánartíðni og fleiri stofnþætti og svo um dreifingu húsanda sem ekki virðist liggja fyrir á Svartár- og Suðurársvæðinu þrátt fyrir mikilvægi þess. Gerð slíks líkans hefði því að öllum líkindum þýtt að ráðast hefði þurft í umfangsmiklar rannsóknir og merkingar sem hefði verið langt umfram það sem yfirleitt er krafist.	5.4.5
225	Fuglar	Ólafur K. Nielsen	Ekki hafi verið reynt að svara því hvort líkur séu á að straumandastofninn við Svartá og Suðurá standi undir straumandarstofnum á öðrum ám á vatnasviði Skjálfandafljóts.	Vísað er til svara við atriði nr. 38.	5.4.5
226	Fuglar	Ólafur K. Nielsen	Gagnrýnt er að vísað sé til vöktunar við Múlavirkjun við Straumfjarðará þar sem framkvæmdin eigi að verða víti til varnaðar varðandi uppfyllingu skilyrða sem sett voru og litlar upplýsingar séu til um dreifingu og hegðun straumanda fyrir virkjun.	Múlavirkjun er eina virkjunin svo vitað sé, þar sem reynt hefur verið að vakta áhrif virkunar á straumönd. Vöktun þessi hefur verið í höndum Jóhanns Óla Hilmarssonar, formanns Fuglaverndar. Í vöktun og rannsóknnum Jóhanns kemur fram að fyrir virkjun, árið 2003, voru taldar 34 straumundur á ánni í lok maí en eftir virkjun hefur leitni í fjölda verið upp á við og metfjöldi var talinn 2010, samtals 54 straumundur í lok maí. Breyting er sögð hafa orðið í dreifingu straumandanna og þær hafa fært sig neðar en hefur ekki fækkað svo vitað sé. Einnig eru til talningar á dreifingu straumanda frá 1998 sem Náttúrufræðistofnun Íslands framkvæmdi í tengslum við umhverfismat lagningar vegar um Vatnaheiði. Þær talningar benda einnig til sambærilegra breytinga á dreifingu straumanda.	5.4.5
227	Fuglar	Ólafur K. Nielsen	Aðrar tegundir á válista verpi við Svartá sem muni allar verða fyrir truflun og áreiti og til lengri tíma muni gæðum eins besta fálkaóðals í Þingeyjarsýslum spillt.	Fálkaóðal er í gílinu þar sem rennsli árinna mun skerðast. Ekki er talið að virkjun myndi hafa áhrif á varp fálka nema á framkvæmdatíma. Ef fálkinn er á hreiðri mun verða tekið tillit til þess í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og framkvæmdum hagað þannig að þær truflir ekki varp hans. Sama á við um aðrar tegundir á válista s.s. hrafn. Gulönd hefur orpið í Svartárgili og sást í talningum 2016, þrjú pör og einnig í janúar 2018, þrjú pör og steggur. Óðul gulanda eru stór og þó vatn minnki verulega í gílinu gæti gulönd sem yrpi þar farið með unga sína neðar á ána og í Skjálfandafljót. Truflun í varpi yrði helst á framkvæmdatíma og því ekki um varanleg áhrif að ræða. Bætt hefur verið við umfjöllun um fugla í kafla 5.4.5 í matskýrslu.	5.4.5

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
228	Ásýnd	Ólafur K. Nielsen	Gerir athugasemd við hvernig allt myndefni sem sýna á ástand mála eftir virkjun gefi falska mynd og það sé ekki drengileg framsetning. T.d. sé sýnt fullt rennsli í virkjuðum farvegi. Eins sé pípan frá stíflu að stöðvarhúsi sýnd sem strík í landinu en þar verði grafinn mikill skurður þ.a. raskið verði áberandi.	Vísað er til svara við atriði nr. 166 og 220 varðandi rennslið í farveginum á myndum af fyrirhuguðum mannvirkjum. Á forsíðu matsskýrslna og mynd 4.1 í frummatsskýrslu kemur fram breidd raskaðs svæðis í pípulínu en til stendur að ganga frá svæðinu þannig að það falli vel að umhverfinu og ummerki verði lítið sjáanleg eftir fáein ár.	5.4.10
229	Vatnafar, fuglar, vatnalíf	Ólafur K. Nielsen	Hafnar fullyrðingum um að mótvægisáðgerðir muni tryggja að lágmarki 4 m <sup>3</sup> /s rennsli og þar muni þrífast bitmý, urriði, straumönd og húsönd. Vatn úr Grjótá bjóði ekki upp á æti fyrir bitmý sem er undirstöðufæða anda og urriða í Svartá. Skert rennsli, miklir kuldur og ís og krap úr Svartá muni útiloka að bitmý fái þrífist í virkjuðum farvegi.	Mótvægisáðgerðir eru settar fram í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum og svo lengi sem rennsli í ánni verður yfir skilgreindu lágmarksrennsli þá á það að skila sér í farveginn neðan stíflu. Allt bendir til að skilyrði þessa efnis verði sett í leyfi ásamt kröfum um vöktun og þeim framfylgt af leyfisveitendum, eins og vera ber. Þó Grjótá sé upprunnin úr votlendi með ánni og því líklega ekki eins lífrík og Svartá þá sáust tvö straumandapör þar í talningu í maí 2016. Ísmyndun í farveginum mun ná jafnvægi við undirkælingu vatns eins og það gerir við núverandi aðstæður og nokkuð víða þrífst líf í ám þar sem rennsli er um 4 m <sup>3</sup> /s.	5.4.2, 5.4.5, 5.4.6
230	Fuglar	Fuglavernd	Athugasemdir Fuglaverndar eru efnislega þær sömu og Ólafs K. Nielsen, sem einnig er stjórnarmaður í Fuglavernd.	Vísað er til svara við atriðum 222-229.	5.4.5
231	Fuglar	Jóhann Óli Hilmarsson	Svartá hafi alþjóðlegt verndargildi vegna húsandar og straumandar sérstaklega en einnig beri að líta til gulandar og fálka.	Vísað er til svara við atriðum 222 og 227.	5.4.5
232	Fuglar	Jóhann Óli Hilmarsson	A.m.k. einu sinni hafi stór hluti húsandastofns haldið til á Svartá vegna hallæris á Mývatni.	Vísað er til svara við atriði 34.	5.4.5
233	Vatnafar, fuglar	Jóhann Óli Hilmarsson	Mótvægisáðgerðir standi engan veginn undir skaða sem virkjun kunni að valda. Virkjunaraðili hafi farið á skjön við veitt leyfi á Tjörnesi.	Spyrja má á móti hvaða mótvægisáðgerðir það væru sem taldar væru nægilega góðar. Vísað er til svars við atriði nr. 229. Hér er eingöngu verið að fjalla um umhverfisáhrif fyrirhugaðrar Svartárvirkjunar í Bárðardal.	5.4.2, 5.4.5
234	Vernd	Jóhann Óli Hilmarsson	Friðlýsa ætti árnar Svartá og Suðurá tafarlaust.	Engin vernd er í gildi og ekki hefur komið fram í stefnuskjölum stjórnvalda að friðun standi til.	5.4.14
235	Vernd	Náttúruverndarsamtök Íslands	Umhverfi Svartár og Suðurár sé einstakt á landsvísi, um tiltölulega ósnortið landsvæði að ræða sem aðeins að litlum hluta til sé í byggð. Svartárvirkjun muni spilla og skaða gildi nánasta umhverfis á vatnasviði Skjálfandafljóts og rjúfa skarð í náttúru svæðisins í stærra samhengi. Slíkt skarð muni ryðja braut fyrir frekari virkjunaráform.	Svartá neðan við Ullarfoss er öll innan skipulagðs landbúnaðarsvæðis og einnig allur austurbakki árnar upp að Svartárvatni. Allt um kring eru bæir þó svo að byggðin sé dreifð. Svo er einnig um Skjálfandafljótið upp að Ingvararfossi og Mjóadalinn. Rennslisvirkjun í Svartá kemur ekki í veg fyrir friðun Skjálfandafljótsins en mun útiloka eldri tilhögun Hrafnabjargavirkjunar sem byggði á veitu Suðurár yfir í Skjálfandafljót.	5.4.14

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
236	Samfélag	Náttúruverndarsamtök Íslands	Hæpið sé að framkvæmdaraðili hafi að markmiði að koma af stað framkvæmdabólu í Bárðardal sem engu skili fyrir byggðina þegar til lengdar lætur.	Þetta er undarleg athugasemd en ljóst er að mestu umsvifin verða á meðan á framkvæmdatíma stendur. Virkjunin mun samt sem áður þarfnast viðhalds og vinnu við rekstur þó ekki verði um fastan starfsmann á staðnum að ræða. Virkjunin mun einnig skapa tekjur fyrir landeigendur og sveitarfélagið.	1.1, 5.4.11
237	Vernd	Náttúruverndarsamtök Íslands	Afar brýnt að beita sér fyrir friðun við Svartá. Ósvinna að skemma þetta vatnasvið og landslagsheild áður en til þess kemur að sett verði sérstök lög um friðun Svartár.	Hvergi hefur neitt komið fram um að til standi að friða þetta svæði í stefnuskjöllum stjórnvalda. Skilgreind mörk miðhálandisins liggja nokkuð sunnar og nýleg náttúruverndarlög kveða aðeins á um að ráðherra hafi heimild til að friðlýsa heil vatnakerfi og þ.á.m. lindasvæði. Skilgreining á verndarsvæðum í lokaskýrslu verkefnisstjórnar 3. áfanga rammaáætlunar lýsti tæknilegri skilgreiningu vegna framlagðra virkjanakosta og þingsályktunartillaga byggð á 3. áfanganum hefur ekki farið í gegnum þingið.	5.4.14
238	Almennt	Náttúruverndarsamtök Íslands	Vísað er til tilskipunar ESB um mat á umhverfisáhrifum um að leyfisveitandi þurfi að fá nauðsynlegar upplýsingar til að geta tekið ákvörðun og sagt að töluvert skorti upp á upplýsingar í skýrslu framkvæmdaraðila til að leyfisveitandi muni hafa fulla vitneskju um hvaða líkur séu á að Svartárvirkjun hafi veruleg áhrif.	Enginn rökstuðningur kemur fram um hvar skorti upp á upplýsingar í skýrslu framkvæmdaraðila um mat á umhverfisáhrifum í athugasemdum Náttúruverndarsamtakanna.	
239	Landnotkun	Arctic Angling	Áin muni ekki verða söm, landslag muni raskast, möstrin rísa, vatnsrennsli breytast. Vísað er til skrifa Veiðimálastofnunar um að veiðinytjar á efra svæði skerðist og að væntanlega verði ófiskgengt framhjá inntaksstíflu og hins vegar Hafrannsóknarstofnunar um röskun á náttúrulegu umhverfi fiska og væntanlegan samdrátt í veiði sem þó séu ekki þekktar neinar aðferðir til að spá fyrir um að magni til.	Framkvæmdir og bygging mannvirkja fela í sér röskun á því umhverfi sem fyrir er, það er óhjákvæmilegt. Spurningin er hins vegar hvort fella megi mannvirkin að umhverfinu og haga rekstrinum þannig að áhrifin verði ásættanleg. Fyrirhuguð virkjun við Svartá felur ekki í sér að reisa möstur háspennulínu og fiskgengt verður um inntaksstífluna eins og skýrt kemur fram í frummatsskýrslu. Veiðimálastofnun gaf sér hins vegar að svo yrði ekki í úttekt sem hún gerði fyrir framkvæmdaraðila á vatnalífi og mati á áhrifum framkvæmdar á það árið 2015. Sömu aðilar, þegar Veiðimálastofnun hafði runnið inn í Hafrannsóknarstofnun, unnu að frekara álitni að beiðni framkvæmdaraðila þegar komið hafði í ljós að framkvæmdin færi í mat á umhverfisáhrifum. Í því álitni kemur fram að gera skuli fiskveg sem stofnunin kemur með tillögur að.	
240	Almennt	Ungir umhverfissinnar	Framkvæmdaraðili taki ekki mið af sammögnunaráhrifum þeirra þátta sem metin eru neikvæð áhrif á og augljóst sé að áhrif séu óásættanleg.	Ekki er ljóst til hvaða sammögnunaráhrifa er verið að vísa en í frummatsskýrslu eru metin áhrif mismunandi framkvæmda- og rekstrarþátta á tiltekna umhverfisþætti og niðurstaðan er sú sem fram kemur, að teknu tilliti til mótvægisáðgerða eru umhverfisáhrif ekki talin líkleg til að verða umtalsverð.	
241	Fuglar	Fjöregg	Mikilvægt sé að skoða vandlega hvort forsvaranlegt sé að skerða neyðarbúsvæði húsandarinnar sem Svartá sé á meðal. Telur að gögn sem liggja til grundvallar frummatsskýrslunni varðandi mikilvægi	Vísað er til svara við atriðum 33-35 og 222.	5.4.5

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
			Svartár sem búsvæðis fyrir húsöndina og straumöndina séu langt frá því að vera fullnægjandi.		
242	Ferðamennska og útivist	Fjöregg	Gjaldeyrstekjur þjóðarinnar séu að stórum hluta vegna ferðamanna og virkjanasvæði Svartárvirkjunar sé gulls ígildi. Suðurá, Svartá, Aldey, Aldeyjarfoss, Hrafnabjargafossar sem og svæðið upp með Skjálfandafljóti væri eðlilegur hluti af Vatnajökulsþjóðgarði eða miðhálandisþjóðgarði.	Virkjanasvæðið er innan skipulags landbúnaðarsvæðis og mörk miðhálandisins og mögulegs þjóðgarðs liggja talsvert sunnar. Nánar tiltekið er fjarlægð frá fyrirhuguðu stíflustæði að mörkum miðhálandisins í beinni loftlínu styst um 8 km.	
243	Verndun	Ólafur S. Andrésón og Sigrún Helgadóttir	"Eðlilegt er að svo verðmætt náttúrusvæði sem Svartá verði innan miðhálandisþjóðgarðs. Yrði áin virkjuð rýrði slík ráðstöfun lands á jaðri þjóðgarðsins verulega gildi hans og gengi þvert á vilja þjóðarinnar um verndun ósnortinna víðerna."	Svartá er ekki innan skilgreindra miðhálandismarka heldur á landbúnaðarsvæði innan byggðar. Svæðið er þ.a.l. ekki heldur innan skilgreindra óbyggðra víðerna og ekki verður séð hvernig virkjunin yrði til þess að rýra gildi þjóðgarðs sem mögulega verður stofnaður innan miðhálandis.	5.4.14
244	Markmið	Ólafur S. Andrésón og Sigrún Helgadóttir	"Spyrja þarf hver sé þörf eða nauðsyn slíkrar virkjunar. Er orkuöflun svo bráðnauðsynleg að réttlætanlegt sé að leggja náttúruperlu að veði? Er ekki vel hægt að verða við þeirri þörf (ef einhver er) á annan hátt? Ef þörfin fyrir virkjun er engin, þá er ekki réttlætanlegt, hvorki fjárhagslega né siðferðilega, að virkja Svartá og fjarlægja hana að mestu leyti úr farvegi sínum."	Fjallað er um orkuþörf í kafla 1.1 um markmið og hvatningu Orkustofnunar til sveitarfélaga um að stuðla að byggingu smávirkjana. Fyrir liggja samningar við landeigendur og vatnsréttarhafa og markmiðið er að gera virkjunina þannig að lífríkið og umhverfið beri ekki mikinn skaða af. Rask og áhrif á umhverfið af svona framkvæmd eru óumflýjanleg.	
245	Mótvægisáðgerðir	Ólafur S. Andrésón og Sigrún Helgadóttir	Slíkar "mótvægisáðgerðir" séu varasamar, oft virki þær ekki eða eru ekki framkvæmdar. Stofnanir sem eiga að hafa eftirlit og eftirfylgni séu veikar og standi ekki undir hlutverki sínu.	Mótvægisáðgerðir eru grundvallaratriði í því að aðlaga mannvirki og framkvæmdir að umhverfi sínu og draga úr neikvæðum áhrifum. Til eru dæmi um tilvik þar sem skort hefur á eftirfylgni og eftirlit af hendi leyfisveitenda en ekki er hægt að meta líkleg áhrif framkvæmdar út frá þeim dæmum. Leyfi eru í mörgum tilvikum gefin út með skilyrðum og þeim skilyrðum ber að fylgja eftir.	7.2

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
246	Niðurstaða	Ólafur S. Andrésón og Sigrún Helgadóttir	Ekki sé minnst á alvarlegustu annmarka hugmyndanna, notað sé mýkjandi orðalag á neikvæðar niðurstöður ("nokkuð neikvæðar") og látið að því liggja að tiltekna mótvægisáðgerðir bæti verulega eða alveg úr fyrirsjáanlegum neikvæðum áhrifum. Tiltekna mótvægisáðgerðir varði fiskgengd og útlit mannvirkja en ekki áhrif á lífríki árinna sem séu alvarlegustu neikvæðu áhrifin. Þarf að skoða hvort stórminnkað flæði lindavatns og næringarefna dragi verulega úr framleiðslu lífríkisins og hvort stórminnkað vatnsmagn neðan stíflu geti valdið miklum breytingum á myndun íss og krupa sem skaði botnlíf.	Mótvægisáðgerðir á formi lágmarksrennslis fram hjá virkjun varða lífríki árinna, þ.m.t. fiska. Metið vægi áhrifa er á skala samkvæmt leiðbeiningum Skipulagsstofnunar með viðbættu hugtaki sbr. kafla 5.1.3, sem hefur verið notað við mat á mörgum öðrum framkvæmdum. Í athugasemd er alltaf vísað til Svartár sem heildar en horft fram hjá því að áhrifasvæðið er að mestu leyti sá rúmlega 3 km langi kafli árinna þar sem stór hluti vatns verður tekinn af. Vísað er til viðbragða við atriðum nr. 80, 154 og 334 varðandi ísmyndun og áhrif á lífríkið.	5.1.3, 7.2, 7.3
247	Almennt	Íslenskir fjallaleiðsögumenn, Einar Torfi Finnsson	Leggjast alfarið á móti virkjun, telja umhverfisáhrif verði óásættanleg og umhverfi árinna verði á allan hátt verðmætara án framkvæmda af þessu tagi. Framkvæmdirnar séu í jaðri hálendisins á einum af ósnortnasta hluta þess sem séu ómetanleg framtíðarverðmæti fyrir ferðaþjónustuna og útivistarmenn.	Minnt er á að virkjunarsvæðið er innan byggðar, í nálægð við bæi og að hluta til í og við ræktuð tún. Jaðar hálendisins hefur verið skilgreindur út frá bæjum og byggð sem er enn sunnar og fjær virkjunarsvæðinu. Vatnalög, nr. 15/1923, skilgreina rétt til umráða og hagnýtingar á því vatni sem rennur um landareign en fjalla einnig um samþættingu nýtingar- og umhverfissjónarmiða.	
248	Almennt	Torfi Jónsson	Gerir athugasemdir við að framkvæmdaraðili fái aðila til mats á umhverfisáhrifum og að það sé sami aðili og sjái um hönnun fyrir framkvæmdaraðilann. Telur þetta ekki tryggja hlutleysi við matið.	Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum ber framkvæmdaraðili ábyrgð á matinu og þeim gögnum sem skilað er til Skipulagsstofnunar. Hann getur svo fengið ráðgjafa til að sjá um matið fyrir sig, sem í flestum tilvikum hingað til hefur verið sami aðili og sér um annars konar ráðgjöf í sambandi við framkvæmdirnar. Það er svo Skipulagsstofnunar og umsagnaraðila að rýna þau gögn sem framkvæmdaraðili leggur fram í ferlinu.	
249	Fornleifar	Torfi Jónsson	Hefur áhyggjur af verulegum skemmdum á svokölluðum Tvígörðum á Laxárdalsheiði sbr. viðhengdan uppdrátt frá 1855 og skrif Árna Einarssonar og fleiri um garðlög í Suður-Þingeyjarsýslu.	Með samþykki á mynd sem fylgdi athugasemdum og teikningum af fyrirhugaðri strengleið skv. kosti 1 má gera ráð fyrir að fara þyrfti í gegnum garðinn með strenginn. Verði þessi kostur fyrir valinu verður fornleifafræðingur fenginn til að skoða leiðina og í framhaldi þyrfti að sækja um leyfi til að rjúfa skarð í garðinn sem væri þá hægt að skoða um leið.	
250	Fornleifar	Torfi Jónsson	Gert sé ráð fyrir að strengleiðin liggi yfir Þegjandadal þar sem merkar fornleifar eru. Hefur verulegar áhyggjur af mögulegu raski á fornminjum þar.	Fram kemur í frummatsskýrslu að skv. kosti 1 er fyrirhugað leggja jarðstreng vestan í Þorgerðarfjalli, austan megin í Þegjandadal. Fenginn verður fornleifafræðingur á svæðið, samráð haft við Fornleifavernd um endanlega legu og leið sveigð til að komast hjá helstu minjum.	4.9
251	Almennt	Torfi Jónsson	Ekki verði séð hvort ný jarðstrengsleið sneiði fram hjá Ljótstöðum.	Ný strengleið samkvæmt kosti 1 er utan jarðarinnar Ljótstaða skv. fyrirbyggjandi jarðamörkum.	

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
252	Samfélag	Torfi Jónsson	Í matsskýrslu þarf að liggja fyrir hagrænt mat á öllum náttúrugæðum svæðisins ef meta á samfélagsleg áhrif framkvæmdanna, þar sem horft er til allra þátta en ekki einungis á orkunýtingarkost Svartár.	Hagrænu mati á náttúrugæðum hefur hingað til ekki verið beitt í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda á Íslandi.	
253	Almennt	Sigurður Rúnar Jónsson	Mótmælir virkjun Svartár sem sé án efa ein fallegasta lindá landsins og verði verðmætari óvirkjuð. Vísar til samsettra greinargerða á veraldarvefnum sem eru að öllum líkindum ættaðar frá Verndarfélaginu/Ármönnum auk Árna Einarssyni, Viðari Hreinssyni og Børre Skodvin.	Aths. kallar ekki á viðbrögð.	
254	Almennt	Björn Hauksson	Mótmælir virkjun. Þessi stærð virkjunar sé óhagkvæm og meta þurfi til samanburðar hvað kostar að afla sama rafmagns með öðrum hætti. Einnig eigi að meta kostnað við að tengja virkjun við raforkunet landsins og hann eigi að greiðast af eigendum virkjunarinnar.	Mat á umhverfisáhrifum felur ekki í sér arðsemismat framkvæmdarinnar, sbr. skilgreiningar í 3. gr. laga nr. 106/2000. Virkjunaraðili ber kostnað af tengingu virkjunar við dreifikerfið sbr. kafla 4.9 í frummatsskýrslu.	
255	Almennt	Björn Hauksson	Mikið álitaefni af hverju þessi virkjun sé ekki í rammaáætlun. Hver ber ábyrgð á því að virkjun verði ekki stærri og hvaða viðurlög séu við því ef virkjunin verður stærri eða neikvæð áhrif meiri en áætlað er.	Fjallað er um virkjunarkosti sem eru með uppsett rafabl 10 MW eða meira í rammaáætlun. Leyfisveitendum ber að hafa eftirlit með því að matsskyldri framkvæmd sé hagað í samræmi við leyfi.	
256	Almennt	Ásgeir Steingrímsson	Tekur undir athugasemdir Verndarfélags Svartár og Suðurár og hefur áhyggjur af áhrifum á lífríki svæðisins. Telur að svæðið eigi að fara í verndarflokk rammaáætlunar og helst að vera hluti af hálandisþjóðgarði.	Athugasemd kallar ekki á viðbrögð önnur en þau sem áður hafa komið fram um að rammaáætlun fjallar bara um virkjunarkosti sem eru 10 MW eða stærri og mörk miðhálandisins eru nokkuð sunnan virkjunarsvæðisins, sem er innan byggðar.	
257	Vatnafar, gróður	Ragnhildur Zoega, Rannís	Hvergi í frummatsskýrslu er þess getið með fullnægjandi hætti hvornig tryggja skuli að hólmar í ánni verði umflotnir vatni svo að gróðurfar hljóti ekki varanlegan skaða af.	Vísað er til fyrri svara um sama mál, sjá atriði nr. 82 og 158. Grunnvatnsstaða í hólum mun lækka sem getur leitt af sér gróðurbreytingar, þ.e. að aðrar tegundir kunna að verða meira áberandi en áður.	5.4.2, 5.4.4
258	Vatnalíf	Ragnhildur Zoega, Rannís	Hrygningarsvæði við hólmana á neðsta hluta virkjaða svæðisins, sem eru eitt mikilvægasta hrygningarsvæði urriðastofns Svartár neðan Ullarfossa, mun hverfa	Vísað er til fyrri svars um sama mál, sjá viðbrögð við atriði nr. 160.	5.4.6

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
			vegna skerts rennslis með ófyrirsjáanlegum afleiðingum á urriðastofninn.		
259	Vatnalíf, fuglar	Ragnhildur Zoega, Rannís	Í minnisblaði Hafrannsóknarstofnunar komi fram að áætluð skerðing botnflatar á áhrifasvæði Svartárvirkjunar sé á milli 48 og 58% sem takmarki lífræna framleiðslu á botni farvegjar og rennisskerðing valdi minnkandi framburðargetu á lífrænum ögnum. Þetta þýði verulega neikvæð áhrif á skordýralíf og þar með á fæðuframboð fugla og fiska en svæðið sé mikilvægt búsvæði margra fuglategunda.	Eins og áður hefur komið fram, sjá viðbrögð við athugasemd nr. 161, miðast skrif Hafrannsóknarstofnunar við tillögu um lágmarksrennslis sem birtist í fyrirspurn um matsskyldu og í frummatsskýrsla kemur fram að búið er að setja fram aðra tillögu um meira lágmarksrennslis. Skerðingin verður því minni en þarna kemur fram.	5.4.5, 5.4.6
260	Almennt	Gunnlaugur Briem	Mótmælir virkjunaráformum og vísar til greinar Ólafs K. Nielsen	Aths. kallar ekki á viðbrögð.	
261	Almennt	Birkir Fanndal	Mótmælir fyrirhugaðri virkjun á forsendum þess að mikilvægt búsvæði andfugla á áhrifasvæði virkjunar muni augljóslega eyðileggjast.	Búsvæðin munu ekki eyðileggjast en frummatsskýrslan fjallar um áhrif skerðingar þeirra. Vísað er til svara við atriðum 35, 222 og 227.	5.4.5
262	Almennt	Björg Þorleifsdóttir	Mótmælir hugmyndum um virkjun Svartár. Með fylgja sömu aths. og Ólafur K. Nielsen sendi inn.	Vísað er til fyrri svara um sömu atriði, sjá viðbrögð við atriðum nr. 222-229.	
263	Niðurstaða	Björgvin Hilmarsson	Mótmælir því að leyfi verði veitt fyrir gerð Svartárvirkjunar. Áhrif verði mun meira neikvæð en jákvæð og þau takmörkuðu jákvæðu áhrif sem tiltekin eru muni einungis vara tímabundið.	Umhverfisáhrif vegna framkvæmdar eru í eðli sínu mun líklegri til að verða neikvæð en jákvæð og valið er að fjalla um þá umhverfisþætti sem talið er líklegt að verði helst fyrir áhrifum. Matið snýst frekar um vægi áhrifanna og ástæðu til mótvægisáðgerða.	
264	Ferðamennska og útivist	Björgvin Hilmarsson	Áhrif á ferðamenn eru metin í skýrslunni talsvert neikvæð yfir í nokkuð jákvæð eftir því hvaða hópar eiga í hlut. Augljóst sé af kafla 7.1.12 að áhrifin séu í raun bara neikvæð nema fyrir einn ákveðinn hóp sem skýrsluhöfundar gefi sér að sé til staðar, þ.e. hóp sem hefur áhuga á mannvirkjunum og nýtingu endurnýjanlegrar orku. Með þessu telji þeir sig geta sagt að fyrir ákveðinn hóp sé framkvæmdin nokkuð jákvæð. Jafnvel ferðapjónustuaðilar sem eru þegar hlyntir	Misritun var í heildarniðurstöðukafla (7.3) og lokaniðurlagi í samantekt, en eins og í matskaflanum og niðurstöðukafla um ferðamennsku og útivist kemur fram var vægi áhrifa á þennan umhverfisþátt metið frá því að vera talsvert neikvætt yfir í óverulegt. Þetta hefur verið lagfært í matsskýrslu.	5.4.12, 7.1.12, 7.3



Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
			virksjóninni tala ekki um nokkuð jákvæð áhrif heldur að þau séu óveruleg.		
265	Ferðamennska og útvíst	Björgvin Hilmarsson	Virksjónin muni takmarka framtíðarmöguleika svæðisins til að þróa náttúrutengda ferðabjónustu áfram sem verði að teljast mjög alvarlegt.	Enn skal minnt á að svæðið er innan byggðar, á skilgreindu landbúnaðarsvæði, þar eru ræktuð tún í kring og lítil rafstöð er í rekstri í ánni. Aðrar rafstöðvar hafa einnig verið í rekstri ofar í ánni og veiðimenn eru á svæðinu að sumri til. Áhrif tiltölulega lítillar rennslisvirksjunar á ímynd svæðisins í hugum ferðamanna þurfa ekki að verða eins neikvæð og RMF vill halda fram ef marka má könnun á upplifun ferðamanna á Blöndusvæði. Í könnun Önnu Dóru Sæþórsdóttur frá 2017 kom m.a. fram að þrátt fyrir að á svæðinu sé virksjunarmannvirki þá telja 92% ferðamanna ósnortin víðerni hluta af aðdráttarafli svæðisins og Blönduvirksjun virðist ekki skemma þá ímynd sem hálendið hefur sem ósnortið víðerni fyrir þá ferðamenn sem þar fara um. Þrátt fyrir þau mannvirki sem eru á svæðinu telja flestir ferðamannanna svæðið mjög náttúrulegt.	5.4.12
266	Almennt	Björn H. Björnsson	Gerir athugasemd við að mat á umhverfisáhrifum sé unnið af hönnuði.	Vísað er til fyrra svars um sama mál, sjá viðbrögð við atriði nr. 248.	
267	Niðurstaða	Björn H. Björnsson	Samkvæmt útdrætti skýrslu eru heildaráhrif allt að því nokkuð neikvæð. Hversu neikvæð þurfi áhrif að vera til að ekki verði leyft að virkja.	Áhrif eru metin að mestu óveruleg til nokkuð neikvæð en talsvert neikvæð á húsendum, votlendi og náttúruferðamennsku og nokkuð til talsvert neikvæð á vatnalíf. Á framkvæmdatíma eru áhrif á samfélag metin nokkuð jákvæð. Framkvæmdaraðili telur ekki líklegt að virksjónin valdi umtalsverðum umhverfisáhrifum. Leyfisveitendur þurfa að taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.	7.3
268	Niðurstaða	Björn H. Björnsson	Áhrif á fugla, fiska, gróðurfar og lífríki séu almennt allt of mikil og hvergi minnst á að hagsmunir þjóðarinnar til langframa felist í því að raska náttúrunni sem minnst. Sjónræn áhrif séu mikil og verið sé að raska ómetanlegu umhverfi, útsýni, upplifun og hugarró fjöldans.	Öllum framkvæmdum fylgir rask á umhverfi. Því er reynt að fella mannvirkin sem best að umhverfi sínu, m.a. sjónrænt og með því að tryggja öruggt rennsli framhjá virksjun og hafa opna leið fyrir fisk í ánni.	7.1
269	Almennt	Björn H. Björnsson	Skýrslan útskýri ekki hvernig leyfi fyrir virksjun var fengið.	Leyfi fyrir virksjun liggur ekki fyrir og mat á umhverfisáhrifum er ein af forsendum þess að hægt verði að sækja um leyfi. Í kafla 1.2 í frummatsskýrslu koma fram þau leyfi sem sækja þarf um.	1.2
270	Almennt	Dagný Indriðadóttir	Lýsir áhyggjum af fyrirhuguðum virksjunarframkvæmdum. Eitt það dýrmætasta sem landið búi yfir séu ósnortin landsvæði.	Aths. kallar ekki á viðbrögð en vísað er til annarra svara og minnt á að virksjunarsvæðið er innan skipulagðs landbúnaðarsvæðis og dreifðar byggðar.	
271	Almennt	Einar Ólafur Þorleifsson	Gerir athugasemdir við virksjun, áhrif á fuglalíf t.d. andategundir á válista séu veruleg og óásættanleg og áhrif á landslag séu umtalsverð.	Fjallað er um áhrif á endur á válista í atriðum nr. 33-38, 70 og 222-227 og landslag í atriðum 51-56, 176, 286 og 310.	5.4.5, 5.4.9

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
272	Almennt	Friðrik Dagur Arnarson	Mótmælir fyrirhuguðum framkvæmdum við Svartá og framsetningu í frummatsskýrslu.	Vísað er til svara við athugasemdum þeirra sem viðkomandi aðili nefnir að hann hafi haft til hliðsjónar við sín skrif, sjá viðbrögð við atriðum nr. 122-166, 177-185, 192-195, 213-229. Bent er á að stuðst er við aðferðafræði við matið sem er í samræmi við gildandi lög, reglur og útgefnar leiðbeiningar Skipulagsstofnunar. Mat á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda er ekki sama eðlis og vinna við gerð rammaáætlunar eða annarrar stefnumörkunar stjórnvalda þó að þar séu ákveðnir snertifletir til staðar. Þá er ekki er talað um umtalsverð áhrif eða afleiðingar í frummatsskýrslu eins og nokkrum sinnum er vísað til í athugasemd en áhrif eru í sumum tilfellum metin talsvert neikvæð.	
273	Almennt	Friðrik Dagur Arnarson	Ýmsar athugasemdir eru gerðar og styðst hann við skrif Fuglaverndar, Verndarfélagsins, Árna Einarssonar, Ólafs K. Nielsen, Viðars Hreinssonar, Ólafs Halldórssonar o.fl. Aths. eru gerðar varðandi t.d. hver vinnur matið, afturkræfni og aðferðafræði, sjálfbærni framkvæmdarinnar, sérstaða lindáa, fuglalíf, fiska, lágmarksrennsli, tap á ósnortinni náttúru, áhrif á hálendisþjóðgarð, neikvæð áhrif á ferðaþjónustu, minni áhuga veiðimanna, Rammaáætlun, friðun Skjálfandafljóts, ágreining í samfélaginu, umfjöllun um núllkost og fornminjar.	Vísá er til viðbragða við öðrum sambærilegum efnislegum atriðum, s.s. nr. 248 varðandi hver vinnur matið, 42 um afturkræfni, 272 varðandi aðferðafræðina, 134 um sjálfbærni framkvæmdarinnar, 146 um sérstæði Svartár sem lindá, nr. 28 og 31 um rennsli, 33-38 og 222 húsundur, 227 um aðrar vástategundir, 26 og 211 um áhrif á fiska, 235 og 265 um ósnortið náttúrusvæði, 62 og 242-243 um hálendisþjóðgarð, 9 og 88 um ferðamennsku, 25 og 239 um veiði, 109 um rammaáætlun, 244 um smávirðjanir, 311 og 313 um ágreining í samfélaginu, 9 og 137 um núllkost og 1-6 um fornminjar.	
274	Almennt	Friðrik Dagur Arnarson	Umfjöllun um svæðið er þröng og mjög staðarmiðuð og lítur oft framhjá víðari áhrifum framkvæmda.	Ekki er rétt að umfjöllun sé þröng og staðarmiðuð. Umfjöllun um einstaka umhverfisþætti og til hversu stórs svæðis er horft er ólík og fer það allt eftir eðli þeirra. Er áhrifasvæði framkvæmdanna líst í kafla 5.2. T.d. Við mat á áhrifum á samfélag er horft til áhrifa í Þingeyjarsveit, við mat á landslagi voru skoðaðar landslagsheildir yfir mun stærra svæði en Bárðardal og mat á áhrifum á ferðamenn náði víðar eingöngu á framkvæmdasvæðinu sjálfu.	5.2
275	Almennt	Guðmann Elísson	Telur framkvæmdina ekki passa í þessa tilteknu á.	Athugasemd kallar ekki á viðbrögð.	
276	Almennt	Guðmundur Smári Gunnarsson	Mótmælir að veitt verði leyfi fyrir framkvæmdum vegna virkjunar í Svartá/Suðurá. Líffræðilegur fjölbreytileiki á landinu og heiminum minnki ef af framkvæmdum verði og virkjun komi til með að auka kolefnislosun Íslendinga. Möguleikar á uppbyggingu annarrar atvinnustarfsemi þ.e. ferðaþjónustu,	Athugasemd kallar ekki á viðbrögð nema að vísað er til annarra svara. Virkjun mun að öllum líkindum ekki leiða til útrýmingar neinna tegunda og orka tilkomin með virkjun vatnsafls verður til þess að önnur orka fengin með t.d. brennslu á jarðefnaeldsneyti verður þá síður notuð. Nýting á vatnsfalli áa til rafmagnsframleiðslu getur farið saman með annarri landnýtingu en það er þá landeigenda og stjórnvalda að marka stefnuna.	

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
			takmarkast. Samfélagsleg áhrif verði lítil sem engin nema að valda gremju milli íbúa sveitarfélagsins.		
277	Almennt	Guðmundur Árnason	Mótmælir virkjun og vísar til viðhengdra athugasemda Fuglaverndar og ómerkt skrif sem eru væntanlega frá Verndarfélaginu eða Ármönnum. Helstu athugasemdir sem koma fram snúa t.d. að tryggt lágmarksrennsli á virkjuðum hluta árinna sé óljóst, að rennsli Grjótár sé óvísst, að miklar rennslistruflanir verði vegna íss og krupa sem getur valdið skaða á vatnalífi árinna. Að ekki sé gerð grein fyrir hvernig fiskgengd sé tryggð í miklum botnshalla árinna með skert rennsli, hvernig tryggt sé að hólmar verði umflotnir vatni og þar muni hrygningarsvæði hverfa. Og skerðing á botnfleti hafi verulega neikvæð áhrif á skordýralíf árinna og þar með fæðuframboð. Einnig er bent á áhrif á fuglalíf þar sem tegundir háðar ánni missi búsvæði sín, þ.m.t. alþjóðlega mikilvægar tegundir. Óskað eftir frekari upplýsingum um aðrennslispípu. Og að framkvæmdin hafi víðtæk og neikvæð áhrif á ferðamenn og uppbyggingu á náttúrutengdri ferðamennsku yrði fórn að. Að lokum er óskað eftir að liggja þurfi fyrir hagrænt mat á náttúrugæðum svæðisins áður en hægt sé að meta samfélagsleg áhrif.	Vísað er til svara annarra sambærilegra aths. Fjallað er um lágmarksrennsli í svörum 10, 28 og 41, rennsli Grjótár 29 og 152, ís og krapamyndun í ánni, rennslistruflanir og áhrif á vatnalíf í svörum nr. 22, 30 og 154. Um fiskgengd v/mikils botnhalla er fjallað um í svari 23, um rennsli um Hólmasvæðið 158, skerðingu hrygningarsvæða og botnflatar í 160 og 161 og áhrif á skordýralíf í svari 80. Um fugla er fjallað í svörum 33-38 og 70 og sérstaklega um alþjóðlega mikilvægar tegundir og alþjóðsamninga í svari 222 og 289. Athugasemdum um aðrennslispípu er svarað í 141-143, um áhrif á ferðamenn er bent á svör 9, 88, 242 og 265, um uppbyggingu náttúrulegrar ferðaþjónustu í 192 og hagrænt mat á náttúrugæðum í 252. Athugasemdum Fuglaverndar er svarað í atriði 230 þar sem vísað er til sömu athugasemda frá Ólafi K. Nielsen og svara við þeim, nr. 222-229.	
278	Almennt	Hjörleifur Guttormsson	Mótmælir fyrirhugaðri virkjun Svartár. Virkjun hefði verulega neikvæð áhrif og rýra gildi svæðisins. Stefna beri að verndun lindánna Svartár og Suðurár.	Athugasemd kallar ekki á viðbrögð.	

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
279	Almennt	Hrafn Ágústsson	Mótmælir því að félag í einkaeigu fái leyfi til að stunda viðskipti með framleiðslu á rafmagni sem hafi neikvæð áhrif á náttúru landsins.	Markmið gildandi raforkulaga frá 2003 er meðal annars að skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku. Sömu sjónarmið eiga að gilda varðandi umhverfisáhrif framleiðslunnar hvort sem virkjunaraðili er einkaaðili eða hið opinbera.	
280	Fuglar	Hrafn Ágústsson	Gerir sérstaklega athugasemdir vegna vísbendinga um áhrif á ýmsa fuglastofna sem við sem þjóð séum skuldbundin til að verja samkvæmt alþjóðlegum sáttmálum, tilskipunum og viljayfirlýsingum um náttúruvernd. Taldir eru upp 5 tilskipanir og samningar; vatnatilskipun (2000/60/EB), Árórsarsamningurinn, fuglatilskipun (2009/147/EB), vistgerðartilskipun (92/438/EB), samningur um verndun fartegunda villtra dýra (Ísland ekki aðili). Einnig er vísað til upplýsingar frá Náttúruverndarnefndinni við Mývatn (Ramý) um að mjög fáir straumandarungar hafi komist á legg á Laxá eftir árið 2007.	Vísað er til svara við atriðum nr. 35, 222, 227 og 38.	5.4.5
281	Almennt	Ingibjörg Salóme Egilsdóttir	Telur virkjun Svartár vera niðingsverk.	Athugasemd kallar ekki á viðbrögð.	
282	Almennt	Ingimar Eydal	Með virkjun Svartár hverfi möguleikinn á vernd vatnasvæðis Skjálfafljóts sem sé nánast ósnert af mannanna verkum. Sú hugmynd að Skjálfafljót og vatnasvið þess njóti friðunar, komi m.a. fram í rammaáætlun. Fara þurfi í miklu ítarlegri rannsóknir á áhrifum á fuglalíf og náttúru.	Í lokaskýrslu verkefnisstjórnar 3. áfanga rammaáætlunar er, eins og einnig kemur fram í viðbrögðum við atriði nr. 109, er lagt til að virkjunarkostir í Skjálfafljóti fari í verndarflokk og útfærslan er að skilgreina allt vatnasviðið ofan við stíflur og farveg neðan sem verndarsvæði. Þetta er tæknileg skilgreining og ekki hefur beint komið fram hvaða hluta vatnasviðs Skjálfafljóts við ós eigi að miða við. Samkvæmt stefnumörkun í aðalskipulagi Þingeyjarsveitar kemur fram að skoða eigi virkjanir í hliðarám Skjálfafljótsins. Umtalsverðar rannsóknir hafa þegar farið fram í samræmi við ákvörðun um matsskyldu framkvæmdanna og matsáætlun.	
283	Almennt	Jón Steingrímsson	Gerir athugasemdir við fyrirhugaða virkjun Svartár og telur hagsmuni íbúa Íslands tengda vaxandi ferðamennsku vera mun stærri. Framkvæmdaraðilar nýti sér skort á lögformlegum sönnunum á því að virkjun Svartá muni skaða vistkerfið til að réttlæta fyrirhugaða framkvæmd.	Landeigendur sem hafa gert samninga um nýtingu vatnsfalls til orkuframleiðslu á þeirra jörðum hafa einnig verið að selja veiðileyfi í ána, sem er sú ferðamennska sem helst hefur verið stunduð á þessu svæði. Nýting lands til orkuvinnslu getur farið saman með annarri nýtingu. Mat á umhverfisáhrifum byggist á niðurstöðum rannsókna en ekki lögformlegum sönnunum.	

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
284	Vatnafar	Lilja Jóhannesdóttir	Í 20% tilvika hafi meðalrennsli á tímabilinu sept. 2005 til okt. 2013 verið minna en virkjað rennsli, 20 m <sup>3</sup> /s og því með öllu óljóst hvernig framkvæmdaraðili hyggist tryggja lágmarksrennsli neðan stíflu.	Vísað er til svara við atriði nr. 28. Lágmarksrennsli stendur fyrir að rennsli skuli að lágmarki verða af ákveðnu magni og stundum verða meira. Virkjað rennsli, eins og fram kemur í orðskýringum á bls. xi í frummatsskýrslu er það hámarksrennsli sem vatnsvegir og vélar geta flutt.	
285	Gróður, vatnalíf	Lilja Jóhannesdóttir	Ekki tekið fram í frummatsskýrslu með ásættanlegum hætti hvernig tryggja skuli að hólmar skuli vera umflotnir vatni til að tryggja velferð dýralífs og gróðurfars. Umhverfis hólmana eru heppileg hrygningarsvæði fyrir urriða en með skertu rennsli munu þau svæði hverfa.	Vísað er til viðbragða við athugasemd nr. 158 varðandi hólmana og nr. 160 varðandi hrygningarsvæðin.	
286	Landslag	Lilja Jóhannesdóttir	Umrætt svæði norður og norðvestur af Vatnajökli sé jarðsögulega tengt Ódáðahrauni. Auðlegð svæðisins felist í óraskaðri náttúru, virku jarðeldasvæði óspilltum víðernum, óbeisluðum jökul- og lindaám sem renna af hálendinu og jaðri þess til byggða með samfelldri gróðurþekju og fjölbreyttu dýralífi. Framkvæmdin muni spilla dýrmætum óröskuðum víðernum.	Virkjunarsvæðið er, eins og áður hefur komið fram, innan byggðar og því utan allra skilgreininga á víðernum.	
287	Almennt	Margrét Jónsdóttir	Mótmælir virkjun og vísar til viðhengdra athugasemda Fuglaverndar og ómerktra skrifa sem eru væntanlega frá Verndarfélaginu eða Ármönnum.	Athugasemd kallar ekki á viðbrögð, en vísað er til svara annarra sambærilegra athugasemda.	
288	Almennt	Móeiður Guðmundsdóttir	Mótmælir virkjun og vísar til viðhengdra athugasemda Fuglaverndar og ómerkt skrif sem eru væntanlega frá Verndarfélaginu eða Ármönnum.	Athugasemd kallar ekki á viðbrögð, en vísað er til svara annarra sambærilegra athugasemda.	
289	Almennt	Páll Ísleifur Jónsson	Gerir athugasemdir við frummatsskýrsluna í nokkrum tölusetnum liðum. Um óafturkræfan skaða á náttúrunni sé að ræða og áhrif virkjunar séu brot á Bernarsamningi vegna áhrifa á fugla, Ramsar-samningi vegna mikilvægs votlendis og vatnatilskipun.	Mat á afturkræfni áhrifa kemur fram í frummatsskýrslu. Ekki er um brot á þessum tilteknu samningum og tilskipun að ræða.	

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
290	Landnotkun	Páll Ísleifur Jónsson	Öll veiði neðan Ullarfoss verði fyrir neikvæðum áhrifum en skv. skýrslu Veiðimálastofnunar sé það 59% af veiði Svartár.	Veiðisvæðum neðan Ullarfoss má skipta í tvennt þ.e. efra og neðra veiðisvæði. Efra svæðið er 1,9 km langt og nær frá Ullarfossi að ármótum Grjótár en það neðra nær frá Svartárgili að Skjálfandafljóti. Milli þessara tveggja svæða er um 2,7 km árkafli þar sem engin veiði er stunduð. Ákveðnu lágmarksrennsli verður viðhaldið í farvegi neðan stíflu að frárennsli virkjunar sem verður um 20% af meðalrennsli (22% miðað við skilgreint lágmarksrennsli í matsskýrslu). Skerðing rennsli á efra veiðisvæði er ekki talin hafa bein áhrif á veiðistaði á efra veiðisvæðinu, en geti valdið samdrætti í stangveiði á neðra veiðisvæðinu. En eins og fram kemur í frummatsskýrslu eru ekki þekktar aðferðir til að spá fyrir um umfangs slíks samdráttar.	5.4.13
291	Vatnafar	Páll Ísleifur Jónsson	Vanti upplýsingar um hvernig eigi að tryggja lágmarksrennsli þegar náttúrulegt rennsli árinna sé minna en eða nálægt virkjuðu rennsli. Engar óháðar rennismælingar hafi farið fram í Grjótá.	Vísað er til viðbragða við athugasemd nr. 28 varðandi lágmarksrennslið og nr. 29 um rennsli í Grjótá.	
292	Almennt	Páll Ísleifur Jónsson	Frummatsskýrslan sé ómarktæk vegna hagsmunaaðreksra þar sem Verkis sé einnig hönnuður virkjunar.	Vísað er til viðbragða við athugasemdar nr. 248, samkvæmt lögum ber framkvæmdaraðili ábyrgð á mati á umhverfisáhrifum og skýrslan er unnið af ráðgjöfum í nafni framkvæmdaraðila.	
293	Vatnalíf	Páll Ísleifur Jónsson	Engar rannsóknir hafi farið fram á áhrifum á bleikjustofn í ofanverðu Skjálfandafljóti sem nýti næringu frá Svartá og stór hrygningarsvæði urriða verði eyðilögð.	Í ákvörðun Skipulagsstofnunar voru ekki gerðar frekari kröfur eða athugasemdir við umfang rannsókna vegna vatnalífríkis, umfram þær sem tilgreindar voru í matsáætlun. Varðandi hrygningarsvæðin er vísað til viðbragða við athugasemd nr. 160.	
294	Almennt	Sigurlaug Jónsdóttir	Purfum að standa vörð um óspillta náttúru landsins, vatnsfallsvirkjanir séu óafturkræf náttúruspjöll	Athugasemd kallar ekki á viðbrögð.	
295	Almennt	Skarphéðinn Halldórsson	Athugasemd samhljóða athugasemd Halldórs Valdimarssonar um fugla, gróður og landnotkun.	Vísað er til svara við atriðum nr. 33-36, 38, 70 og 187-189.	
296	Vatnalíf	Skarphéðinn Halldórsson	Stórfelld röskun verði á fiskgengd skv. sérfræðiskýrslum frá Veiðimálastofnun og Hafrannsóknarstofnun þar sem svæðin sitthvorum megin virkjunar verði aðskilin með mannvirkjum. Þá er gerð athugasemd við að ekki sé fjallað í frummatsskýrslu um áhrif þess á fiskgengd að aðskilja efri hluta Svartár frá Skjálfandafljóti.	Sérfræðiskýrslur eru birtar sem ítarefni í viðaukum og forsendur sem aðilar hafa í sumum tilfellum gefið sér eiga ekki endilega að öllu leyti við, t.d. sú forsenda Veiðimálastofnunar í skýrslu frá árinu 2015 að ekki yrði gerður fiskvegur framhá stíflu. Þá er bent á að Svartárgil er talið torfiskgengt og Ullarfoss ofan virkjunar er ófiskgengur samkvæmt sömu skrifum Veiðimálastofnunar og vitnað er til.	
297	Ásýnd	Skarphéðinn Halldórsson	Hafa beri í huga að fyrirhugað lónstæði og flutningslínur séu á mörkum hálendislinum og steinsnar frá lónstæðinu sé Aldeyjarfoss. "Uppistöðulón og	Framkvæmd við virkjun Svartár felur hvorki í sér uppistöðulón né háspennulínur í lofti. Virkjunin er í byggð og skilgreindur jaðar miðhálendisins er um 3 km sunnan Aldeyjarfoss, sem er um 5 km sunnan syðri marka virkjunarsvæðis.	

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
			háspennulínur munu hafa veruleg neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna sem koma ofanaf eða ætla sér yfir Sprengisand."		
298	Almennt	Sólveig Illugadóttir	Mótmælir virkjun í Svartá vegna mikilla náttúruspjalla og skaða á lífríki fyrir andfugla.	Athugasemd kallar ekki á viðbrögð.	
299	Almennt	Gróa María Böðvarsdóttir	Mótmælir Svartárvirkjun vegna ógnar við lífríki og einstaka náttúru, þ.m.t. uppeldisstöðvar margra fugla.	Athugasemd kallar ekki á viðbrögð.	
300	Jarðminjar	Sæmundur Ari Halldórsson	"Fyrirhuguð virkjun Svartár í Bárðardal kæmi til með að kaffæra umtalsverðan hluta eldra Bárðardalshrauns og rýra þannig vísindalegt gildi þess stórlega, ..."	Inntakslón fyrirhugaðrar virkjunar verður að nánast öllu leyti í núverandi farvegi Svartár, sbr. mynd 4.3 af inntaksstíflunni í frummatsskýrslu, og mun því ekki kaffæra hraunið.	4.3
301	Almennt	Sævar Ólafsson	Andmælir fyrirætlunum um að virkja í Svartá. Bús væði fiska, fugla og fleiri dýra muni raskast og svæðið þegar hugað er að útivist og sjálfbærri veiði, heildarásýnd svæðisins muni bera varanlegt tjón. Ferðamenn komi til landsins til að njóta óspilltrar náttúru og frekar eigi að skoða uppbyggingu á öðrum sviðum eins og ferðaþjónustu.	Nýting á svæði til raforkuframleiðslu er notkun á landi eins og ferðamennska, veiði og útivist. Varðandi uppbyggingu náttúrutengdrar ferðaþjónustu vísast í svar nr. 265. Nýting vatnsafls með þessum hætti kemur ekki í veg fyrir uppbyggingu á ferðaþjónustu en hefur óhjákvæmilega áhrif á náttúrufró þó reynt sé að halda þeim áhrifum í lágmarki.	
302	Almennt	Tryggvi Guðmundsson	Þekkt sé að með því að sökkva gróðri muni kvikasilfur og metan myndast sem geti haft virkilega vond á lífríkið í vatninu.	Magn af gróðri og jarðvegi sem fer undir vatn næst inntaksstíflunni er óverulegt en kvikasilfur er aðallega talið geta losnað úr jarðvegi við strandrof í lónum.	
303	Markmið	Tryggvi Guðmundsson	Ekki sé þörf á fleiri virkjunum þar sem til staðar sé yfirdrifið nóg af rafmagni.	Orkustofnun hefur hvatt til gerðar smávirkjana vegna yfirvofandi orkuskorts á ákveðnum svæðum á landinu, sbr. kafla 1.1 í frummatsskýrslu og einnig stöðuskýrslu stofnunarinnar um smávirkjanir fyrir árið 2017, frá janúar 2018.	1.1
304	Vernd	Anna María Bogadóttir	Fyrirætlanir um virkjun gangi gegn því að í Bárðardal verði líffræðilegri fjölbreytni og heilbrigði vistkerfa viðhaldi með óafturkræfri röskun svæða sem heyra undir sérstaka vernd eins og votlendi og nútímahraun.	Virkjunin verður í Bárðardal en áhrifin verða staðbundin og eiga því ekki við um allan dalinn. Um er að ræða mjög litla röskun á hrauni sem hefur skert verndargildi vegna fyrra rasks samkvæmt umsögn UST. Votlendi mun verða raskað en gripið verður til aðgerða til að lágmarka stærð svæðis sem þornar og annað votlendi verður endurheimt í staðinn.	
305	Landslag	Anna María Bogadóttir	Fullyrst er í frummatsskýrslunni að landslagið á svæðinu hafi miðlungs gildi fyrir fjölbreytileika, upplifun og verndargildi.	Vísað er í viðbrögð við atriði nr. 176, en gildi landslags er metið út frá ákveðnum viðmiðum líkt og þar kemur fram.	5.4.9

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
306	Skipulag	Anna María Bogadóttir	Fyrirætlanir gangi þvert gegn aðalskipulagi Þingeyjarsveitar um að við orkuvinnslu skuli taka tillit til umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða og að framkvæmdir gangi ekki á sérkenni svæðisins. Vísað er til hrauns, minja og menningarminja sem verði raskað.	Tekið er tillit til þessara sjónarmiða með aðlögun framkvæmdar að umhverfinu og mótvægisáðgerða til að draga úr neikvæðum áhrifum. Framkvæmdirnar samræmast öðrum ákvæðum aðalskipulagsins.	
307	Vernd	Anna María Bogadóttir	Áformin stangist á við 3. grein laga um náttúruvernd. Gengið sé á óbyggð víðerni á óafturkræfan hátt með virkjunaráformunum.	Framkvæmdir við virkjun munu ekki skerða óbyggð víðerni enda verður virkjunin innan byggðar.	
308	Samfélag	Anna María Bogadóttir	Virkjunaráform gangi því að í Bárðardal verði stuðlað að langtíma efnahagslegum bata með því að fórna möguleikum byggðarlagsins og nærsamfélags til uppbyggingar á náttúrutengdri ferðaþjónustu. Fram komi í fyrirliggjandi gögnum sem liggi að baki frummatsskýrslu að samfélagleg áhrif verði verulega neikvæð.	Ekki er rétt farið með að í sérfræðiskýrslu, sem fjallar um áhrif á ferðaþjónustu og ferðamennsku og útivist, komi fram að samfélagsleg áhrif verði verulega neikvæð. Líkt og dregið er fram í athugasemdinni þá eru talið að áhrif virkjunarinnar muni verða talsvert neikvæð á náttúrutengda ferðaþjónustu og munu takmarka framtíðarmöguleika svæðisins til að þróa náttúrutengda ferðaþjónustu áfram. Vísað er til viðbragða við atriði nr. 265.	
309	Ferðamennska og útivist	Anna María Bogadóttir	Virkjunaráætlanir gangi þvert á markmið aðalskipulags Þingeyjarsveitar og Landsskipulagsstefnu um að efla staðaranda og ferðaþjónustu.	Gerð er grein fyrir skipulagsmálum á svæðinu og áhrifum á helstu skipulagsáætlanir í kafla 3.3. í matsskýrslu. Í landsskipulagsstefnu er m.a. fjallað um skipulag á hálendi Íslands og skal marklína miðhálandisins vera eins og hún var skilgreind í svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015. Hún fylgir að hluta farvegi Suðurár og er sunnan við fyrirhugað framkvæmdasvæði við Svartárvirkjun. Framkvæmdirnar falla því utan við skilgreint skipulagssvæði á miðhálandi Íslands. Þó má benda á að í Landsskipulagsstefnu kemur einnig fram að í skipulagi sveitarfélaga sé tekin afstaða til möguleika á orkuframleiðslu með vatnsafli, jarðvarma og vindorku í sátt við náttúru og samfélag og að við skipulagsákvæðanir um nýja orkuvinnslukosti verði lagt mat á umhverfisáhrif, þar á meðal sjónræn áhrif, sem hefur nú verið gert. Í núgildandi aðalskipulagi Þingeyjarsveitar kemur fram í kafla um framtíðarsýn og meginmarkmið að það sé stefna sveitarfélagsins að nýta vatnsafl enda sé það til hagsbóta fyrir íbúa þess og í samræmi við sjálfbæra þróun. Sveitarfélagið telur eftirsóknarvert að kanna kosti þess og möguleika á að byggja fleiri virkjanir til einkanota og til orkusölu á markaði.	3.3



Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
310	Landslag	Anna María Bogadóttir	Fyrirhuguð mannvirki falli ekki að landbúnaðarlandslaginu sem fyrir er, þvert á það sem haldið er fram í frummatsskýrslu. Áhrifin ná yfir dalinn allan.	Þó hluti af framkvæmdasvæðinu sé á óbyggðum svæðum þá er það staðsett á skipulögðu landbúnaðarsvæði og er innan um ræktuð tún. Bújarðir eru umhverfis svæðið en fjarlægðir á milli þeirra eru nokkrar. Ekki er fullyrt í matsskýrslu að mannvirki virkjunarinnar muni falla að landbúnaðarlandslaginu sem fyrir er. Hins vegar er lýst þeim aðgerðum sem farið verði í til að fella betur mannvirki fyrirhugaðrar virkjunar að landi og draga úr sjónrænum áhrifum þeirra. Almenn er miðað við að sýnileiki mannvirkja sé hverfandi þegar staðið er meira en 5 km frá þeim. Þá er farið í umtalsverðar mótvægisáðgerðir til að draga úr sýnileika mannvirkjanna líkt og lesa má um í kafla 5.4.10. Því má draga í efa að áhrif virkjunar á landslag muni ná yfir dalinn allan.	5.4.9
311	Samfélag	Anna María Bogadóttir	Fyrirætlanir skipi fólki í fylkingar ... og byggi ekki á þátttöku og rödd íbúa.	Við gerð núgildandi aðalskipulags fór fram samráð við heimamenn, fyrst á frumstigum og síðar voru tillögur kynntar á fundum auk þess að öllum gafst kostur á að senda inn athugasemdir í kynningarferlinu. Hluti af mati á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar virkjunarframkvæmdar er að almenningi gefst tækifæri til að koma á framfæri sínum athugasemdum við framkvæmdina og mati á áhrifum hennar á umhverfið.	3.3.3, 6
312	Almennt	Gunnlaugur Friðrik Friðriksson	Virkjun Svartár setji framtíðaráætlanir varðandi búsetu og starfsemi í dalnum í uppnám. Uppbygging þjónustustarfsemi á jörðinni Sunnuhvoli byggi á verðmætum svæðisins og virkjunin muni draga úr möguleikum til þeirrar starfsemi vegna skaða sem hún myndi hafa á náttúru, umhverfi, dýralíf, nýhraun, menningu, ferðamennsku o.s.frv.	Sunnuhvol er um 11-12 km norðan við fyrirhugað stöðvarhús Svartárvirkjunar. Ekki kemur beint fram hvers konar starfsemi er fyrirhuguð á Sunnuhvoli og því er ekki ljóst hvers vegna hún ætti að útiloka að landeigendur við Svartá geti nýtt sitt land og vatnsréttindi sem þeirra jörðum fylgja.	

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
313	Samfélag	Gunnlaugur Friðrik Friðriksson	Áætlun um virkjun hafi valdið mjög sárum klofningi í sveitarfélaginu sem veiki samfélagið og búsetuskilyrði þar.	<p>Ekki kemur skýrt fram í athugasemdinni í hverju klofningurinn felist en skýrsluhöfundar gefa sér að um sé að ræða skiptingu í með/á móti virkjun. Umhverfismat verkefnisins fylgir lögformlegu ferli sem m.a. kallar á samráð við íbúa. Var það gert, fyrst á frumstigum og síðar hefur verkefnið verið kynnt á íbúafundum og öllum heimilt að skila inn athugasemdum við matsferlið.</p> <p>Það að íbúar hafi ólíkar skoðanir um framþróun í sveitarfélaginu og hvaða stefnu eigi að taka er ekki nýtt af nálinni og liggur á borði sveitarstjórnar að leysa. Sveitarstjórn er valin í lýðræðislegum kosningum af íbúum sveitarfélagsins og hún markar stefnu í málum þess. Ef ólíkar leiðir til uppbyggingar/framþróunar stangast á þá hlýtur það að vera verkefni sveitarstjórnar að marka þá stefnu og leið sem farin er. Eitt af þeim tólum sem sveitarstjórnir nýta til stefnumörkunar er aðalskipulag. Í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 er sett m.a. fram stefna sveitarfélagsins "að nýta vatnsafl í sveitarfélaginu [...] til hagsbóta fyrir íbúa þess" en það er jafnframt einnig markmið þeirra í skipulaginu að "efla hefðbundna ferðaþjónustu og nýsköpun í jarðferðaþjónustu", sem og að "varðveita náttúrulegt landslag og óspillta náttúru" en jafnframt að "Auka skal svigrúm til nýbreytni og þróunar í atvinnuuppbyggingu en jafnframt standa vörð um auðlindir jarðar og eignarrétt landeigenda". Það hlýtur að liggja í höndum sveitarstjórnar að samþætta öll þessi markmið í þeirri uppbyggingu sem þeir stefna að í sveitarfélaginu, m.a. með því að ákvarða um leyfi fyrir þeim framkvæmdum sem óskað er eftir að fara í innan sveitarfélagsins og hugsanlega setja þeim skilyrði.</p>	
314	Almennt	Anna Kjartansdóttir	Gerir athugasemdir Fuglaverndar, Ólafs Nielsen, Árna Einarssonar, Viðar Hreinssonar og Børre Skodvin, sem eru send sem fylgiskjöl, að sínum og mótmælir virkjun.	Athugasemd krefst ekki viðbragða og vísað er í svör við athugasemdum viðkomandi aðila.	
315	Almennt	Anna Kjartansdóttir	Skortir á skilgreiningar á hugtökum.	Ekki eru nefnd þau hugtök sem skilgreiningar vanti á. Bent er á orðalista á bls. xi í frummatsskýrslu og kafla 5.1 um aðferðafræði þar sem einnig er vísað til leiðbeininga Skipulagsstofnunar.	5.1
316	Vatnafar	Anna Kjartansdóttir	Óvissa ríki um atriði úr ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun, hvert lágmarksrennsli eigi að vera til að lífríki verði ekki fyrir varanlegum skaða og hvernig það verði tryggt. Jafnframt þurfi að greina frá áhrifum minnkaðs rennsli á vatnafar við hólma og hvernig verði tryggt að þeir verði umflotnir vatni.	Vísað er til svara við atriðum nr. 28, 82 og 158.	5.4.2

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
317	Vatnafar	Anna Kjartansdóttir	"Um margt jaðrar við ósvífni í skýrslunni. ... t.d. boðið upp á samlíkingu milli Svartár neðan stíflu og Elliðaáa." "Hver trúir því að rennslið verði tæpir 5 rúmmetrar neðan virkjunar, eða nærri fjórðungur meðalrennslis árinna (22 m <sup>3</sup> /sek)?" "Leynt og ljóst er reynt að villa um fyrir fólki og draga úr neikvæðum áhrifum."	Ekki er ljóst hvernig það á að teljast ósvífni að bera saman tvær ár með svipuðu rennsli. Tillaga að lágmarksrennsli byggir á skrifum Hafrannsóknarstofnunar sem fylgja í viðauka með frummatsskýrslu og samkvæmt umsögn sveitarfélagsins, sjá atriði nr. 10, er líklegt að skilyrði verði sett við útgáfu framkvæmdaleyfa.	5.4.2
318	Fuglar	Anna Kjartansdóttir	"Verndargildi svæðisins fyrir húsönd og straumönd ætti eitt að duga til að koma í veg fyrir virkjun."	Vísað er til svara við atriðum nr. 35, 38 og 222.	5.4.5
319	Framkvæmdir	Anna Kjartansdóttir	Núllkosti séu ekki gerð nægjanleg skil.	Vísað er til viðbragða við atriðum nr. 9 og 137.	4.15
320	Vernd	Anna Kjartansdóttir	Svartá og umhverfi hennar tilheyrja jaðarsvæði hálendisins og ættu að heyra undir hálendisþjóðgarð. Óspillt náttúra hafi gildi sem hún "sörguð" hafi ekki.	Vísað er til fyrri svara um mörk hálendisins, sjá atriði nr. 62, og bent á að virkjunarsvæðið er innan byggðar á landbúnaðarsvæði.	5.4.14
321	Ferðamennska og útivist	Anna Kjartansdóttir	Sett er út á orðalag, að markvisst sé reynt að gera náttúruverndarsjónarmið tortryggileg, en fullyrðingar ferðaþjónustuaðila birt eins og staðreyndir.	Skýrsluhöfundar vísa því alfarið frá að í skýrslunni sé verið að gera náttúruverndarsjónarmið tortryggileg. Umfjöllun um ólík sjónarmið mismunandi hópa koma einkum fram í kafla 5.4.12 um ferðamennsku og útivist. Umfjöllun í þeim kafla fylgir umfjöllun og niðurstöðum skýrslu RMF um áhrif á ferðamennsku og útivist, þar sem fjallað er um ólík viðhorf til framkvæmdarinnar og áhrifa á ferðamennsku, hvort sem um er að ræða náttúruverndarsinna eða ferðaþjónustuaðila sem telja sig ekki verða fyrir neikvæðum áhrifum.	5.4.12
322	Ferðamennska og útivist	Anna Kjartansdóttir	Framtíðarmöguleikar til að þróa náttúrutengda ferðaþjónustu verði takmarkaðir. Skýrsluhöfundar láti sér nægja að segja: "Áhrifin á þessa hópa ferðamanna og ferðaþjónustuaðila eru bein, varanleg og teljast talsvert neikvæð".	Þessi setning sem vísað er til er tekin úr samhengi. Samkvæmt 20. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum skal í frummatsskýrslu koma fram flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa á grundvelli leiðbeininga sem Skipulagsstofnun hefur gefið út. Í frummatsskýrslu er í kafla 5.1 vísað til leiðbeininga Skipulagsstofnunar frá 2005 en samkvæmt þeim á m.a. að gera grein fyrir hvort áhrif séu bein eða óbein, jákvæð eða neikvæð o.s.frv. Jafnframt þarf að leggja mat á vægi áhrifanna og viðmiðum um mat á vægi er m.a. lýst í töflu 5.1 í frummatsskýrslu. Í fyrri hluta málsgreinar þeirrar sem þessi setning er tekin úr er áhrifunum á þennan tiltekna hóp ferðamanna lýst. Einkennum áhrifanna og vægi þeirra á þennan sama hóp er síðan lýst í þessari setningu. Hér er engan vegin verið að draga úr mati á áhrifunum, heldur eru einkenni þeirra og vægi metið í samræmi við þau viðmið sem stuðst er við.	5.1,3, 5.4.12

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
323	Skipulag	Anna Kjartansdóttir	Vísað er til 3. atriðis í niðurstöðu Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun um að gera skuli grein fyrir hvernig áform um Svartárvirkjun falli að flokkun í núgildandi og fyrirliggjandi þingsályktunartillögu um endurskoðun rammaáætlunar og til hvaða mótvægisáðgerða eigi að grípa til við hönnun og útfærslu virkjunar. Þessu sé ekki gerð viðhlítandi skil.	Í frummatsskýrslu er fjallað um núgildandi rammaáætlun, lokaskýrslu verkefnisstjórnar 3. áfanga og áður fyrirliggjandi þingsályktunartillögu sem nú er fallin úr gildi. Í matsskýrslu er fjallað enn frekar um rammaáætlun og virkjunarkostir sem teknir voru til umfjöllunar í vinnu verkefnisstjórnar 3. áfanga sýndir á mynd 3.5 í matsskýrslu. Ekki er ljóst hvað Skipulagsstofnun átti við með mótvægisáðgerðum í þessu sambandi.	3.4
324	Almennt	Áslaug Guðmundsdóttir, Sigríður Guðmundsdóttir, Guðmundur Sölvi Ásgeirsson	Lýsa yfir andstöðu við Svartárvirkjun vegna verulegra umhverfisáhrifa á svæði sem líta má á sem eina heild með Mývatnssvæðinu. Vísað er til skrifa Árna Einarssonar sem fylgdu á vefslóð (dropbox).	Ekki kemur fram í tilvísuðum skrifum Árna Einarssonar að líta eigi á þessi tvö svæði sem eina heild þó að þau séu borin saman og hafi tengingu í gegnum stofna andfugla.	
325	Framkvæmdir	Áslaug Guðmundsdóttir, Sigríður Guðmundsdóttir, Guðmundur Sölvi Ásgeirsson	Lýsa yfir fullri andstöðu við strengleið um óspillt land, ekki hvað síst gróna Laxárdalsheiði og land Ljótsstaða sem tveir undirritaðra eru meðal eigenda að.	Strengleið skv. kosti 1 er ekki lengur innan marka jarðarinnar Ljótsstaða og strengleið samkvæmt kosti 2, í vegstæði norður Bárðardal, virðist vera fýsilegri kostur.	
326	Almennt	Áslaug Guðmundsdóttir, Sigríður Guðmundsdóttir, Guðmundur Sölvi Ásgeirsson	Að öðru leyti er tekið undir allt annað sem kemur fram í innsendum og viðamiklum athugasemdum Ármanna.	Ekki hafa borist athugasemdir við frummatsskýrslu merktar Ármönnum, félagsskapar um fluguveiði.	
327	Framkvæmdir	Örn Þorvaldsson	Framkvæmdin myndi óhjákvæmilega leiða til stórfelldra raskana og mikilla skemmda. Nefnt er stórt uppistöðulón, þurrkun Ullarfoss, 3-4 km skurður fyrir aðrennslispípu, 60 km jarðstrengslögn. Þá er ítrekað að virkjunin muni framleiða 1 MW á meðan Þeistareykjavirkjun sé 100 MW.	Ekki er farið rétt með upplýsingar um virkjun sem koma fram í 4. kafla frummatsskýrslu. Eingöngu er um lítið inntakslón að ræða sem er að langmestu leyti í farvegi árinna, Ullarfoss er ofan virkjunar og verður ekki fyrir áhrifum, skurður fyrir aðrennslispípu eru um 3 km og jarðstrengur verður annað hvort um 47 km langur frá virkjun að Laxá eða 22 km að Kálfborgará í Bárðardal. Fyrirhuguð virkjun í Svartá er 9,8 MW og Þeistareykjavirkjun er 90 MW.	4

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
328	Almennt	Örn Þorvaldsson	Vísað er til skrifa Árna Einarssonar, Viðars Hreinssonar, Børre Skodvin og Ólafs K. Nielsen sem eru viðhengd ásamt upplýsingum frá Verndarfélaginu og lagt út af þeirra skrífum.	Athugasemdum í skrífum þessara aðila sem vísað er til, er svarað framar. Bent er á að ekki hefur komið fram að 6% gulandarstofnsins dvelji við Svartá yfir sumarið en 6% húsandarstofnsins sást þar við talningu sumarið 2016.	
329	Almennt	Ágúst Arnórsson og Helga Jónsdóttir	Hugmynd um virkjunina sé illa ígrunduð og skammsýn. Lítið samræmi sé í hugtakanotkun og meðferð hugtaka ófullnægjandi í frummatsskýrslunni. Tilvísanir í heimildir og aðferðafræði af skornum skammti.	Ekki eru nefnd sérstök dæmi um vankanta er varði hugtakanotkun og meðferð hugtaka og því ekki hægt að bregðast við athugasemdum.	
330	Samfélag	Ágúst Arnórsson og Helga Jónsdóttir	Mat á efnahags- og samfélagslegum áhrifum sé í skötulíki þar sem engin raunveruleg hagræn greining hafi farið fram. Atvinnustig- og tekjur teljist til bókhaldlegra stærða í hagrænum skilningi og hafi ekkert með hagrænan ábata að gera. Sú staðhæfing að áhrifin teljist til jákvæðra tímabundinna áhrifa sé því merkingarlaus.	Umfjöllun um samfélagsleg áhrif er í samræmi við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um innihald frummatsskýrslu. Í riti Skipulagsstofnunar "Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa" er tilgreint að í umfjöllun um hagræna og félagslega þætti eigi að fjalla um efnahag og atvinnulíf, íbúapróun, félagslegt umhverfi og byggð og efnisleg verðmæti. Þá er mat á umhverfisáhrifum þessarar framkvæmdar unnið í samræmi við fyrri verkefni þar sem m.a. er fjallað um atvinnustig og tekjur.	5.4.11
331	Fuglar	Ásmundur K. Örnólfsson	Þörf sé á viðameiri athugunum á fuglalífi svæðisins yfir lengra tímabil og um fleiri atriði og sérstaklega þarf að gæta að áhrifum á viðgangi húsandar og straumandar.	Vísað er til svara við atriðum 33-36, 38, 70 og 222.	5.4.5
332	Vatnalíf	Ásmundur K. Örnólfsson	Viðameiri og lengri rannsóknir á t.d. hrygningu og seiðabúskap urriða og bleikju eru nauðsynlegar.	Ekki voru gerðar frekari kröfur eða athugasemdir við umfang rannsókna vegna vatnalífríkis, umfram þær sem tilgreindar voru í matsáætlun, í ákvörðun Skipulagsstofnunar.	5.4.6
333	Ásýnd	Ásmundur K. Örnólfsson	Sjónmengun yrði umtalsverð, sérstaklega yrði jöfnunarþró áberandi.	Sjónræn áhrif eru metin mest af jöfnunarþró en að teknu tilliti til mótvægisáðgerða eru áhrifin í heildina metin nokkuð neikvæð.	5.4.10

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
334	Vatnafar	Ásmundur K. Örnólfsson	Erfitt sé að fallast á að framhjárnensli eigi að skapa fiski farvegi og fugli búsvæði ef ís og krapa sé veitt í farveginn að vetrarlagi. Þá botnfrjósi væntanlega í farveginum, sérstaklega frá stíflu að Grjótá.	Grunnstingull getur myndast í farveginum. Grunnstingull er ís sem vex upp af botni (og einnig bökkum undir vatnsborði) og upp í rennslið og er því botnfastur. Almenn er þessi myndun ekki langlíf og losnar oft fljótt frá og flýtur þá niður farveginn. Mikill krapi í vatninu leiðir til minni undirkælingar og lækkar því hættu á grunnstingulmyndun. Krapi getur sest til á lygnari svæðum og mögulega þar sem rennslið er grynnt í þversniði árinna og þannig þrengt að þversniðinu og dýpkað rennsli í virka hluta þversniðsins. Við stöðugt rennsli og í jafn bröttum farvegi og í Svartá er ólíklegt að krapi loki þversniðinu alveg nema mögulega neðan við hólmasvæðið þar sem rennslishraði dettur niður, sjá umfjöllun í 154. Í eðli sínu er krapi mjög gropin ísmyndun sem er rétt við 0°C og því fullur af ófrosnu vatni. Til þess að svæði hulið krapa nái að botnfrjósa þarf vatn að frjósa í krapamynduninni en slíkt ferli á sér stað á sama hátt og vatn frýs á stöðuvatni, þ.e. byrjar að frjósa efst við mörk vatns og lofts og vex þaðan niður í krapamyndunina, ef frost er nógu mikið og helst nógu lengi. Oft gerist það, t.d. við hrannarmyndun úr krapa, að myndunin vex á kuldatímabili og hækkar vatnsstöðu og getur því orðið þykk. Síðan þegar hlýnar í smá tíma (eins og gerist iðulega hér á landi) fellur hrönnin í meginfarveginum og eftir standa háir hrannarveggir við bakkana. Við þetta rennur ófrosið vatn úr holrúmum hrannarinnar og eftir stendur hrönn úr ummynduðum ískristöllum sem virka einangrandi á undirlagið eins og snjóþekja. Það er því ólíklegt að veiting krapa niður í farveginn leiði til þess að áin botnfrjósi.	5.4.2
335	Vatnalíf	Ásmundur K. Örnólfsson	Litlu svarað um áhrif rofs á lífríki Svartár neðan fyrirhugaðs stöðvarhúss.	Engrar rennisskerðingar mun gæta á um 1,5 km árkafla neðan frárennslis fyrirhugaðs stöðvarhúss. Því má gera ráð fyrir takmörkuðum áhrifum á vatnalíf á árkaflanum.	5.4.6
336	Samfélag	Ásmundur K. Örnólfsson	Engin tilraun gerð til að meta fórnarkostnað virkjunar, virkjunarframkvæmdar og línulagnar. Hvert sé virði ósnortinnar náttúru á virkjunarsvæðinu í milljónum/milljörðum talið? Hver séu bein áhrif á ferðaþjónustu næst virkjunarstað og hver sé hagnaður í krónum talið fyrir almenning? Verið sé að skapa arð fyrir fáeina en hafa tekjur af öðrum, t.d. veiðibændum.	Eins og fram kemur í viðbrögðum við athugasemd nr. 177 fela umhverfisáhrif ekki í sér þjóðhagsleg áhrif eða arðsemi samkvæmt skilgreiningu laga nr. 106/2000. Ekki eru aðgengilegar aðferðir til að meta virði náttúru og fjallað er um áhrif á ferðaþjónustu. Veiðiréttarhafar eru einnig vatnsréttarhafar, sem hafa samið um nýtingu orkunnar sem felst í falli vatnsins með fyrirhugaðri virkjun.	
337	Framkvæmdir	Ásmundur K. Örnólfsson	Ekki liggja fyrir hvert skuli haldið með lagningu rafstrengs og að hve miklu leyti ofan jarðar eða neðan. Leyfi til lagnarinnar þurfi að liggja fyrir og með hvaða hætti hugsað er að flytja orkuna frá virkjun. Tengivirki við Kálfborgará sé aðeins	Nefndir eru tveir kostir við lagningu jarðstrengs, sem eru að öllu leyti neðan jarðar. Búið er að semja við landeigendur á leið samkvæmt kosti 1 að Laxá, eins og fram kemur í frummatsskýrslu, en eftir stendur að leita leyfa til að leggja jarðstreng í veghelgunarsvæði að Kálfborgará, sem þykir líklegri kostur. Ekki er ljóst hvað átt er við með tilvísun í aðalskipulag varðandi tengivirki við Kálfborgará.	3.1

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
			hugsanlegt skv. síðustu upplýsingum úr aðalskipulagi Þingeyjarsveitar.		
338	Almennt	Ásmundur K. Örnólfsson	Setur fram kröfu um annað fyrirkomulag skýrslukaupa og setur spurningarmerki við það að þeir sem hyggist virkja kaup skýrslugerðina.	Eins og fram kemur í viðbrögðum við athugasemd nr. 248 ber framkvæmdaraðili ábyrgð á matinu skv. ákvæðum laga nr. 106/2000.	
339	Ásýnd	Ásmundur K. Örnólfsson	Villandi framsetning við kynningu skýrslu sbr. myndir af Svartá í fullu rennsli í myndbandi og skýrslu. Lítið sé gert úr því mikla raski sem verði við pípulögnina þar sem myndefni skýrslu sýni einungis örmjótt strik en vitað sé að raskið við pípulögnina verði umtalsvert.	Fram kemur í skýringum við myndir í frummatsskýrslu að þær séu ætlaðar til að sýna mannvirkin og að vatn verði minna í farvegi eftir tilkomu virkjunar. Nokkrum myndum hefur verið skipt út í matsskýrslu sem sýna tilgátu að því hvernig ásýndin gæti verið við skert rennsli, sjá viðbrögð við athugasemd nr. 166. Talið er að myndir af svipuðu vatnsmagni í öðrum farvegum gefi allt eins góða hugmynd um rennsli eftir tilkomu virkjunar eins og gert var í frummatsskýrslu. Mynd 4.1 í frummatsskýrslu svo og forsíðumyndin, sýna breidd á skurði aðrennslispípu miðað við hannaða hæðarlegu hans. Að nokkrum árum liðnum er gert ráð fyrir að ummerki í landi verði lítil og minnst á vel grónum svæðum.	4.2
340	Almennt	Ásmundur K. Örnólfsson	Tekur undir athugasemdir Verndarfélags Svartár og Suðurár vegna samnings um rannsóknar- og virkjunarleyfi milli SSB Orku og ríkissjóðs og telur að fjalla hefði átt um það í frummatsskýrslu.	Í frummatsskýrslu kemur fram hvaða leyfi liggja fyrir og hvaða leyfa þurfi að leita eftir. Forsendur einstakra leyfisveitinga eða samninga við landeigendur eru ekki umfjöllunarefni skýrslunnar.	1.2
341	Fuglar	Dögg Matthíasdóttir	Framkvæmdir séu brot á reglugerð 252/1996 um dvöl manna nálægt hreiðri fálka og að ekki skuli hróflað við hreiðrum þeirra.	Framkvæmdir munu taka mið af því hvort fálkahreiður í nágrenninu verður í notkun og ekki verður hróflað við hreiðrinu. Vísað til svars við atriði nr. 227.	5.4.5
342	Vernd	Dögg Matthíasdóttir	Framkvæmdir séu brot á lögum um vernd Mývatns og Laxár verði farið með jarðstreng að Laxárvirkjun um verndarsvæði Laxár.	Verði kostur 1 í lagningu jarðstrengs fyrir valinu yrði Laxá þveruð þar sem til staðar er skurður með streng í. Sækja þyrfti um leyfi og gæta varúðar við framkvæmdirnar.	
343	Vernd	Dögg Matthíasdóttir	Framkvæmdir við 47 km jarðstreng að Laxárvirkjun fari um tvær náttúruminjar á náttúruminjaskrá, 523. Varastaðaskógur og 524. Halldórsstaðir.	Fyrirhuguð strengleið samkvæmt kosti 1 liggur vestan Másvatns og vestan jarðarinnar Ljósstaða og fer því ekki um Varastaðaskóg. Strengleiðin fer í gegnum Halldórsstaði I austan og norðan í efri hluta Hvítafells. Verði þessi kostur fyrir valinu þarf að taka tillit til aðstæðna og afla umsagna Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar og náttúruverndarnefndar fyrir samþykki skipulags eða fyrir veitingu leyfa.	3.1

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
344	Vernd	Dögg Matthíasdóttir	Framkvæmdirnar séu brot á lögum um náttúruvernd þar sem votlendi og eldhraun njóti sérstakrar verndar.	Samkvæmt 63. gr. laga um náttúruvernd ber að forðast röskun votlenda og eldhrauna nema brýna nauðsyn beri til og leita þarf umsagnar UST, NÍ og náttúruverndarnefndar. Því er ekki um brot á lögunum að ræða.	5.4.14
345	Vernd	Dögg Matthíasdóttir	Framkvæmdirnar séu innan svæðis sem sett var í verndarflokk 3. áfanga rammaáætlunar.	Fjallað er um rammaáætlun í kafla 3.4 í frummatsskýrslu. Tilteknir virkjunarkostir eru settir í orkunýtingar-, bið- eða verndarflokk og í lokaskýrslu verkefnisstjórnar 3. áfangans var afmarkað svæði sem tekur yfir Svartá neðan ármóta við Suðurá. Í gildi er þingsályktun frá 2013.	3.4
346	Fuglar	Dögg Matthíasdóttir	Framkvæmdirnar spilli búsvæðum fuglategunda á válista (válisti sé skrá yfir tegundir í útrýmingarhættu), húsönd sé í hættu (EN), fálki, hrafn og grágæs í yfirvofandi hættu (VU) og straumönd í nokkurri hættu (LR). Straumönd og húsönd séu ábyrgðartegundir Íslendinga og séu báðar skráðar í viðauka II við Bernarsamninginn.	Vísað er til viðbragða við athugasemdum nr. 227 og 222.	5.4.5
347	Fuglar	Dögg Matthíasdóttir	Fjöldi húsanda á vatnasviði Svartár og Suðurár uppfylli viðmið um alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði sem Ísland hafi skuldbundið sig til að vernda skv. Ramsar-samningnum og fjöldi straumanda liggja nærri þessu viðmiði.	Vísað er til viðbragða við athugasemd nr. 222.	5.4.5
348	Fuglar	Dögg Matthíasdóttir	Við gerð mats á umhverfisáhrifum hafi ekki verið litið til skilgreiningar Náttúrufræðistofnunar Íslands á svæðinu sem mikilvægu votlendissvæði, VOT-N 10.	Vísað er til viðbragða við athugasemd nr. 222.	5.4.5
349	Jarðminjar, gróður, fuglar	Dögg Matthíasdóttir	Í viðauka 3 um fuglalíf, gróðurfur og jarðfræði við Svartá sé jarðstrengur ekki nefndur sem hluti framkvæmdar og líklegar ástæður séu að hann liggja um friðlýst svæði og svæði á náttúruminjaskrá.	Rannsóknarsvæðið var skilgreint af fyrri eiganda verkefnisins og tók ekki til lagningar jarðstrengs. Upplýsingar um aðstæður á strengleið koma fram í frummatsskýrslu. Líkur eru á að strengur verði lagður samkvæmt kosti 2 þar sem hvorki er um að ræða friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjaskrá.	
350	Gróður	Dögg Matthíasdóttir	Í viðauka 6a um gróðurfarsúttekt á leið jarðstrengs að Laxá var byggt á fyrirbyggjandi gögnum og engin ný vettvangsúttekt gerð.	Þetta er rétt athugað og er talið fullnægjandi.	5.4.4
351	Fornleifar	Dögg Matthíasdóttir	Samkvæmt 3. gr. þjóðminjalaga séu allar fornleifar á Íslandi friðhelgar. Í viðauka 7 um deiliskráningu fornleifa koma fram 7 fornleifar og í viðauka 8 um fornleifaskráningar vegna jarðstrengs og	Fornminjum má ekki raska án þess að Minjastofnun mæli fyrir um mótvægisáðgerðir og/eða gefi leyfi eins og fram kemur í frummatsskýrslu. Alltaf er reynt eins og hægt er að forða minjum frá raski. Við jarðstrengslögn raskast ekki breiðara svæði en sem nemur breidd tækjanna sem plægja strenginn niður og hægt er að sveigja legu hans framhjá minjum.	5.4.7



Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
			mannvirkja í Bárðardal var samtals skráður 81 minjastaður, þar af 36 í hættu en 45 í stórhættu.		
352	Ferðamennska og útivist	Dögg Matthíasdóttir	Í viðauka 9 um áhrif á ferðaþjónustu og ferðamennsku/útivist segi að framkvæmdirnar gangi á ósnortna náttúru og að því marki takmarki þær framtíðarmöguleika svæðisins til að þróa náttúrutengda ferðaþjónustu áfram.	Metin áhrif á möguleika til að þróa náttúrutengda ferðaþjónustu koma fram í frummatsskýrslu.	5.4.12
353	Almennt	Guðlaug Margrét Steinsdóttir	Finnst framkvæmdin óásættanleg og sendir inn nokkrar athugasemdir úr ómerktum skrifum sem fleiri hafa vísað til auk skrifta Børre Skodvin og Viðars Hreinssonar. Gerðar eru athugasemdir við áhrif á ferðamennsku, uppbyggingu á náttúrutengdri ferðaþjónustu og hagrænt mat á náttúrugæðum.	Vísað er til annarra svara, um áhrif á ferðamenn er bent á svör 9, 88, 242 og 265, um uppbyggingu náttúrulegrar ferðaþjónustu á atriði 192 og hagrænt mat á náttúrugæðum 252.	
354	Almennt	Hjördís Finnbogadóttir	"Þegar virkjað hefur verið nýtt svæði fylgja fleiri virkjanir á eftir." Vísað er til vatnaflutninga í tengslum við áform um stórvirkjanir í Laxá frá sjöunda áratug síðustu aldar.	Frummatsskýrsla fjallar um þá framkvæmd sem þar er lýst og tengist ekki öðrum áður áformuðum eða framtíðarmöguleikum í virkjunum.	
355	Vatnafar	Hjördís Finnbogadóttir	Alvarlegasta tjónið felist í því að fjarlægja mestan hluta árvatnsins úr farveginum á u.þ.b. 3 km kafla, sem hafi neikvæð áhrif á framboð fæðu og önnur lífsskilyrði fugls og fisks. Ekki sé gott að gera sér grein fyrir hve mikið vatn muni renna í farveginum eftir virkjun þar sem upplýsingar séu misvísandi. Að engu virðist haft skilyrði Skipulagsstofnunar um að í skýrslunni þurfi að gera grein fyrir hvert lágmarksrennsli árinna á virkjuðum kafla þurfi að vera til að lífríki hennar verði ekki fyrir varanlegum skaða. Eftir standi að tiltölulega lítið rennsli verði eftir í farveginum og stundum líklega ekkert. Vísað er til stíflu í Miðkvísl í Laxá sem var með fiskvegi sem lítið rann	Vísað er til viðbragða við atriðum nr. 28 varðandi lágmarksrennslið. Enn er vísað til aðgerða sem heimamenn gripu til árið 1970 vegna gerðar 3. áfanga Laxárvirkjunar. Velta má fyrir sér tilgangi þessara tilvísana.	5.4.2

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
			um í samanburði við það sem áður var og að stíflan hafi verið sprengd.		
356	Vatnafar	Hjördís Finnbogadóttir	Á því svæði sem rennsli verður skert stórlega aukast mjög líkur á klakastíflum, ekki síst þegar tekið er tillit til áforma um fleyta ís og krapa framhjá inntaki virkjunarinnar í farveginn neðan stíflu. Reikna verði með að klakastíflur myndist oft og bráðni seint.	Sjá viðbrögð við aths. nr. 22, 30, 80 og 154.	5.4.2
357	Vatnalíf	Hjördís Finnbogadóttir	Rennslitruflanir myndu örugglega spilla lífríki mjög og hugsanlega eyða því að mestu á þessum kafla.	Vísað er til viðbragða við atriðum nr. 31, 80 og 154.	5.4.6
358	Vatnalíf	Hjördís Finnbogadóttir	Án þessa vetrarskaða er áætlað í skýrslu Hafrannsóknarstofnunar að skerðing botnflatar á áhrifasvæði virkunar verði 48-58%.	Vísað er til viðbragða við aths. nr. 154. Miðað við tillögu að lágmarksrennsli sem kynnt er í frummatsskýrslu verður skerðing botnflatar um 40% á kafla með skertu rennsli. Nýtanlegur botnflötur til lífrænnar framleiðslu verður þó áfram um 60% af því sem nú er.	5.4.6
359	Ferðamennska og útivist, landnotkun	Hjördís Finnbogadóttir	Ímynd árinna muni líklega breytast og hafa neikvæð áhrif á sölu veiðileyfa að mati Hafrannsóknarstofnunar, sem sé mikilvægt því veiðimenn hafi verið verðmætustu gestir svæðisins undanfarin ár.	Vísað er til viðbragða við aths. nr. 25.	5.4.12, 5.4.13
360	Fuglar	Hjördís Finnbogadóttir	Vatnasvið Svartár og Suðurár hafi hátt verndargildi fyrir íslenska stofna húsanda og straumanda sem séu á valista og Íslendingar beri einnig alþjóðlega ábyrgð á. Góð grein sé gerð fyrir áhrifum á þessa stofna í sérfræðiskýrslu NNA um endur. Vatnasviðið sé öryggissvæði fyrir stofn húsanda.	Vísað er til svara við atriðum nr. 33-36, 38, 70 og 222.	5.4.5
361	Ferðamennska og útivist	Hjördís Finnbogadóttir	Framkvæmdir komi til með að hafa áhrif á akademíska ferðabjónustu í Svartárkoti sem telur sig ekki eiga neina samleið með virkunarframkvæmdunum.	Vísað er til viðbragða við atriði nr. 265. Framkvæmdirnar fela í sér nýtingu á vatnsauðlind og landi til endurnýjanlegrar orkuvinnslu með rennslisvirkjun, sem landeigendur eru samþykkir. Þeir sem koma að nýtingu og hugsanlegri uppbyggingu á menningarstarfsemi í Svartárkoti eru samkvæmt lýsingum einnig að nýta til þess svæði innan annarra jarða. Þá kynna þeir hugmyndir að uppbyggingu á annars konar starfsemi eða uppbyggingu gistirýma, m.a. á landi þeirra sem samþykkir eru orkuvinnslunni, sbr. fylgiskjöl með athugasemdum Verndarfélags Svartár og Suðurár. Með þessu væri menningarstarfsemin að setja kvaðir á nýtingu annarra jarða við Svartá.	5.4.12

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
362	Fornleifar	Hjördís Finnbogadóttir	Við fornleifaskráningu hafi fundist 45 minjastaðir sem teljast verði í stórhættu vegna framkvæmdanna. Væntanlega sé hægt í sumum tilvikum að koma í veg fyrir tjón með hliðrun en nokkrir þessara staða séu mjög merkilegir. Þar er nefndur kumlategur vestan við Halldórsstaði í Laxárdal og tóftir og túngarða í landi Víða á jarðstrengsleið að Laxá skv. kosti 1 og fornbýli með garðalögum við áformaðan aðrennslisskurð.	Ekki er lengur gert ráð fyrir að jarðstrengur í legu samkvæmt kosti 1 fari um land Halldórsstaða II þar sem kumlategurinn er, eins og fram kemur í kafla 5.4.7.3 í frummatsskýrslu, og einnig verður sveigt hjá öllum þekktum minjum og leitað samþykkis Minjastofnunar fyrir leiðavali. Reynt verður að raska sem minnstu af minjum á leið aðrennslispiðu (sem grafin verður ofan í skurð) og er leyfi Minjastofnunar forsenda fyrir öllu raski.	5.4.7
363	Almennt	Hjördís Finnbogadóttir	Spurt er hver líti eftir að skilmálum virkjanaleyfa sé fylgt.	Vísað er til viðbragða við aths. nr. 41.	
364	Almennt	Ólöf Þorvarðsdóttir	Mótmælir virkjun og gerir viðhengdar athugasemdir, ómerktar sem líklega eru ættaðar frá Verndarfélaginu eða veiðimönnum, Árna Einarssonar, Viðars Hreinssonar og Børre Skovin, að sínum.	Aths. kallar ekki á viðbrögð en vísað er til annarra svara.	
365	Ferðamennska og útivist, landnotkun	Þröstur Jónasson	Telur að koma hefði þurft fram að landeigendur á svæðinu sem á að virkja séu tengdir eða sinni jafnvel sjálfir ferðaþjónustu í Bárðardal. Mikið sé lagt í orð þeirra um að áhrif á rennsli muni ekki hafa áhrif á framtíðaruppbyggingu á veiði og tengdri ferðamennsku án þess að reifa þessi hagsmunatengsl. Í kafla 6.3 í skýrslu um áhrif virkjunar á ferðaþjónustu sé ekkert dregið fram af orðum veiðimanna en skv. þeim þá muni sala veiðileyfa minnka og jafnvel hverfa. Áhrif á ferðaþjónustu séu því vanmetin.	Fram kemur í frummatsskýrslu að landeigendur á svæðinu eru bæði vatnsréttar- og veiðiréttarhafar og allir vatnsréttarhafar í Svartá neðan Ullarfoss, sem er ófiskgengur, hafa gert samninga um virkjun. Viðkomandi aðilar hafa því gert samninga með fullri vitneskju um sína hagsmuni á báðum sviðum. Þá kemur fram í kafla 5.4.12.1 að þeir ferðaþjónustuaðilar sem séu jákvæðir séu þeir sem jafnframt eru veiðiréttarhafar og því ekki rétt að ekki sé fjallað um þessi hagsmunatengsl. Þó svo að tilteknir veiðimenn verði ekki eins áhugasamir um veiði á þessum stað eftir virkjun eins og fyrir þá er ekkert sem útilokar að það fyrirfinnist aðrir sem kunni að hafa áhuga á veiði við breyttar aðstæður.	3.1, 5.4.12, 5.4.14
366	Vatnafar	Þröstur Jónasson	Í Svartá hafi verið 2 litlar virkjanir þar sem vatni hafi verið veitt til þeirra með lóni og við þær báðar hafi uppsöfnun á krapa verið verulegt vandamál. Þótt ána leggi ekki þá myndist í henni krapastíflur sem hægi á rennsli vatnsins. Ekki sé skýrt frá því hvernig eigi að bregðast við því þegar krapa sé veitt niður í farveg neðan stíflu með minnkuðu rennsli sem geti ollið því að áin jafnvel frjósi og rennsli hætti neðar í	Sjá viðbrögð við aths. nr. 22, 30, 80 og 154.	5.4.2, 5.4.6

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
			farveginum með skelfilegum afleiðingum fyrir fiskistofna og annað lífríki.		
367	Almennt	Pröstur Jónasson	Telur að frummatsskýrslan vanmeti umhverfis- og samfélagsleg áhrif virkjunar og tekur undir athugasemdir sem Verndarfélag Svartár og Suðurár hefur skilað inn ásamt Ármönnum og sérstaklega athugasemdir Fuglaverndar.	Athugasemd kallar ekki á viðbrögð en vísað er til viðbragða við athugasemdum sem viðkomandi aðilar byggja á, sjá nr. 120-166 og 222-230. Betur hefði farið á því að veiðimannafélagið Ármenn hefði merkt sér greinargerð sem dreift var, eins og fram kemur í þessari athugasemd.	
368	Almennt	Gb B	Mótmælir virkjun vegna fjölbreytilegs lífríkis, linda og ósnortins víðlendis við hálendið. Með fylgir fylgiskjal Verndarfélags/Ármanna, Árna Einarssonar, Viðars Hreinssonar og Børre Skodvin.	Athugasemd kallar ekki á viðbrögð.	
369	Fuglar	Torfi Ólafur Sverrisson	Mótmælir hugmyndum um virkjun. Svartá og Suðurá séu með vatnsmestu lindám landsins og séu lífrík straumvötn. Vægi ána sé mikið fyrir straumönd og ekki sé rétt að taka áhættu á að raska eða eyðileggja varpsvæði hennar eða lífríki með virkjun.	Vísað er til viðbragða við aths. nr. 38 og 222.	5.4.5
370	Vatnafar	Torfi Ólafur Sverrisson	Miðað við upplýsingar í minnisblaði Hafrannsóknarstofnunar dags. 10.10.2016 sé óvissa um meðalrennsli Svartár. Ekki sé ljóst hvort hægt sé að tryggja lágmarksrennsli á virkjuðum hlutar ár. Líklegt sé að rennlistruflanir verði á virkjaða svæðinu vegna ís og krpa sem veitt verði í skert rennsli og einnig líkur á truflunum að vetri vegna áhrifa lofthita á hitastig árvatnsins neðan stíflu.	Í tilvitnuðu minnisblaði Hafrannsóknarstofnunar er miðað við meðalrennsli í Svartá skv. gögnum frá 2005-2013, sama rennsli og umfjöllun í frummatsskýrslu miðast við, 21,8 m <sup>3</sup> /s. Hægt er að tryggja ákveðið lágmarksrennsli svo lengi sem rennsli í ánni er jafnt og eða meira en lágmarksrennslið. Rennsli til virkjunar ræðst svo af því sem eftir stendur en fer ekki yfir 20 m <sup>3</sup> /s, sbr. viðbrögð við aths. 29. Fjallað er um áhrif frosta og krpa í viðbrögðum við aths. 22, 30, 80 og 154.	
371	Almennt	Pálmi Gunnarsson	Telur engar forsendur fyrir áframhaldandi virkjunarframkvæmdum í Svartá og sendir með athugasemdir Verndarfélagsins/Ármanna, Árna Einarssonar, Viðars Hreinssonar og Børre Skodvin.	Athugasemd kallar ekki á viðbrögð.	
372	Fuglar	Svanhildur Óskarsdóttir	Gerir athugasemdir við litla umfjöllun um gulönd og skilgreiningu á hvað þurfi til að fálki verði ekki fyrir truflun.	Vísað er til svara til atriði nr. 227.	5.4.5

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
373	Fuglar	Svanhildur Óskarsdóttir	Vísað til ábyrgðar Íslendinga á stofnum straum- og húsanda og mats á vægi áhrifa á þá. Gerð er athugasemd við skrif um að dreifing fugla geti breyst án áhrifa á stofna þeirra og spurt hversu mörgum fuglum á valista megi stefna í voða til að áhrifin vegi þungt í mati á umhverfisáhrifum.	Vísað er til svara við atriðum nr. 222, 70 og 37-38.	5.4.5
374	Almennt	Þórhallur Óskarsson	Mótmælir fyrirhuguðum virkjunaráformum á náttúruverlu Svartár.	Athugasemd kallar ekki á viðbrögð.	
375	Fuglar	Þuríður Jónasardóttir	Lýsir andstöðu við virkjun Svartár og Suðurár. Húsönd og straumönd verpi við Svartá og þær verpi aðeins við lindarvötn, líkt og Svartá, Mývatn og Laxá. Íslenski stofninn muni líklega minnka talsvert ef virkjun verði að veruleika.	Vísað er til svara við atriðum 33-35, 38 og 222.	5.4.5
376	Ferðamennska og útivist	Þuríður Jónasardóttir	Svartá sé eftirsótt veiðisvæði fyrir silung, bleikju og urriða sem séu nokkrir aðskildir stofnar. Hópur af veiðimönnum komi árlega frá Norðurlöndunum og dvelji í nokkrar vikur og skapi atvinnu í dalnum. Ef af virkjun verði sé líklegt að veiðimennirnir hætti að láta sjá sig.	Vísað er til svara við atriði nr. 25.	5.4.12
377	Vatnafar	Þuríður Jónasardóttir	Hvergi komi fram í frummatsskýrslu hvernig tryggja skuli að hólmar þessir verði umflotnir vatni svo gróðurfar hljóti ekki skaða af.	Sjá svör við athugasemdum nr. 82 og 158.	5.4.2
378	Vatnalíf	Þuríður Jónasardóttir	Hólmarnir séu eitt mikilvægasta hrygningarsvæði urriðastofnsins neðan Ullarfossar og muni það hverfa sé erfitt að segja til um afleiðingar fyrir urriðastofninn í Svartá.	Ekki er talið að hrygningarsvæði á svokölluðu hólmasvæði muni hverfa þar sem ákveðnu lágmarksrennsli viðhaldið í farvegi neðan stíflu að frárennsli virkjunar, en rennsli neðan ármóta Grjótár og Svartár verður rúm 20% af meðalrennsli.	5.4.6
379	Almennt	Haukur Harðarson	Telur að náttúran eigi að njóta vafans og að engar óbyggjandi rannsóknir liggi að baki þeim gögnum sem viðkomandi hafi séð um áhrif fyrirhugaðrar virkjunar. Verið sé að sneiða hjá fullkomnu umhverfismati með því að hafa stærð virkjunar undir 10 MW.	Ekki er ljóst hvað átt er við með óbyggjandi rannsóknnum en talsverðar rannsóknir hafa einmitt farið fram. Mat á umhverfisáhrifum sem þessar athugasemdir eru hluti af, verður seint fullkomið.	

Nr.	Flokkur	Aðili	Atriði	Viðbrögð	Kafli
380	Almennt	Haukur Harðarson	Raktar eru minningar frá því að rannsóknir fóru fram í tengslum við hugmyndir um að veita Suðurá í Svartárvatn til að veita áfram til Laxárvirkjunar, sem kennt hafi verið við langstærsta drauminn (LSD). Telur að verið sé að endurvekja Laxárdeiluna með sprengingu í Miðkvísl Laxár og öllu því sem á eftir fór.	Aðrar heimildir benda til þess að Langstærsti draumurinn hafi falið í sér svokallaða Austurlandsvirkjun með virkjun Jökulsár á Fljótsdal, Jökulsár á Brú og jafnvel Jökulsár á Fjöllum. Enn er vísað til aðgerða undir lok Laxárdeilunnar svokölluðu.	
381	Ferðamennska og útivist	Hildur, Rannveig og Sigrún Káradætur, Haukur Harðarson	Telja Svartárgilið koma á eftir Aldey og Aldeyjarfossi sem mesta djásn náttúrunnar á þessu svæði.	Í umfjöllun um áhrif framkvæmdanna á ferðamennsku og útivist kemur fram að Svartá hafi mikið gildi fyrir náttúruferðamennsku og útivist.	5.4.12
382	Vatnalíf	Hildur, Rannveig og Sigrún Káradætur, Haukur Harðarson	Telja frá reynslu sinni af veiði í barnæsku að skilyrði til hrygningar séu ákjósanleg á Hólmasvæðinu og að þar og neðar við ána að ármótum við Skjálfafljót hafi veiðst vænstu silungarnir.	Vísað er til viðbragða við athugasemdum nr. 160 og 378.	5.4.6
383	Ferðamennska og útivist	Hildur, Rannveig og Sigrún Káradætur, Haukur Harðarson	Framkvæmdir geti gert út af við menningarstarfsemi sem rekin hafi verið í Svartáarkoti með alþjóðlegu náttúrusetri.	Vísað er til viðbragða við atriðum nr. 265 og 361.	5.4.12